allt
Páll Dagbjartur Sigurðsson:
*Jeppanum fylgir frelsi*
• bílar
Í MIÐJU BLAÐSINS


Valur Gunnarsson:
*Jarðaði tuttugu Bubbaplötur*
• sigur jakkalakka yfir gúanórokkaranum
SÍÐA 54


uppgrip fyrir þig
Uppgripstilboð
Sérbakað vínarbrauð & kaffi 209 kr.
olís


FRÍTT
# FRÉTTABLAÐIÐ
5. mars 2005 – 62. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

LAUGARDAGUR



**SEGIST IÐRAST** Hákon Eydal sagðist iðrast þess að hafa myrt Sri Rahmawati. Saksóknari sagði Hákon hafa sýnt litla iðrun og krefst hámarksrefsingar. **Sjá síðu 10**

**VATNSORKUVER MENGA** Ný rannsókn bendir til að úr uppistöðulónum Vatnsorkuvera geti streymt meira magn gróðurhúsalofttegunda en kolaorkuver framleiða. **Sjá síðu 2**

**IDOL VINSÆLAST** Idol-stjörnuleit er vinsælasta sjónvarpsefni landsins, samkvæmt nýrri fjölmiðlakönnun IMG Gallup. Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið. **Sjá síðu 4**

**BARIST GEGN FUGLAFLENSU** Hafin er vinna tveggja ráðuneytisstjóra til að verja Ísland gegn fuglaflensufaraldri. Nægt bóluefni er grundvallaratriðið í baráttunni gegn vágestinum. **sjá síðu 6**

VEÐRIÐ Í DAG




**SÚLD EÐA RIGNING VESTAN** tIL Nokkuð bjart á austurhelmingi landsins. Hiti 5-10 stig á láglendi. **Sjá síðu 4**

DAGURINN Í DAG



**KA Í BREIÐHOLTIÐ** Tveir leikir verða í DHL-deild karla í dag. Klukkan 14.15 tekur ÍR á móti KA og klukkan 15 sækja Haukar lið ÍBV heim.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 46 | Myndlist | 45 |
| Tónlist | 44 | Íþróttir | 36 |
| Leikhús | 45 | Sjónvarp | 46 |


**Dagblaðalestur á laugardögum***




*Landið allt skv. fjölmiðlakönnun Gallups, feb. 2005.

# Rottur seldust strax

**Ný tegund gæludýra, rottur, er að nema land hér. Þrettán rottuungar í ræktunarbúi á Álftanesi seldust strax eftir fæðingu. Ræktandinn annar ekki eftirspurn. Gælurotturnar á Álftanesi eru innfluttar frá Danmörku, en rottur eru ræktaðar víða um lönd.**

**GÆLUDÝR** Ung kona á Álftanesi heldur óvenjuleg gæludýr, fimm fullorðnar rottur. Tvær þeirra felldu hugi saman og í fyllingu tímans fæddust þrettán ungar. Þeir eru nýbúnir að opna augun og rétt svo farnir að taka sín fyrstu skref.

Kristbjörg Sara Thorarensen, sem á rotturnar, flutti þær inn frá Danmörku í ágúst. Þær eru úr góðri ræktun, en víða um lönd hafa rottur lengi verið ræktaðar sem gæludýr og mikið vandað til þess. Gælurotturnar hafa þróast út frá þeim villtu í tímans rás og stofnarnir eru nú orðnir gjöró-líkir.

„Það er búið að rækta ýmsar tilhneigingar villtra dýra úr þeim svo sem grimmdina,“ sagði Kristbjörg Sara. „Það er margt svipað með þeim og hundum og annað sem svipar til katta. Þær þurfa til dæmis að kynnast fólki og samþykkja það áður en hægt er að taka þær upp. Þá þefa þær af viðkomandi og viðurkenna hann. Ég er með þær allar á gólfinu hjá mér núna. Ef ég kalla í þær þá koma þær þjótandi. Þær eru miklar félagsverur, skemmtilegar og forvitnar.“

Kristbjörg Sara sagði að það þurfi að gefa rottunum góðan tíma á degi hverjum.

„Þær eru svo rosalega klárar, að þær þurfa talsverða örvun. Þess vegna er gott að hafa tvær saman, af sama kyni auðvitað, svo þær fái félagsskap hvor af annarri. Ég hleypi þeim út í klukkutíma, einn og hálfan á dag. Svo eru þær hlaupandi innan á mér og leika sér þegar ég er að horfa á sjónvarp.“

Rottukallarnir geta orðið um 600 grömm að þyngd en kerlingarnar nær helmingi léttari. Rotturnar hafa skýra goggunarröð í sínum hópi. Kristbjörg Sara sagði það greinilegt hvaða rotta væri „svölust“ og hefði forystuna fyrir hópnum. Þá væru rotturnar mjög ólíkar í sér. Hún sagði mikla eftirspurn eftir rottuungum, sem hún kvaðst selja á 2-3 þúsund krónur stykkið. Hún hefði getað selt mun fleiri en þessa þrettán.

jss@frettabladid.is



**RÆKTANDINN** Kristbjörg Sara Thorarensen með Iliu mömmu undir vanganum. Kristbjörg Sara segir rotturnar mjög klárar og þurfa talsverða örvun.



**TILÞRIF** Mamman þreif í ungana og flutti þá til ef þeir voru eitthvað að óþekktast.



**ROTTUMAMMA** Rottan Chirie's Ilia, ásamt ungunum sínum þrettán.

Samkomulag ríkis og borgar:

# Reykjavíkurflugvöllur fari í áföngum

**VATNSMÝRI** Ríkisstjórnin mun fjármagna lagningu Hlíðarfótarvegar í Vatnsmýri og einni flugbraut Reykjavíkurflugvallar verður lokað strax á þessu ári. Þetta kemur fram á minnisblaði samgönguráðherra og borgarstjóra um málefni flugvallarins og fyrirhugaðrar samgöngumiðstöðvar sem undirritað var fyrir þremur vikum.

Á minnisblaðinu koma fram forsendur samkomulags ríkis og borgar. Þar er bókað að með byggingu miðstöðvarinnar sé ekki tekin afstaða til framtíðar flugvallarins.

Þar er auk þess gert ráð fyrir að NA/SV flugbrautinni á Reykjavíkurflugvelli verði lokað á þessu ári og að ríkið fjármagni nýjan Hlíðarfótarveg sem leggja verður vegna miðstöðvarinnar.

Að undanförnu hefur starfshópur unnið að tillögum um samgöngumiðstöðina og var skýrsla hans kynnt í ríkisstjórninni í gær.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri segir að samkomulagið þýði að loks hafi verið höggvið á hnútinn á milli ríkis og borgar í flugvallarmálinu. „Það er mín skoðun að flugvöllurinn verði ekki þarna til eilífðarnóns og ég vonast til að með samkomulaginu hafi hopun vallarins verið flýtt og hann fari í áföngum.“

- shg

Björn Hlynur Haraldsson leikari loks í viðtali:
*Mamma er orðin ýmsu vön*
SÍÐA 28


Mál Michael Jackson:
*Mjólk og smákökur eða vodka og klám*
SÍÐUR 34 & 35


INTER SPORT
Húsgagnahöllinni • Smáralind • Selfossi



## SPURNING DAGSINS

*Georg, er ekki málið að Gæslan fái sér metanskip?*

**„Það vaknar spurningin hvort Færeyingar selji metan.“**

Skip Landhelgisgæslunnar kaupa eldsneyti í Færeyjum þar sem miklu munar á verði á Íslandi og þar. Einnig stendur fyrir dyrum að Gæslan fái nýtt skip í flotann. Georg Lárusson er forstjóri hennar.

Ný rannsókn á uppistöðulóni í Brasilíu:

# Vatnsorkuverin geta líka mengað

**UMHVERFIÐ** Vatnsorkuver eru ekki eins umhverfisvæn eins og menn gjarnan telja. Ný rannsókn bendir til að úr uppistöðulónum þeirra geti streymt meira magn gróðurhúsalofttegunda en kolaorkuver framleiða. Slíkar lofttegundir eru taldar valda hlýnun jarðar.

Í danska blaðinu Politiken í vikunni er greint frá rannsóknum vísindamanna á uppistöðulóni raforkuvers í Brasilíu. Þegar stífla þess var reist fór stórt svæði sem hulið var gróðri undir vatn. Þegar kolefnisríkur gróðurinn rotnaði í vatninu stigu kynstrin öll af koltvísýringi og metangasi upp á yfirborðið og blandaðist andrúmsloftinu, jafnvel meiri en kola- og olíuorkuver af svipaðri stærð framleiða. „Allir halda að vatnsorka sé mjög hreinn orkugjafi en það er ekki tilfellið,“ sagði Éric Duchemin, ráðunautur hjá Sameinuðu þjóðunum um niðurstöður rannsóknanna.

Íslensk uppistöðulón eru að jafnaði mynduð á gróðursnauðari svæðum en brasilísk lón og því má ætla að ekki streymi gróðurhúsalofttegundir í jafn ríkum mæli úr þeim. **- shg**



**LÓNIN GETA MENGAÐ**
Rotinn gróður á botni uppistöðulóna losar koltvísýring og metan. Ekki er þó mikill gróður undir Blöndulóni sem hér sést.

Árekstur á blindhæð:

# Tvítugur maður lést

**BANASLYS** Tvítugur maður lést í árekstri tveggja bíla skammt frá Kópaskeri á fimmta tímanum í gær. Hann var einn í bílnum en tveir menn voru í hinum bílnum. Var annar þeirra sendur í skoðun á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri vegna meiðsla í hálsi en hinn farþeginn slapp með skrámur.

Áreksturinn varð við blindhæð á malarvegi en að sögn lögreglunnar á Húsavík er ekki mikið um slys á þessum stað. Aðstæður voru einnig með besta móti svo erfitt er að segja til um hvað olli slysinu. **- jse**

# Hræðilegt að sitja og bíða

**Flugmaður færeysku Sjóbjörgunarsveitarinnar fannst hræðilegt að bíða aðgerðalaus í björgunarþyrlu eftir skipun um að fara til bjargar áhöfninni á Jökulfelli. Skipunin kom tveimur klukkustundum eftir að fyrsta neyðarkallið barst.**

**SJÓSLYS** „Við eigum þyrlu sem við keyptum fyrir um það bil einn og hálfan milljarð íslenskra króna og ég veit að hún hefur verið send út þegar skip hafa misst út neyðarbauju. En fyrst hún var ekki send út eftir sökkvandi skipi þá skil ég ekki hvað við höfum með hana að gera,“ sagði Torbjörn Jacobsen, þingmaður færeysku stjórnarandstöðunnar, en hann fór fyrir hópi þingmanna sem hefur kröfðust opinberrar rannsóknar á vinnubrögðum Sjóbjörgunarsveitarinnar. Jökulfellið sökk út af Færeyjum 7. febrúar síðastliðinn. Fjórir eistneskir sjómenn fórust með skipinu.

Í framhaldi af því komust Björn Kalsøe, sjávarútvegsráðherra Færeyja, og Djóna Weihe, yfirmaður Sjóbjörgunarsveitar Færeyja, að þeirri niðurstöðu að best væri að Djóna yrði leistur frá störfum meðan á rannsókninni stæði. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær liðu tvær klukkustundir frá því að neyðarkall barst frá Jökulfelli og þar til björgunarþyrlan var send út. Í umræðum á lögþinginu í gær kom fram að skipunin um að senda þyrluna á vettvang kom ekki frá yfirmanni Sjóbjörgunarsveitarinnar heldur frá skipstjóranum á varðskipinu Vædderen. Þetta er haft eftir færeyska dagblaðinu Dimmalætting í gær.



**SKIPBROTSMENN KOM TIL FÆREYJA**
Þeir fimm skipverjar sem lifðu af komu til Þórshafnar með danska varðskipinu Vædderen 9. febrúar. Fjórir menn fórust þegar Jökulfellið sökk.

Fyrsta tilkynningin barst Sjóbjörgunarsveitinni frá neyðarbauju úr Jökulfelli en síðar barst þeim neyðarkall sem fór í gegnum Aberdeen í Skotlandi. Þá reyndi Sjóbjörgunarsveitin að ná sambandi við áhöfnina á Jökulfelli í farsíma en án árangurs.

Færeyska dagblaðið Sosialurin talaði í gær við flugmann björgunarþyrlunnar sem sagði það hafa verið hræðilega tilfinningu að sitja aðgerðalaus og bíða eftir skipun eftir að neyðarköllin höfðu borist. **- jse**

Sendinefnd Fischers:

# Flugmiðinn fenginn

**FISCHER-MÁLIÐ** Stuðningsmenn Fischers efndu til blaðamannafundar í Tókýó í gær. Þar kom fram að íslenska sendiráðinu í Tókýó hefur verið sent svar við fyrirspurn íslenskra stjórnvalda, sem segir til um með hvaða hætti best sé að koma vegabréfi Bobby Fischer til hans, án þess að íslensk stjórnvöld skipti sér af japönskum innanríkismálum.

Þá kom fram að stuðningsmenn Fischers hafa keypt handa honum opinn flugmiða og vonast til að hann fái að koma til Íslands fyrir sextíu og tveggja ára afmælisdag sinn á miðvikudaginn. **- ss**

Forstjóri Eimskipafélagsins:

# Sakaður um trúnaðarbrot

**VIÐSKIPTI** Fyrrum eigendur hollenska skipafélagsins Geest North Sea Line sem Samskip hafa keypt, hugleiða lagalegar aðgerðir vegna þess sem þeir telja trúnaðarbrot í yfirlýsingum forstjóra Eimskipafélagsins.

Haft var eftir Baldri Guðnasyni, forstjóra Eimskipafélagsins að félagið hefði hugleitt kaup á Geest, en horfið frá því vegna verðsins sem var að hans sögn 3,5 milljarðar kr.

Fyrrum eigendur harma ummæli Baldurs og segja rangt sem gefið var í skyn að félögin hefðu átt í alvarlegum viðræðum um kaup. Þeir segja viðbrögð forstjórans lykta af því að hann kunni ekki að tapa. **- hh**

## MIÐ-AUSTURLÖND

**HERSVEITIR KALLAÐAR HEIM** Fastlega er búist við því að Assad Sýrlandsforseti tilkynni í dag að hersveitir Sýrlendinga verði senn kallaðar heim frá Líbanon. Alþjóðasamfélagið hefur þrýst á Sýrlendinga að draga 15.000 manna herlið sitt frá landinu.



**FLAK EFTIR BRUNANN**
Lögreglumenn rannsaka flak bílsins sem varð eldi að bráð snemma í gærmorgun.

Kviknaði í bíl eftir árekstur:

# Ökumaður stakk af

**LÖGREGLA** Vegfarandi sem átti leið um Hverfisgötuna í gærmorgun sá að kviknað hafði í bíl sem lá upp við vegkantinn og tilkynnti hann það Slökkviliðinu sem kom á vettvang innan fárra mínútna.

Ökumaðurinn sást hins vegar leggja á flótta og var ófundinn þegar Fréttablaðið hafði samband við lögregluna. Ökumaðurinn hafði keyrt niður tvær veggrindur áður en hann stöðvaði bílinn og leikur grunur á að hann hafi verið ölvaður. Ekki er ljóst hvað olli því að það kviknaði í bílnum en hugsanlega hefur bensín farið í púströrið við áreksturinn eða kviknað í út frá rafmagni. Bíllinn er gjörónýtur. **- jse**

Afríka árið 2025:

# 90 milljónir HIV-smitaðar

**ADDIS ABABA, AP** Meira en 80 milljónir Afríkubúa gætu dáið úr alnæmi fyrir árið 2025 ef ekki verður brugðist strax við þeim vanda sem að álfunni steðjar. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Sameinuðu þjóðanna sem gefin var út í gær.

Skýrsluhöfundar segja að tíundi hver Afríkubúi, eða níutíu milljónir manna, muni ganga með HIV-veiruna árið 2025 miðað við stöðuna í dag. Þegar eru 25 milljónir manna smitaðir af veirunni í álfunni, eða tæplega hundrað sinnum fleira fólk en íslenska þjóðin telur. ■






Tvær konur í stjórn Burðaráss:

# Skipafélagsbréf í arð við skráningu

**VIÐSKIPTI** Til greina kemur að hluthafar Burðaráss fái bréf í Eimskipafélaginu í arð þegar félagið verður skráð á markað. Þetta kom fram í ræðu Björgólfs Thors Björgólfssonar, stjórnarformanns Burðaráss í ræðu á aðalfundi félagsins. Eimskipafélagið er að fullu í eigu Burðaráss. Björgólfur segir að slík ráðstöfun myndi stuðla að meiri dreifingu hlutafjár og betri verðmyndun á bréfum skipafélagsins á markaði eftir skráningu.

Yfirlýst stefna eiganda Eimskipafélagsins er að skrá félagið á markað. Burðarás skilaði methagnaði á síðasta ári og hrinti í framkvæmd nýrri stefnu í fjárfestingum með áherslu á erlendar fjárfestingar.

Félagið hefur bæði horft til skammtímafjárfestingar eins og í breska bankanum Singer and Friedlander og langtímafjárfestingar svo sem í sænska sjóðnum Carnegie.

Björgólfur varaði við því að velgengni í efnahagslífinu slævði vitund manna. „Enn er ríkisrekstur alltof umfangsmikill hér á landi og eftirlitskúltúrinn hreiðrar um sig og sáir í huga almennings vantrausti á atvinnulífið,“ sagði Björgólfur Thor.

Ein breyting varð á stjórn Burðaráss. Þór Kristjánsson fór úr stjórninni og inn í hans stað kom Kristín Jóhannesdóttir og sitja nú tvær konur í fimm manna stjórn Burðaráss. **- hh**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**METÁR AÐ BAKI**
Friðrik Jóhannsson forstjóri Burðaráss og Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður gerðu upp metár á aðalfundi félagsins. Stjórn félagsins hugleiðir að láta hluthafa fá bréf í Eimskipafélaginu við skráningu þess á markað.



# Tískudagar

**3. - 13. mars**

Verslanir fullar af glæsilegum, nýjum vor- og sumarvörum!

**Opið 10-18 í dag**

**Dagskrá á Kringlutorgi**

**Kl. 14.00, 14.30 og 15.00** – Danstískusýning frá eX

**Kl. 16.00** – Múlan Rús, söngleikur nemendafélags FG

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Verslanir | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| Ævintýraland | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |

**Veitingastaðir** og **Kringlubíó** eru með opið lengur á kvöldin.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS KRI 27584 03/2005

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 04.03.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 60,64 | 60,92 |
| Sterlingspund | GBP | 115,66 | 116,22 |
| Evra | EUR | 79,54 | 79,98 |
| Dönsk króna | DKK | 10,68 | 10,75 |
| Norsk króna | NOK | 9,67 | 9,73 |
| Sænsk króna | SEK | 8,79 | 8,85 |
| Japanskt jen | JPY | 0,58 | 0,58 |
| SDR | XDR | 92,30 | 92,86 |

*Gengisvísitala krónunnar*
**109.27 -0,25%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Meintir ódæðismenn frá Beslan:

# Fjórir handteknir og fimm felldir

**RÚSSLAND, AP** Fimm manns féllu og fjórir voru handteknir í áhlaupi rússneskra lögreglusveita gegn hópi fólks sem grunað er um aðild að gíslatöku og morðum í barnaskóla í Beslan í Norður-Ossetíu síðastliðið haust. 330 týndu lífi í Beslan, mest skólabörn.

Nikolai Shepel, saksóknari í borginni Rostov, skýrði frá þessu í gær en vildi hvorki segja hvar né hvenær áhlaupið fór fram. Þeir sem voru handteknir eru grunaðir um að hafa undirbúið gíslatökurnar en sjálfir gíslatökumennirnir féllu flestir í umsátrinu á sínum tíma. Hinir handteknu eru einnig grunaðir um að hafa sprengt upp lögreglustöð í Ingúsetíu í fyrrasumar þar sem 90 fórust.

Reiði og óþolinmæði í garð yfirvalda fer vaxandi á meðal almennings í Rússlandi vegna þess hve langan tíma hefur tekið að upplýsa harmleikinn í Beslan. Margir telja að stjórnvöld reyni að breiða yfir hversu auðveldlega ódæðismönnunum tókst að smygla vopnum og sprengjum til Beslan. Tsjetsjenski aðskilnaðarsinninn Shamil Basajev gengur enn laus en hann er talinn hafa skipulagt voðaverkið. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**ÓÞREYJAN FER VAXANDI**
Íbúar Beslan mótmæltu í vikunni seinagangi lögreglunnar í Moskvu og kröfðust afsagnar Pútíns Rússlandsforseta.

Landhelgisgæslan:

# Vélakostur endurnýjaður

**LANDHELGISGÆSLAN** Ríkisstjórnin samþykkti í gær að skip og flugvélar Landhelgisgæslu Íslands yrðu endurnýjuð .

Má reikna með að rétt um tvo milljarða kosti að endurnýja flotann með þeim kröfum sem gerðar eru til getu hans, samkvæmt útreikningum Landhelgisgæslunnar.

Fulltrúum dóms- og kirkjumálaráðherra og fjármálaráðherra verður falið að gera tillögur um kaup eða leigu á fjölnota varðskipi og eftirlitsflugvél en lokaákvörðun er í höndum ríkisstjórnarinnar. **- gag**

Stórabelti:

# Skip sigldi á brúna

**SJÓSLYS** Mannskaði varð þegar danskt flutningaskip sigldi á brúna yfir Stórabelti á fimmtudaginn. Loka varð brúnni vegna slyssins og varð nokkur töf á samgöngum á milli Fjóns og Sjálands fyrir vikið. Brúin var svo opnuð aftur síðdegis í gær.



MYND/AP

**MIKLAR SKEMMDIR**
Stýrimaður skipsins beið bana við áreksturinn.

Við áreksturinn rifnaði brú skipsins nánast af. Stýrimaður skipsins var einn í brúnni og beið hann bana en aðrir skipverjar sluppu með skrámur.

Talsmenn siglingamályfirvalda á svæðinu viðurkenndu í samtali við Jyllandsposten í gær að mannleg mistök hafi ráðið því að ekki var gripið inn í fyrr en of seint. ■

Vélsleðamaður slasaðist:

# Þyrlan var kölluð til baka

**SLYS** Þyrla landhelgisgæslunnar var kölluð út um hádegi í gær eftir að tilkynnt hafði verið um að breskur ferðamaður hefði í vélsleðaslysi skammt frá Dettifossi.

Þegar björgunarsveitir komu að manninum ásamt lækni var sú ákvörðun tekin að senda þyrluna til baka aftur þar sem maðurinn reyndist ekki alvarlega slasaður. Í upphafi var þó ekki á annað hættandi en að senda þyrluna norður því hvorki lögregla né björgunarsveitir höfðu komist í samband við menn á slysstað. Ferðamaðurinn reyndist vera illa meiddur á hendi og kom til byggðar í fylgd björgunarsveitarmanna. **- jse**

# Stjörnuleitin slær í gegn

## Idol-stjörnuleit er vinsælasta sjónvarpsefni landsins, samkvæmt nýrri fjölmiðlakönnun IMG Gallup sem gerð var í febrúar. Fréttablaðið er enn mest lesna dagblað landsins. Lestur á DV eykst um tæp fjögur prósentustig.

**KÖNNUN** Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins samkvæmt nýrri könnun IMG Gallup. Að meðaltali lesa 67,1 prósent blaðið daglega sem er örlítið minni lestur en í könnun Gallups frá nóvember á síðasta ári.

Samkvæmt könnuninni lesa 51,9 prósent Morgunblaðið daglega en í síðustu könnun var það hlutfall 49,4 prósent. Hástökkvari dagblaða er DV, en nú lesa 20,1 prósent landsmanna blaðið daglega en samkvæmt síðustu könnun voru það 16,7 prósent.

Vinsælasti frumsýndi sjónvarpsþátturinn í febrúar var Idol-stjörnuleit, sem sýnd er á Stöð 2. Rétt tæplega helmingur þjóðarinnar fylgdist með. Í nóvember þegar síðasta könnun var gerð, voru það 43,3 prósent landsmanna sem horfðu á Idol en nú eru það 49,5 prósent. „Að vinsælasta sjónvarpsefnið sé sent út í læstri dagskrá, það hlýtur að vera óvanalegt,“ segir Heimir Jónasson, dagskrárgerðarmaður á Stöð 2. Hann segir jafnframt að með þessari könnun sé brotið blað í íslenskri sjónvarpssögu. Aldrei fyrr hafi heildaráhorf á Stöð 2 verið svona mikið, sem komi til vegna samspils frábærrar dagskrár og góðrar markaðssetningar.

Það er fyrrum langvinsælasti sjónvarpsþátturinn, Spaugstofan, sem nú er í öðru sæti. Nú er það 48,6 prósent sem horfa á Spaugstofuna, en í síðustu könnun 59,1 prósent. Þá minnkar áhorf á þættinum Laugardagskvöld með Gísla Marteini. Nú horfa 39,3 prósent á þáttinn, en voru 53,9 prósent.

Fréttir Ríkissjónvarpsins hafa sama áhorf og í nóvember, 43,3 prósent. En áhorf á fréttir Stöðvar 2 hefur dalað lítillega, úr 34,4 í 33,5 prósent nú.

Vinsælasti þátturinn á Skjá einum var Innlit-útlit, og mældist hann með 20,6 prósenta áhorf.

Í könnuninni var fólk spurt hvort það hefði haft frían aðgang að fjölmiðlum í vikunni sem könnunin var gerð. Alls sögðust 6,9 prósent hafa fengið Morgunblaðið frítt. Þá sögðust 10,3 prósent hafa fengið DV frítt. 3,8 prósent sögðust hafa fengið Stöð 2 frítt og 1,6 höfðu fengið Sýn frítt.

Könnun Gallups var dagbókarkönnun sem gerð var dagana 4. til 10. febrúar. Í úrtaki voru 1.266 Íslendingar á aldrinum 12 til 80 ára, valdir með tilviljunaraðferð úr þjóðskrá. Nettósvarhlutfall var 63,3 prósent. **svanborg@frettabladid.is**

**TÍU VINSÆLUSTU SJÓNVARPSÞÆTTIRNIR**

| Þáttur | Sjónvarpsstöð | Áhorf |
|---|---|---|
| Idol-stjörnuleit | Stöð 2 | 49,5 |
| Spaugstofan | Rúv | 48,6 |
| Idol-stjörnuleit símakosning | Stöð 2 | 44,3 |
| Fréttir | Rúv | 43,3 |
| Laugard.kv. með Gísla Marteini | Rúv | 39,3 |
| Örninn | Rúv | 35,3 |
| Fréttir | Stöð 2 | 33,5 |
| Gettur Betur | Rúv | 32,2 |
| Kastljós | Rúv | 27,5 |
| Ragnar í Smára | Rúv | 27,5 |

HEIMILD: FJÖLMIÐLAKÖNNUN IMG GALLUP FEBRÚAR 2005




**ÖFLUGUSTU FJÖLMIÐLARNIR**
Fréttablaðið er enn öflugasti fjölmiðill landsins en 67 prósent landsmanna lesa blaðið að jafnaði. Áhorf beggja sjónvarpsstöðvanna eykst. Áhorf Sjónvarpsins eykst um fimm prósentustig og áhorf Stöðvar 2 eykst um sjö prósentustig.



**BÍLL Í DYRAGÆTTINNI**
Bíllinn er stórskemmdur og einnig eru nokkrar skemmdir á húsinu.

Missti stjórn á bíl:

# Ók nánast inn í hús

**LÖGREGLUMÁL** Ökumaður missti stjórn á bíl sínum á Laugaveginum um kvöldmatarleytið í gær. Hann ók á handrið og þaðan kastaðist bíllinn í kyrrstæðan bíl og nánast inn í hús við Laugaveginn. Mildi þykir að engin slys hafi orðið á fólki.

Að sögn lögreglu er ekki vitað hvað olli slysinu. Maðurinn var hvorki undir áhrifum áfengis né annarra vímuefna. Bíll ökumannsins er stórskemmdur sem og kyrrstæði bíllinn. Einnig sér nokkuð á húsinu. Bíllinn var dreginn í burtu með kranabíl. **- th**

## NORÐURLÖND

**RÁÐIST Á PILT MEÐ RAKVÉLARBLÖÐUM** Fjórtán ára piltur í bænum Ystad í Svíþjóð varð fyrir fautalegri líkamsárás í gærmorgun þegar nokkrir jafnaldrar hans réðust að honum með rakvélarblöðum og skáru hann illa. Að sögn Aftonbladet höfðu árásarmennirnir smápeninga upp úr krafsinu auk jakka fórnarlambsins.

**DYRABJÖLLUAT Í BUVIKÅSEN** Fjölskyldu í Buvikåsen í Noregi brá í brún í vikunni þegar dyrabjöllunni var ítrekað hringt snemma morguns. Enginn var sjáanlegur þegar fjölskylduфaðirinn lauk upp dyrunum en hins vegar mátti sjá spor eftir spaugsaman elg sem þarna hafði gert dyrabjölluat.




## Veðrið

**ER ALLTAF BESTA VEÐRIÐ FYRIR AUSTAN?**
Svarið við þessu er auðvitað NEI. Hins vegar þegar vindar eru vestlægir líkt og nú er ekki óalgengt að Austlendingar mali okkur borgarbúana, í það minnsta er varðar sólina. Og sú staða er einmitt nú. Þeir fá flottasta veðrið næstu daga, milt og sól að miklu leyti. Það er því ekki nóg með að hjá þeim séu mestu framkvæmdir Íslandssögunnar, heldur fá þeir líka að vera sólarmegin í tilverunni í fyllstu merkingu þess orðs. Góðir!!



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Um hádegi í dag




### Á morgun




Víðast fremur hægur vindur, síst þó með Norðurströndinni. Hætt við súld vestan til.

### Mánudagur




Víðast fremur hægur vindur. Hætt við dálítilli súld eða rigningu vestan til.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | -1°C skýjað | París | 4°C léttskýjað | Torrevieja | 16°C léttskýjað |
| Osló | -1°C skýjað | Prag | -3°C alskýjað | Róm | 10°C skýjað |
| Stokkhólmur | -3°C heiðskírt | Amsterdam | 1°C skýjað | New York | 4°C léttskýjað |
| London | 3°C slydda | Varsjá | -1°C skýjað | Miami | 25°C skýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.




**Innimálning, Jotun, 10 ltr.**
Hefðbundin plastmálning á stofur og herbergi, gljástig 7.
7119866-74

## Fallegar flísar á frábæru verði




**Gólfflísar 20x20 sm**
**Petra Marron**
8600013




**Málningarrúlla**
24 sm



**Gólfflísar 30x30 sm**
**Pietra Serena**, frostþolin. Tilvalin á bílskúrinn og svalirnar.
8630030
**1.690 kr/m²**




**Náttúrusteinn**
**Mustang**, 30x60 sm.
8700070




**Fínspartl**
**Jotun, 3 ltr.**
7111004

**30% afsláttur**
**Af listum og myndaflísum**



**Veggflís, Dublin**
Hvít, glans, 20x25 sm.
8611000
Verð áður 1.690kr/m²
**1.290 kr/m²**

# Málningar- og gólfefnadagar
## allt að 40% afsláttur



**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál



## KJÖRKASSINN

*Hefurðu farið á skíði í vetur?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 12% |
| Nei | 88% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er rétt hjá Landhelgisgæslunni að kaupa olíu í Færeyjum?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Jórdanski hryðjuverkamaðurinn Abu Musab al-Zarqawi:

# Gefur út áróðursrit á netinu

**BAGDAD, AP** Samtök jórdanska hryðjuverkamannsins Abu Musab al-Zarqawi hafa hafið útgáfu tímarits á netinu til að afla sér fleiri fylgismanna svo að hreinsa megi Írak af „trúleysingjum og fráfellingum.“

Tímaritið kom út tveimur dögum eftir að samtök Zarqawis lýstu yfir ábyrgð á sprengjutilræðinu í Hillah þar sem 127 manns fórust. Mikið er mikið lagt í hönnun þess og útlit og gefur það að líta ýmiss konar greinar og ávörp, meðal annars eftir Osama bin Laden, leiðtoga Al Kaída. Þar eru súnnímúslimar hvattir til að taka höndum saman og heyja heilagt stríð gegn „trúleysingjum og fráfellingum sem leggja lönd múslima undir sig.“

Bandarískur sérfræðingur í vörnum gegn hryðjuverkum segir að ritinu sé meðal annars ætlað að gefa þá ímynd að samtök al-Zarqawi séu enn þá öflug. Ekki er þó talið víst að nettímaritið sé ósvikið.

Uppreisnarmenn í landinu halda uppteknum hætti og fórust sex lögreglumenn í árásum þeirra í gær. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**TÍMARITIÐ KRYPPA KAMELDÝRSINS** Titillinn þykir ef til vill óvenjulegur en í huga múslima er kryppan tákn trúfesti og athafnagleði.

Ken Livingstone:

# Sparar ekki stóru orðin

**BRETLAND** Ken Livingstone, borgarstjóri Lundúna, hefur enn einu sinni sinni vakið athygli fyrir orðaval sitt. Í blaðagrein í Guardian í gær kallaði hann Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, stríðsglæpamann sem ætti fremur að vera í fangelsi en í embætti.

Livingstone gæti haft eitthvað til síns máls því aðild Sharons að fjöldamorðum í flóttamannabúðum í Líbanon árið 1982 er flestum kunn. Tímasetning ummælanna er hins vegar óheppileg því á dögunum líkti hann ísraelskum blaðamanni við fangavörð í útrýmingarbúðum nasista. ■

## AFRÍKA

**BLÓÐBAÐ Í KONGÓ** Friðargæslulið Sameinuðu þjóðanna í Kongó hefur síðustu dægrin drepið allt að sextíu skæruliða í austurhluta landsins. Gæsluliðarnir segja skæruliðana hafa haldið svæðinu í hers höndum í mörg ár og telja þá auk þess ábyrga fyrir að hafa drepið níu friðargæsluliða.

## TÓBAKSVARNARLÖG

**BANN VIÐ REYKINGUM STUTT** Landsnefnd Lýðheilsustöðvar fagnar og lýsir yfir stuðningi við frumvarp sem miðar að banni við reykingum við öll húsakynni undir þaki, föstu eða hreyfanlegu, þar með talda veitinga- og skemmtistaði. Telur nefndin að draga muni úr reykingum almennt verði frumvarpið að lögum.

# Tryggja þarf nægt bóluefni

**Hafin er vinna tveggja ráðuneytisstjóra til að verja Ísland gegn fuglaflensufaraldri. Jafnframt hvað sé til ráða berist faraldurinn hingað til lands. Nægt bóluefni er grundvallaratriðið í baráttunni gegn vágestinum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Fulltrúar heilbrigðisráðuneytis og dómsmálaráðuneytis hófu starf í vikunni um hvernig best sé hægt að verja almenning gegn því að fuglaflensan illræmda berist hingað. Einnig er rætt hvernig bregðast skuli við, fari svo að þær ráðstafanir dugi ekki til.



**VINNU VEGNA FUGLAFLENSU HRAÐAÐ** Davíð Á. Gunnarsson segir umræðu ekki hafna um einstakar aðgerðir gegn fuglaflensu.

Nýverið fól ríkisstjórn Íslands starfsmönnum heilbrigðisráðuneytis og dómsmálaráðuneytis að fara yfir stöðu mála hvað varðar fuglaflensuna og athuga hvað skynsamlegt væri að gera til að verjast henni, verði hún að heimsfaraldri.

Aðspurður hvort til greina komi að loka landinu fari fuglaflensufaraldurinn af stað, sagði Davíð Á. Gunnarsson, ráðuneytisstjóri heilbrigðisráðuneytisins, að starfið væri ekki komið á það stig, að farið sé að ræða slíkt í smáatriðum.

„Í svona umræðu er nauðsynlegt að kanna allar aðstæður,“ sagði hann. „Það verður að skoða alla möguleika og við erum rétt að byrja að fara yfir það sem við getum gert. Við munum sjálfsagt hittast dálítið ört og tala við fólk til þess að þetta fari vel af stað. Það þarf að ræða við mjög marga því þetta snertir svo mörg svið þjóðfélagsins, meðal annars heilbrigðiskerfið og almannavarnakerfið.“

Davíð, sem jafnframt er formaður framkvæmdastjórnar Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, sagði að ef svo óheppilega vildi til að flensan brytist út, yrði allt kapp lagt á að bólusetja menn hér áður en hún bærist til landsins. Það væri sjálfsagt einn af alsterkustu leikjunum sem hægt væri að leika í stöðunni.

„Nú þegar liggur fyrir allítarlegt skipulag á sóttvörnum, sem samið var þegar hætta var talin á að bráðalungnabólgan gæti borist hingað. Vinnan hvað varðar heilbrigðiskerfið mun sjálfsagt byggjast á þeirri reynslu sem við fengum þá. Eitt af því sem skoða þarf er með hvaða hætti við tryggjum að bóluefni komi hingað eins hratt og hugsast getur,“ sagði Davíð. „Það er eitt af því sem allur heimurinn er að skoða.“

jss@frettabladid.is



**BÓLUSETNING** Þjóðir heims leggja áherslu á að til verði nægt bóluefni fyrir öll lönd ef fuglaflensan verður faraldur. Myndin er óskyld efni fréttarinnar.

Sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga:

# Sveitarfélögin fái sjálf að ákveða útsvarið

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Leyfa ætti sveitarfélögum að ákveða sjálf útsvar sitt, segir Gunnlaugur Júlíusson sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga. Slíkt þekkist til dæmis í Danmörku og Svíþjóð. Kosningar marka þá stefnu sem íbúarnir vilji í þeim efnum.

„Sé farið í háa fjárfestingu í Danmörku, eins og byggingu íþróttahúss, er útsvarið hækkað tímabundið til að afla tekna,“ segir Gunnlaugur. Á móti þurfi að takmarka heimildir til lántöku því þau séu ávísun á útgöld í framtíðinni: „Ég er ekki að segja að þetta sé fullkomið kerfi en í því er bein tenging milli stórra ákvarðanna og skattbyrðar.“

Gunnlaugur segir stöðu sveitarfélaga í járnum. Þrjátíu sveitarfélög leggi ekki hámarksálagningu útsvars á íbúa sína. Ef þau myndu gera það, gætu tekjur þeirra aukist um rúmar 291 milljón króna. Það sé lítið því 240 milljónir myndu renna til þriggja sveitarfélaga. „Þegar tekjustofnar duga ekki verður annað hvort að gefa sveitarfélögunum meira olnbogarými varðandi tekjur eða aflétta verkefnum.“

- gag



**GUNNLAUGUR JÚLÍUSSON** Fengju sveitarfélögin að hækka útsvarsstofninn um eitt prósentustig fengju þau fimm milljarða samanlagt.

**TEKJUAUKNING SVEITARFÉLAGANNA MIÐAÐ VIÐ HÁMARKSNÝTINGU ÚTSVARS**

| | Fjöldi | Fjárhæð | Kr. á íbúa |
|---|---|---|---|
| Svf. yfir 10 þús. íbúa | 1 | 65 millj. | 6.136 |
| Svf. milli 1.000 til 9.999* | 6 | 200 millj. | 8.152 |
| Svf. milli 500 til 999 | 1 | 300 þús. | 475 |
| Svf. undir 500 | 22 | 26 millj. | 10.105 |
| **Samtals** | **30** | **291,3 millj.** | |

* 175 milljónir af fjárhæðinni myndu renna til tveggja sveitarfélaga.

STÓR HUMAR
og risarækjur
Opið laugardag 10-14
Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –
- alltaf ódýrastir -
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70



# Fyrsta bílaapótekið á Norðurlöndum opnar í dag!

## Lyfin beint í bílinn

kl. 10–24 alla daga vikunnar




við erum í Hæðasmára, rétt fyrir ofan Smáralind

**Þægilegt og fljótlegt:**

- hröð afgreiðsla
- engin leit að bílastæði
- óþarfi að yfirgefa bílinn
- hentar barnafólki, hreyfihömluðum, o.fl.
- símsending, geymsla eða innlögn lyfseðla – og lyfin eru tilbúin þegar þú kemur




**TWINLAB**

**Þegar árangurinn skiptir máli**

DIET FUEL og RIPPED FUEL
20% kynningarafsláttur.
Fitubrennslu- og afkastaaukandi efni.

**medico.is**

Fyrstu 50 viðskiptavinirnir í búðinni fá gefins Bogense handáburð

Verslunin verður opin kl. 10–19 alla helgina

## APÓTEK OG BÍLAAPÓTEK

Einnig er hægt að leggja bílnum við framhlið hússins og ganga inn í rúmgott apótek sem er opið mánudaga til laugardaga kl. 10–19. Í tilefni af opnuninni verður einnig opið þar á sunnudag.




## Frábær opnunartilboð:

**Með hverri keyptri vöru af Deep Heat fylgir lítill brúsi af Bath Tonic**







Létt dagkrem fyrir viðkvæma húð – inniheldur Q10

**Eucerin**




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

**LYFIN Í LEIÐINNI!**

**Lyfjaval BÍLAAPÓTEK**

Lyfjaval.is

**OPIÐ 10–24**

24 stundir

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ANDREA JÓNSDÓTTIR ÚTVARPSKONA

# Forðast flensu og fer á Stuðmenn



„Ég er fyrir það fyrsta að reyna að forðast að fá flensu því ég á að vera með skífuskank á Dillon um helgina eins og flestar helgar," segir Andrea Jónsdóttir, útvarpskona og plötusnúður, um nýjustu fréttir. Andrea er að eigin sögn með ótrúlega gott ónæmiskerfi og þarf ekki að taka nema eina verkjatöflu á ári. Henni finnst ekkert leiðinlegt að vinna langt fram á kvöld um helgar. „Nei, mér finnst þetta gaman. Það er líka bara opið til þrjú, en það getur verið dálítið erfitt þegar maður er að spila til sex." Andrea spilar aðallega rokk og ról en læðir stundum Madonnu og Michael Jackson með. Þá er Andrea á leiðinni til London og ætlar að sjá Stuðmenn taka lagið í Royal Albert Hall. „Ég ætla með dótturdóttur minni í apríl. Ég held ég hafi aldrei skipulagt eitthvað svona með jafn miklum fyrirvara." Tónlistarunnendur komu vel undan síðasta ári, enda margir tónleikar, og Andrea telur árið fram undan ekki síður spennandi. Hún hlakkar mikið til að sjá Robert Plant en hún sá hann rokka á tónleikum hér á landi með Led Zeppelin árið 1970. „Ég ætla samt ekki að reyna að fá eitthvað nostalgíukast. Plant þarf ekki að taka gömul Led Zeppelin-lög til að skemmta fólki, hann er svo frábær tónlistarmaður. Þeir sem kunna ekki að meta Robert Plant og ætla ekki að sjá hann eru asnar," klykkir hún út kokhraust.

## SVONA ERUM VIÐ



**72.200 FÓRU Í HVALASKOÐUNARFERÐIR 2003**
Heimild: Samtök ferðaþjónustunnar



**ÞJÓÐARSÓMI**
Þessi gallharði stuðningsmaður hollenska landsliðsins í vetraríþróttum fylgdist spenntur með sínum mönnum keppa í skautahlaupi í Inzell í Þýskalandi í gær.

# Húsmóðir á Egilsstöðum spennt

**Keppni í Formúlu eitt kappakstrinum hefst um helgina. Freyja Gunnarsdóttir húsmóðir á Egilsstöðum er spennt enda Formúlan hennar líf og yndi. Eftir keppni er hún jafnþreytt og ökumennirnir.**

„Ég er orðin mjög spennt," segir Freyja Gunnarsdóttir húsmóðir á Egilsstöðum, sem eins og aðrir Formúluáhugamenn hefur þurft að bíða eftir almennilegum kappakstri síðan í haust þegar keppnistímabilinu lauk.

Freyja skrifaði áður fréttir af Formúlunni inn á vefsíðuna formula1.is en eftir að hún hætti því hefur hún ekki fylgst eins vel með gangi mála yfir vetrartímann. „Ég hef því verið að lesa mér til að undanförnu og kynna mér allar breytingarnar sem hafa orðið," segir hún.

Freyja heillaðist af kappakstrinum þegar Sjónvarpið hóf að sýna frá keppnunum fyrir nokkrum árum. „Það er svo margt sem er heillandi við þetta. Það er um margt að hugsa, tæknina, hraðann og allt í kringum þetta."



**FREYJA GUNNARSDÓTTIR**
Slappað af eftir spennandi kappakstur á Silverstone-brautinni í Englandi.

Hún byrjaði að fylgjast ein með en dró svo bónda sinn í þetta með sér. „Börnin skildu ekkert hvað ég var að gera og fólki fannst svolítið skrítið að miðaldra húsmóðir á Egilsstöðum væri á kafi í þessu og að skrifa fréttir inn á formúluvefinn," segir hún og hlær.

Freyja hefur í fjórgang farið utan til að berja dýrðina berum augum og segir ferðirnar ógleymanlegar. Hún er ekki einlægur aðdáandi eins ákveðins ökumanns en nefnir Fernando Alonso hjá Renault þegar gengið er á hana. Sjálf á hún þó ekki Renault heldur Nissan og virðir umferðarreglurnar, sérstaklega ef hún er með börnin í bílnum. „Ég hef reyndar sleppt mér á góðum malarvegi úti í sveit," segir hún en vill ekki gefa upp á hvaða hraða hún ók.

Hún hefur hins vegar setið í rallbíl með Steingrími Ingasyni rallkappa og segir það hafa verið ólýsanlegt.

Um keppni helgarinnar vill Freyja sem minnst spá en hún segir stemninguna alltaf sérstaka í kringum fyrsta mótið. „Fyrsta keppnin er alltaf æðisleg, sama hvernig hún fer. Og svo er alltaf skrítið þegar keppnin er haldin í mjög fjarlægu landi eins og í Ástralíu. Þá vakir maður eftir æfingunum og tímatökunum og er að fylgjast með í tölvunni og svona. Ég verð eiginlega jafn þreytt og ökumennirnir eftir svona keppni."

bjorn@frettabladid.is






FLUGHÓTEL
ÞEGAR HALDA Á GÓÐAN FUND

- 52 KM TIL REYKJAVÍKUR
- SAUNA OG HEITUR POTTUR
- SALIR TIL FUNDAR- OG VEISLUHALDA
- UPPHITUÐ BÍLAGEYMSLA
- FYRSTA FLOKKS VEITINGAR

Á Flughóteli í Keflavík er góð aðstaða til fundar- og veisluhalda auk þess sem hótelið er mjög góður kostur fyrir þá sem eru í leit að afþreyingu og endurnæringu. **Verið velkomin!**

Sími: 421 5222
www.icehotels.is

ICELANDAIRHOTELS FLUGHÓTEL

Nordica • Loftleiðir • Flughótel • Flúðir • Rangá • Klaustur • Hérað


Bylgja nafnabreytinga gengur yfir íslenskt viðskiptalíf:

# Magni að spá í Magnað Group

Group-væðing íslenskra fyrirtækja ríður húsum og hvert fyrirtækið á fætur öðru tekur upp group-endinguna. Í gær bárust fréttir af að Flugleiðir væru að breytast í FL Group og Skífan er orðin Dagur Group.

Group er enska og þýðir hópur eða flokkur.

Magni Magnússon, kaupmaður í versluninni hjá Magna, fylgist vel með gangi mála og er að velta fyrir sér að breyta nafni verslunar sinnar í Hjá Magna Group eða jafnvel Magnað Group.

„Auðvitað verður maður að fylgjast með tískunni í þessu eins og öðru," segir Magni en er í raun ekki mikil alvara. Þvert á móti. „Mér finnst þetta aulalegt og tel að menn ættu heldur að reyna að finna íslensk nöfn sem hljóma vel erlendis. Þetta group er næsti bær við grúppíur, sem er nú ekki sérlega gott," segir hann en grúppíur kallast konur sem laðast að hljómsveitum og fylgja þeim eins og skugginn. „Kannski flugfreyjurnar hjá Flugleiðum verði kallaðar grúppíur eftir breytinguna," segir hann og hlær.

Sjálfur nefndi Magni verslun sína Hjá Magna árið 1979 og tók Báru bleiku á Hverfisgötunni sér til fyrirmyndar en hún kallaði kvenfataverslun sína Hjá Báru. „Þetta er gott nafn, það er hægt að segja: Þú færð það hjá Magna og það hljómar vel."



**MAGNI MAGNÚSSON KAUPMAÐUR**
„Kannski flugfreyjurnar hjá Flugleiðum verði kallaðar grúppíur eftir breytinguna."

Og Magni rifjar upp tvær sögur af þessu tilefni. „Við Bolli Davíðsson í Frímerkjahúsinu vorum að spá í að opna saman búð sem þá myndi heita Bolmagn í höfuðið á okkur. Svo var það hljómsveitin Sjálfsfróun sem mátti ekki auglýsa nafnið sitt í útvarpinu því það þótti ósiðlegt. Þeir leituðu til ráðagóðs manns sem ráðlagði þeim að nota nafnið Handrið. Það gekk og þeir fengu að auglýsa," segir Magni, sem ætlar að hætta verslun og viðskiptum í haust eftir áratuga höndl með spil, púsl, frímerki og mynt.

- bþs




GEFÐU FREKAR **FRAMTÍÐARBÓK** KB BANKA

Framtíðarbók KB banka er góð fermingargjöf, gjafakort fást í næsta útibúi.

**Verðtryggður sparireikningur með hæstu vexti almennra innlánsreikninga bankans.**
**Innstæðan verður laus til úttektar við 18 ára aldur.**

KB BANKI

www.kbbanki.is



# Kvenspæjarastofan slær í gegn!




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

„Fágæt lestrarnautn.“
*Daily Telegraph*

„Kvenspæjarastofan er bæði spennandi og skrifuð af djúpri einlægni og visku ... kjörin bók til að taka með sér í sumarfríið og er þýdd af mikilli hind. Ef ég væri með hattinn tæki ég hann ofan.“
*Gunnar Gunnarsson, Rás 1*




„Ég varð heillaður af persónu Precious Ramotswe og hinum lúmska húmor Alexanders McCall Smith.“
*Anthony Minghella, leikstjóri Enska sjúklingsins*

Mál og menning
edda.is






**HÁKON EYDAL Í HÉRAÐSDÓMI Í GÆR** Tveggja tíma töf varð á að málaferlin gætu hafist þar sem gleymst hafði að ná í Hákon að Litla Hrauni þar sem hann hefur verið í varðhaldi síðustu mánuði. Hákon sagðist fyrir dómnum sjá eftir gjörðum sínum og ber fyrir sig sturlun þegar hann framdi morðið á Sri Rahmawati.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

# Bar fyrir sig stundarbrjálæði og hræðslu

**Hákon Eydal sem ákærður er fyrir morðið á Sri Rahmawati í júlí síðastliðnum sagðist iðrast gjörða sinna fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Saksóknari sagði Hákon hafa sýnt litla iðrun og krefst hámarksrefsingar. Dómur verður kveðinn upp fljótlega.**

**DÓMSMÁL** „Ég iðrast gerða minna og vildi að þetta hefði aldrei átt sér stað,“ sagði Hákon Eydal fyrir dómi í Héraðsdómi Reykjavíkur en þar fór fram í gær aðalmeðferð í máli ákæruvaldsins gegn honum fyrir morðið á Sri Rahmawati í júlí síðastliðnum. Saksóknari krafðist hámarksrefsingar eða 16 ára fangelsis yfir Hákoni en verjandi hans sagði það fráleitt þar sem engar forsendur væru fyrir svo ströngum dómi. Réttarhöldin töfðust um tvo tíma þar sem gleymdist að gera ráðstafanir til að sækja Hákon á Litla Hraun.

Hákon Eydal bar fyrir dóminum að morðið á Sri Rahmawati, barnsmóður hans og fyrrum sambýliskonu, hefði verið framið í stundarbrjálæði og mikil hræðsla í kjölfarið hefði komið í veg fyrir að hann gæfi sig fram við lögreglu strax eftir verknaðinn. Sagði hann þau Sri hafa átt nótt saman en morguninn eftir hafi komið til harðra orðaskipta um þriggja ára stúlku sem þau eiga saman en Sri meinað honum að umgangast og hitta um hríð. Þegar hún tilkynnti honum fullum hálsi að stúlkuna fengi hann aldrei að sjá aftur greip hann þvílík heift að hann myrti hana.

### Kyrking dánarorsökin

Dánarorsök Sri var kyrking en krufning á líki hennar leiddi í ljós að þau fjögur höfuðhögg sem Hákon veitti henni áður með kúbeini hefðu að líkindum dregið hana til dauða. Kom fram að taubelti var vafið fast um háls hennar þegar hún fannst meðvitundarlaus eftir höggin á gólfi íbúðar Hákonar þar sem brotið var framið. Bar Hákon því við að ástæða þess hefði verið sú að mikið blæddi úr höfði fórnarlambsins og hann hefði viljað stöðva blóðrásina með þeim hætti. Fannst saksóknara, Ragnheiði Harðardóttur, sú skýring fráleit en verjandi Hákonar, Brynjar Níelsson, benti á að umbjóðandi sinn hefði verið í mikilli geðshræringu á þeirri stundu og mundi meðal annars ekki greinilega eftir hversu oft hann hefði barið Sri með kúbeininu.

Kom fram fyrir dóminum að tæknideild lögreglu hafði fundið út með rannsóknum að höggin sem hann veitti Sri með kúbeininu voru þung og réttarmeinafræðingur staðfesti að ef kyrking hefði ekki átt sér stað mætti leiða að því líkum að höggin og blóðmissirinn hefðu dregið Sri til dauða.

Aðspurður um af hverju hann geymdi kúbein í herbergi sínu sagði Hákon að það væri vegna hræðslu og sagðist hafa fengið hótanir um líkamsmeiðingar frá ættingjum Sri í talsverðan tíma.

### Stormasamt samband

Hákon Eydal og Sri Rahmawati kynntust fyrst árið 2000 og hófu sambúð skömmu síðar. Ekki leið á löngu áður en Sri tilkynnti Hákoni að hún gengi með barni og kom fram í yfirlýsingu sameiginlegs vinar beggja að upp úr því hafi Sri farið að gera óraunhæfar kröfur á Hákon. Fór hún meðal annars fram á að Hákon keypti íbúð fyrir sig og léti sig reglulega hafa peninga en vildi þó ekki stofna til fjölskyldu með honum eins og vonir hans stóðu til. Lauk þannig sjö mánaða sambúð þeirra og upp frá fæðingu barnsins fór Sri fram á greiðslur ætlaði Hákon sér að sjá barn sitt. Gekk svo um hríð að sögn Hákonar og reyndist sama hvert hann leitaði sér fulltingis kom hann að lokuðum dyrum. Sagðist Hákon fyrir réttinum enn vera afar reiður út í kerfið eins og hann kallaði það en hann leitaði á náðir fjölmargra stofnana sér til aðstoðar í forsjármálinu án árangurs.

Voru þau Sri áfram í sambandi annars lagið og hafði ástandið á milli þeirra batnað þegar hún gisti hjá honum nóttina fyrir morðið. Hafði hún að hans sögn komið við kvöldinu áður og fengið hjá honum pening og ætlað sér að koma aftur eftir miðnætti. Lét hún þó ekki sjá sig fyrr en um fimm leytið aðfaranótt 4. júlí og gengu þau bæði til svefns skömmu síðar. Morguninn eftir hafði hann aftur á orði að fá að sjá dóttur sína sem svo endaði með þessum hörmulega atburði.

### Verðskuldar hámarksfangelsi

Saksóknari lagði áherslu á það í málflutningi sínum hversu litla iðrun Hákon hefði sýnt eftir atvikið og staðfesti sálfræðingur sem til var kallaður það mat. Sagði sá að Hákon bæri í sér vott af kvenhatri og þó að ljóst væri að hann hefði verið hrifinn af Sri voru orð hans og athafnir yfirleitt neikvæðar gagnvart henni bæði fyrir og eftir morðið.

Saksóknari sagði að með tilliti til hegðunar Hákonar, bæði fyrir og eftir verknaðinn, ásamt því mati sálfræðinga að hann væri sakhæfur réttlætti hámarksfangelsi sem í íslenskum lögum eru 16 ár og taldi hann engar málsbætur hafa þrátt fyrir baráttu sína um forræði barns síns. Um einbeittan ásetning og brotavilja hefði verið að ræða.

Verjandi Hákonar sagði hins vegar ljóst að andleg heilsa hans eftir þrotlausa baráttu fyrir að sjá og umgangast dóttur sína hefði hrakað mikið og Hákon hefði verið í miklu ójafnvægi og geðshræringu þegar morðið var framið. Taldi hann og upp nokkra dóma sem hann taldi fordæmisgefandi þar sem sakborningar voru dæmdir í fjögurra til sjö ára fangelsi fyrir svipaðan glæp og Hákon framdi.

albert@frettabladid.is

# NÚ ER TÍMI TIL AÐ KLIPPA




**4.990** ~~6.900~~

Vnr.74890004

## Hekkklippur

**BOSCH hekkklippur AHS 4-16, sverðlengd 42 cm, 390W.**

**Bestu BYKO kaupin**
ÞAÐ BESTA SEM VIÐ BJÓÐUM



Vnr.6831641O

## Greinaklippur

**LUX stórgreinaklippur, 70 cm, klippir 5 cm greinar.**

**1.390** ~~1.860~~

**FRÁBÆRT TILBOÐ!**



Vnr.53302400

## Hekkklippa

**McCulloch Virginia hekkklippur, 25 cc tvígengismótor, 0,7kW. Klippurnar eru með 55 cm sverði, klippa allt að 18 mm greinar. Þyngd 4,8 kg.**

**19.900** ~~23.900~~

Vnr.6831521O

## Hekkklippur

**LUX hekkklippur, 64 cm.**

**1.490** ~~1.950~~




## TRJÁKLIPPINGAR!

### Kynning
**í BYKO Breidd**
laugardag og sunnudag
kl. 12-16, báða daga.

Garðyrkjufræðingurinn góðkunni Steinn Kárason, höfundur myndbandsins **TRJÁKLIPPINGAR OG UMHIRÐA – TRJÁA OG RUNNA** og bókarinnar **GARÐVERKIN,** verður með kynningu á þessum verkum sínum og leiðbeinir fólki um vorverkin í garðinum.



Vnr.79291069

## Hjólbörur

**GINGE hjólbörur með loftfylltu dekki, 90 ltr.**

**3.990** ~~4.589~~



Vnr.923011OO-3

## Vinnuvettlingar

**SAHARA vinnuvettlingar stærðir 7-10.**

**390** ~~490~~



Vnr.5351026

## Sorppokar

**Sorppokar, 750x1150 mm 0,055 mm 25 stk.**

**570** ~~715~~

| | Virkir dagar | Laugard. | Sunnud. |
|---|---|---|---|
| **Breiddin-Verslun** Sími: 515 4200 | 8-19 | 10-18 | 11-17 |
| **Timburverslun-Breidd** Sími: 515 4100 | 8-18 | 10-16 | |
| **Lagnadeild-Breidd** Sími: 515 4040 | 8-18 | 10-16 | |
| **Leigumarkaður BYKO** Sími: 515 4020 | 8-19 | 10-18 | 11-17 |
| **Hringbraut** Sími: 562 9400 | 8-19 | 10-18 | 11-17 |
| **Hafnarfjörður** Sími: 555 4411 | 8-18 | 9-15 | |

www.byko.is

**BYKO**
**BYGGIR MEÐ ÞÉR**

Aðalsímanúmer: 515 4000

| | Virkir dagar | Laugard. | Sunnud. |
|---|---|---|---|
| **Akranes** Sími: 433 4100 | 8-18 | 10-14 | |
| **Akureyri, Glerártorg** Sími: 460 4800 | 8-18³⁰ | 10-17 | |
| **Akureyri, Furuvöllum** Sími: 460 4860 | 8-18 | 10-14 | |
| **Reyðarfjörður** Sími: 470 4200 | 8-18 | 10-14 | |
| **Suðurnes** Sími: 421 7000 | 8-18 | 9-15 | |
| **Selfoss** Sími: 480 4600 | 8-18 | 10-16 | |

# Allt er í



# velstandi.

Það er ómetanlegt að eiga bíl sem gengur eins og klukka. Mercedes-Benz er heimsþekkt gæðamerki sem hefur nú fengið ný heimkynni á Íslandi hjá ÖSKJU. Í glæsilegum sýningarsal við Laugaveg 170 má sjá úrval bíla úr framleiðslulínu Mercedes-Benz auk þess sem boðið er upp á framúrskarandi viðhalds- og viðgerðarþjónustu. Opið í dag frá kl. 10–16.

Mercedes-Benz

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Þeir ríku eru að verða ríkari en það er hins vegar ekki á kostnað þeirra tekjulægstu sem hafa aukið kaupmátt sinn um 70 prósent undanfarinn áratug.

## Ný íslensk þjóðfélagsgerð

Getur verið að launajöfnuður á Íslandi hafi lítið sem ekkert breyst undanfarin ár þrátt fyrir augljós merki um stóraukinn kaupmátt þeirra hæstlaunuðustu í samfélaginu? Við sjáum birtingarmynd um þessi auknu fjárráð allt í kringum okkur; til dæmis alla dýru bílana í umferðinni og svo þykir það varla lengur tiltökumál þegar einbýlishús losar 50 milljónirnar.

Hannes G. Sigurðsson, hagfræðingur Samtaka atvinnulífsins, skrifaði grein í Fréttablaðið í gær þar sem hann heldur því einmitt fram að engin innistæða sé fyrir fullyrðingum um vaxandi ójöfnuð á Íslandi þegar litið sé til langs tíma, og að þvert á móti sé jöfnuður mikill hér í alþjóðlegum samanburði.

Hannes rökstyður mál sitt vandlega með tölum, meðal annars frá Hagstofu Íslands, og það virðist ekki fara á milli mála að hann hefur rétt fyrir sér. Nema hvað dæmin sem eru rakin hér að ofan segja okkur aðra sögu og það gerði líka úttekt Fréttablaðsins sem birtist í nóvember og sagði frá hvernig bilið milli þeirra lægst- og hæstlaunuðustu hefur stóraukist undanfarinn áratug .

Hvernig stendur á þessu? Jú, í grein sinni skoðar Hannes launajöfnuð út frá annars vegar þeim tíu prósentum sem hafa lægstu launin og hins vegar þeim tíu prósentum sem hafa hæstu launin. Í úttekt Fréttablaðsins voru aftur á móti viðmiðunarhóparnir hafðir þrengri eða fimm prósent hvor og við það breytist myndin verulega. Þá kemur í ljós að mismunurinn á tekjum þeirra tekjuhæstu og tekjulægstu á Íslandi hefur aukist um rúman helming síðastliðinn áratug. Þeir tekjuhæstu eru nú með um 22 sinnum hærri laun en þeir tekjulægstu, en hvor hópur telur um ellefu þúsund manns.

Þarna er komið að því sem hefur breyst mjög hratt undanfarin ár. Laun tiltölulega þröngs hóps hafa hækkað margfalt frá því fyrir örfáum árum þegar ríkisbankastjórarnir röðuðu sér jafnan í efstu sæti tekjuskattsgreiðenda á landinu. Hér er orðin til ný stétt af ofurlaunþegum með milljónir króna á mánuði. Það er spurning hvaða breytingar þessi þróun hefur á íslenska þjóðfélagsgerð þar sem börn stöðumælavarða og forstjóra hafa hingað til unað tiltölulega sátt hlið við hlið á skólabekk?

Aðspurður í úttekt Fréttablaðsins sagði Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands, að þetta ástand væri „sérstaklega sýnilegt í grunnskólum þar sem börn verði vör við að félagar þeirra komi frá heimilum með meiri peninga, eigi dýrari merkjavörur, fari oftar til útlanda og svo framvegis. Börn geta fyllst vanmáttartilfinningu og finnast þau búa við skort og orðið óánægð og fundið til biturleika vegna þess.“

Breytt samfélag er vissulega verðugt umhugsunarefni. Því ber hins vegar að fagna að kaupmáttur lágmarkslauna hefur aukist hlutfallslega mest allra launa undanfarin ár og er nú um 70 prósentum meiri en fyrir áratug. Tekjur hinna tekjuhæstu hafa þó hækkað enn meira á sama tíma og bilið því breikkað.

Þeir ríku eru sem sagt að verða ríkari en það er ekki á kostnað hinna tekjulægstu sem hafa það betra en áður. Yfir þessu tvennu ættu allir að geta glaðst. Nema ef til vill þeir sem eiga erfitt með að sætta sig við viðleitni núverandi ríkisstjórnar til þess að draga úr tekjujöfnunaráhrifum skattkerfisins. Sumum er aldrei hægt að gera til geðs. ■






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Smita tímaritin?

Til mun vera sérstök undirgrein félagsvísinda sem fjallar um biðstofur í þjóðfélaginu. Ekki er kunnugt um hvort þessi fræði séu stunduð við íslenska háskóla en það væri þá líklega helst í Samfylkingarskólanum á Bifröst sem menn hefðu metnað til slíkra hluta. Biðstofufræðin eru nefnd hér vegna þess að í íslensku vísindatímariti, Læknablaðinu, birtist nýlega grein þar sem fjallað er um spurninguna „Eru tímaritin á biðstofunni smitvaldur?“ Er þar greint frá framlagi raunvísinda til biðstofufræða, norskri rannsókn sem leiddi í ljós að bakteríur var að finna á forsíðum allra tímarita sem lágu frammi á biðstofum lækna í Osló sem lentu í úrtakinu. Aðeins tvær bakteríanna voru sjúkdómsvaldandi og er það talið benda til þess að ekki sé ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af málinu. Hins vegar á eftir að rannsaka hvort í tímaritunum kunni að leynast sjúkdómsvaldandi veirur. Það gæti leitt til annarrar niðurstöðu.



### Gömul tímarit

Fram kemur í Læknablaðinu að tímaritin á norsku læknabiðstofunum voru yngst tveggja mánaða og elst níu mánaða. Samkvæmt þessu standa norskir læknar sig betur en þorri íslenskra lækna. Lausleg athugun bendir til þess að yngstu tímaritin á biðstofum hér séu eins árs gömul og þau elstu allt að tíu ára. Dæmi eru um enn eldri rit á biðstofum í gömlum heilsugæslustöðvum, hreinar fornbókmenntir eins og tímaritin Heimsmynd og Þjóðlíf. Forvitnilegt væri að kanna vistkerfi þeirra. Skylt er að geta þess að dæmi eru um nokkrar framsæknar biðstofur, svo sem hjá augnlæknum og tannlæknum, sem bjóða upp á glæný tímarit. Kann þokkalegur efnahagur viðkomandi lækna að skýra þessa lofsverðu þjónustu.

### Ekki sála

Ekki er okkur kunnugt um lestrarmenningu á biðstofum bankastjóra. Einu sinni voru það þéttsetnustu stofur landsins. Þá var taugaspennan slík að fæstir höfðu eirð í sér til lesturs. Lágu þó yfirleitt ný dagblöð frammi enda voru bankarnir í ríkiseigu og fengu flokksblöðin send í stórum upplögum. Nú sést ekki sála á þessum biðstofum. Öll erindi eru afgreidd um síma og tölvur.

gm@frettabladid.is

## Dauðadæmt framboð

Í DAG
ÍSLAND Í ÖRYGGISRÁÐIÐ?

ÓLAFUR HANNIBALSSON



Einar Oddur Kristjánsson alþingismaður gekk af þeirri hugmynd dauðri á fundi Varðbergs og Samtaka um vestræna samvinnu á þriðjudaginn, að Ísland keppti að því að öðlast sæti í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna kjörtímabilið 2008-2010.

Í fundarboði höfðu þessi samtök talið spurninguna um framboð Íslands til Öryggisráðsins brenna á allra vörum. Áhuginn reyndist þó ekki meiri en svo að einungis 30-40 manns sóttu fundinn og hlýddu þar á boðskap ekki minni manna, auk Einars, en Jónínu Bjartmarz og Steingríms J. Sigfússonar, en bæði eiga þau sæti í utanríkismálanefnd þingsins.

Framsögumenn reifuðu í ræðum sínum aðdragandann að þessu framboði. Undirbúningur var hafinn strax á árinu 1998. Í ræðu sinni á Allsherjarþingi SÞ 2002 kvað Halldór Ásgrímsson svo upp úr með það að Íslendingar stefndu að þessu markmiði. Þá var ekkert ljóst um mótframboð. Síðan tilkynntu Austurríkismenn um framboð sitt og var þá ljóst, að ekki hrepptu Íslendingar sætið baráttulaust. Enn síðar bættust svo Tyrkir í þennan hóp og mátti þá öllum vera ljóst að á brattann yrði að sækja.

Rök Einars Odds voru skýr og kvað hann þau vera þau sömu og hann hefði flutt í umræðum um afgreiðslu fjárlaga síðastliðið haust. Tyrkir eru núna í þeirri stöðu að fyrir liggur umsókn þeirra um inngöngu í Evrópubandalagið og mæta þar talsverðri andstöðu, enda stjórnkerfi þeirra að mörgu leyti ábótavant til þess að þeir geti með réttu gert tilkall til að komast í klúbb hinna vestrænu þjóða. Hins vegar lofa þeir bót og betrun og eru tilbúnir að ganga langt í breytingum til þess að vinna til aðildar. Um þetta er nær alger pólitísk samstaða heimafyrir. Rök þeirra sem veita vilja þeim inngöngu í EB eru þau, að þeir gegni nú mögulegu lykilhlutverki í nálgun hins vestræna heims að múslimaheiminum. Með stórt og öflugt múslimaríki innan sinna vébanda færi EB umheiminum sönnur á, að ekki er verið að stofna klúbb kristinna þjóða sem stefnt sé gegn múslimum og arabaheiminum sérstaklega. Það mun þó bersýnilega taka langan tíma fyrir Tyrki að vinna til fullrar aðildar að EB. Í millitíðinni gæti EB áunnið sér traust þeirra með stuðningi við framboð þeirra til öryggisráðsins. Allt benti þannig til að Evrópuríkin mundu ganga framhjá aðildarríki sínu, Austurríki, og styðja Tyrki í þessu efni. Eftir sæti Ísland með stuðning Norðurlandaþjóðanna og mögulega engra annarra, þegar upp er staðið.

> Í alþjóðasamstarfi eru engir hádegisverðir ókeypis.

Einar færði svo rök að því, að kosningabarátta fyrir þessu sæti mundi kosta hátt í milljarð króna, sem væri sama sem hent út um gluggann. Við þessar gerbreyttu aðstæður ættu menn því að hafa vit á því að endurskoða afstöðu sína og draga í land og hverfa frá upphaflegum áformum. Nóg væri við slíka peningaupphæð að gera bæði heima og erlendis.

Við þetta má bæta, að Morgunblaðið tók nýlega að tvístíga í málinu. Það benti réttilega á að í alþjóðasamskiptum eru engir hádegisverðir ókeypis. Í baráttu fyrir þessu sæti væri hætt við að Ísland yrði að gera málamiðlanir við ýmis ríki og heita þeim stuðningi við mál, sem Íslendingum væru lítt hugnanleg. Má raunar segja að sá ferill sé þegar hafinn með því að taka upp diplómatísk tengsl við óþverraríki, sem við höfum hingað til getað sniðgengið.

Enn má bæta því við að fram kom á fundinum, að fyrir þetta tveggja ára kjörtímabil í Öryggisráðinu yrði að fjölga í starfsliði fastafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum með skipan að minnsta kosti sjö sérfræðinga um alþjóðamál, auk þess sem efla þyrfti kunnáttu utanríkisins hér heima. Hvað yrði svo um þetta starfslið að tveggja ára kjörtímabilinu loknu. Dettur einhverjum í hug annað en þeir sætu áfram sem fastast í embættum ævina út?

Fyrir mörgum lítur þetta framboð aðeins út sem lævísleg tilraun til sjálfvirkrar útþenslu utanríkisráðuneytisins, sem blés raunar út eins og belgur þegar líða tók á embættistíma Halldórs Ásgrímssonar. Auk þess sem sjálfsagt væri að taka upp diplómatísk tengsl við öll aðildarríki SÞ þyrftum við að lágmarki að koma okkur upp sendiráðum í öllum heimsálfum. Einnig að sýna í verki fram á vinsamleg samskipti við helstu trúar- og menningarblokkirnar innan Sameinuðu þjóðanna. Þannig gæti þetta framboð virkað sem óútfyllt ávísun á stóraukin umsvif utanríkiráðuneytisins með tilheyrandi mannaráðningum til verkefnalausra sendiráða.

Þessi framboðshugmynd var ærið vafasöm frá upphafi. Auk þeirra raka sem hér hafa verið upptalin, eigum við ekki að sækjast eftir að koma okkur í þá aðstöðu á alþjóðavettvangi að þurfa annaðhvort að sýna algera hollustu við Bandaríkin eða snúast gegn þeim í einstökum málum. Eftir framboð Tyrkja er hugmyndin beinlínis fáránleg. Þvert á móti ættum við nú að snúa við blaðinu og vinna okkur inn prik meðal múslimaþjóðanna með því að lýsa yfir stuðningi við framboð Tyrkja. Það væri verðugt verkefni fyrir nýbakaðan utanríkisráðherra. ■






FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# Kjósum Ingibjörgu Sólrúnu sem formann

**VALDIMAR GUÐMANNSSON,**
VERKAMAÐUR Á BLÖNDUÓSI, SKRIFAR UM FORMANNSKJÖR Í SAMFYLKINGUNNI

Það hefur varla farið fram hjá neinum síðustu daga að það stendur til að kjósa formann í Samfylkingunni nú á vordögum. Undirritaður er einn af þeim fjölmörgu sem yfirgaf Framsóknarflokkinn eftir að hægri öflin undir öruggri forustu Halldórs Ásgrímssonar tóku völdin í flokknum og stilltu honum upp hægra megin við Sjálfstæðisflokkinn og þarf nú þó nokkuð til. Afleiðingarnar af stefnu Halldórs hafa ekki farið fram hjá neinum, síst okkur hér á landsbyggðinni sem höfum mátt horfa upp á hnignandi atvinnulíf og versnandi fjárhagsstöðu sveitarfélaga vegna kolrangrar tekjuskiptingar ríkis og sveitarfélaga. Þá hefur framsóknarmönnum tekist að gera Byggðastofnun fjárhagslega máttvana og getulausa til að taka þátt í uppbyggingu atvinnulífsins á landsbyggðinni.

Það væri verðugt verkefni fyrir þau Valgerði Sverrisdóttur og Halldór Ásgrímsson að taka dagstund í að fara yfir stöðu Byggðastofnunar og hvernig hún getur aftur náð vopnum sínum og hlutverki til styrktar atvinnulífinu á landsbyggðinni. Þá væri ágætt að iðnaðarráðherra gerði sér grein fyrir að Húnavatnssýslurnar og Skagafjörður teljast líka til Norðurlands þegar rætt er um hugsanlega stóriðju á Norðurlandi, þótt landsvæðið teljist ekki til kjördæmis ráðherrans hvað þá Akureyrar. Með hliðsjón af þessum atriðum og mörgum öðrum er ljóst að það er brýnna en nokkurn tímann áður að skipt verði um húsbændur á ríkisstjórnarheimilinu eins fljótt og nokkur kostur er. Til þess að sá kostur verði í stöðunni að loknum næstu alþingiskosningum þurfum við sem teljum okkur til jafnaðar- og félagshyggjumanna að tryggja glæsilegt kjör Ingibjargar Sólrúnar til formanns Samfylkingarinnar, enda óverjandi að viðurkennt forsætisráðherraefni flokksins standi ekki í brúnni og hafi yfirstjórn á fiskiríinu.

> **Það er brýnna en nokkurn tímann áður að skipt verði um húsbændur á ríkisstjórnarheimilinu eins fljótt og nokkur kostur er.**

Ljóst er að núverandi formaður nær ekki að fiska meira úr þeim kvóta sem honum var úthlutað þegar Samfylkingin var stofnuð og í raun var honum bjargað á ögurstundu fyrir síðustu alþingiskosningar með því að fá Ingibjörgu Sólrúnu sem forsætisráðherraefni flokksins, kæmist hann í þá stöðu að loknum kosningum. Ljóst er að framboð Ingibjargar í Reyjavík hafði áhrif víða um land og sá möguleiki að hún settist hugsanlega í forsæti á ríkisstjórnarheimilinu að kosningum loknum færði Samfylkingunni mörg atkvæði á landsbyggðinni. Góðir Samfylkingarfélagar, nú hljótum við að setja markið á 40% fylgi í næstu alþingiskosningum. Til að gera þetta markmið raunverulegt þurfum við að tryggja Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur þá glæsilegu kosningu sem hún á skilið sem næsti formaður Samfylkingarinnar, að öðrum kosti er draumur okkar um stóran flokk brostinn. ■

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Vakandi yfir netinu

Vandinn er bara sá að það eru margir vakandi yfir því sem er skrifað á netið og því neyðarlegt að breyta eftir á. Við erum ekki öll eins og Björn Bjarnason sem hefur sagt að hann hafi aldrei á ævinni þurft að breyta neinu. Annar sem ætti stundum að fá sér glas af köldu vatni áður en hann setur djarfar fullyrðingar á netið er Magnús Þór Hafsteinsson. Magnús er mikill skapmaður – sem er allt í lagi, það er leiðinlegt að hafa bara ofurpassasama menn – en líklega þarf hann að gæta sín sig sérstaklega vel nú þegar hann er búinn að fá mótframboð á landsfundi flokks síns. Sjálfur hef ég ekkert alltof góðan feril á þessu sviði. Ég hef verið að skrifa á netið í á sjötta ár – og stundum hef ég sett fram hluti sem ég hef séð eftir. Í fyrravor breytti ég pistli þar sem ég hafði bendlað þekktan lögmann við hórerí. Hann fór eitthvað í taugarnar á mér um þær mundir – en fullyrðingin var náttúrlega alveg fráleit svo ég þurrkaði hana út þegar ég var búinn að anda að mér fersku lofti.

**Egill Helgason á visir.is**

### Stjórnað í nafni félagshyggjunnar

Það er ótrúlegt að verkalýðsforingjar skuli ætla að stjórna hluta fólki í nafni félagshyggjunnar. Flestir eru þetta menn með tæplega milljón á mánuði sem ætla að taka sér það vald að semja um lág laun fyrir alla aðra. Er ekki eðlilegra að hver og einn semji við sína yfirmenn um laun. Jú ef að einhverjir telja sig þurfa að semja saman þá gera þeir það bara sín á milli. Ef að maður rekur fyrirtæki með 20 starfsmönnum þá er það auðvitað hans mál að semja við sína starfsmenn. Það er svo starfsmannanna að ákveða hvort að þeir vilji semja einn og sér eða sem hópur. Ef þeir semja sem hópur eru þeir auðvitað að binda hver annan í ákveðna fjötra. En það er kannski það sem þeir vilja og þá er það þeirra mál. En þegar utanaðkomandi aðili kemur og ákveður hvernig og um hvað þeir semja þá erum við komin á hála braut.

**Gísli Freyr Valdórsson á ihald.is**

### Ábending til fréttamanna

Það er því full ástæða til að benda íslenskum fréttamönnum á eitt: Eftir nokkur ár verður Tony Blair ekki lengur við völd. George Bush ekki heldur eða Halldór Ásgrímsson. Eftir enn fleiri ár verða þeir dauðir og gleymdir og engu máli skiptir hvort þeir voru óvinsælir eða vinsælir þennan eða hinn daginn. Það sem stendur eftir eru hins vegar ákvarðanir eins og sú sem breska þingið hefur nú tekið. Þær eru sögulegar, ekki Tony Blair. Ef íslenskar fréttir og fréttir almennt eiga ekki að breytast í frekar slappan raunveruleikasjónvarpsþátt (með aðeins eldri og ófríðari keppendum en Survivor) þá er kominn tími til að þeir, sem þær segja, hætti að taka þátt í leikriti spunameistaranna og segi frá því sem máli skiptir. Og í þessu máli blasir við að pólitískt gengi Tony Blair skiptir litlu máli samanborið við innihald laganna sjálfra.

**Ármann Jakobsson á murinn.is**



# Stóra veis

## Stórglæsileg rósasýning -alla helgina

**Lukkupottur 1**
Fallegasta rósin

**Lukkupottur 2**
Fallaegasta rósin í brúðarvöndinn

**Lukkupottur 3**
Fallegasta nýja rósin 2006

## Yfir 60 tegundir af rósum

### Hefðbundnar rósir ásamt glænýjum tegundum

föndur föndur föndur föndur föndur föndur föndur föndur föndur föndur

## Vorlaukarnir komnir!



## GUGGURÁÐ:

Um að gera að drífa sig meðan úrvalið er mest!






## Ný lampagerðar-efni komin!

## Tilboð á rósum, pottaplöntum, mold ofl.

# lusýningin







Stekkjarbakka 6 | 109 Reykjavík | Sími 540 3300 | gardheimar@gardheimar.is | www.gardheimar.is




MAÐUR VIKUNNAR

# Gull upp úr gúanó

BUBBI MORTHENS SÖNGVARI

Söngvarinn Bubbi Morthens seldi sál sína í vikunni. Minna þarf til að verða „maður vikunnar“ í Fréttablaðinu!

En hinkrum annars við. Er það ekki fulllangt gengið að segja að hann hafi selt sál sína? Lýsir það ekki svolítið gamaldags hugsunarhætti að túlka samning Bubba og Sjóvár með þessum hætti? Má ekki allt eins segja að söngvarinn hafi með miklum klókindinum hámarkað kynningu á tónlist sinni og þjóðfélagsboðskap?

Allir hafa skoðun á Bubba Morthens. Hann öðlaðist heimsfrægð á Íslandi fyrir aldarfjórðungi með plötunni Ísbjarnarblús. Áður hafði hljómsveit hans Utangarðsmenn gert garðinn frægan á hljómleikum og böllum, ekki síst þar sem róttækir vinstrimenn komu saman til að djamma og djúsa. Dagblaðið Þjóðviljinn hampaði Bubba mjög á þessum tíma. Hann var „reiður ungur maður“, kynntur sem „farandverkamaður, galeiðuþræll, frystihúsverkari og neðanjarðarblúsari“. Á frægum tónleikum í Laugardalshöllinni haustið 1980, „Rokkað gegn her“, voru Bubbi og Utangarðsmenn í sviðsljósinu. Sama haust kom út plata þeirra Geislavirkir, sem poppfræðingar telja marka tímamót í íslenskri rokksögu.

Ekki þóttu öllum textar Bubba ýkja merkilegir. Jafnvel einstaka gáfumaður í röðum vinstri menningarvita efaðist um að hægt væri að tala um raunverulega samkeppni hans við Jónas Hallgrímsson og Matthías Jochumsson. Málið var tekið til umfjöllunar á málþingi í þáverandi höfuðvígi íslenskra rauðliða, heimspekideild Háskóla Íslands. Bubbi varði sitt, talaði um „gúanótexta“ þar sem áherslan væri á inntakið en ekki formið. Og hann sigraði. Hann bræddi hjörtu lærdómsmannanna í deildinni og boðskapurinn var látinn út ganga að Bubbi væri nýtt þróunarstig skáldskapar á Íslandi. Síðan hefur ríkt þokkaleg sátt um textagerð söngvarans. En ferill hans hefur verið skrykkjóttur eins og þjóðin veit því óregla setti mark sitt á líf Bubba um árabil. Eftir honum eru þessi orð höfð: „Þegar ég byrjaði í bransanum dreymdi mig um að verða frægur fyrir tónlistina mína. Alveg frá því ég var polli komst ekkert annað að. Svo gerðist það að ég varð frægur á einni nóttu og fékk sjokk þegar ég vaknaði upp við það morguninn eftir að ég var sami maðurinn og hafði farið að sofa kvöldið áður. Þá fór ég að leita: Hvar er þessi sælutilfinning? En hún var bara ekki þarna og þá tók ég það til bragðs að búa hana til.“ Bubba tókst þó að vinna sig út úr vímunni og varð í framhaldinu boðberi heilbrigðs lífernis. Er ekki að efa að sem slíkur hefur hann haft góð áhrif á marga unglinga sem líta upp til hans.



TEIKNING: HELGI SIG. – HUGVERKA.IS

Bubbi hefur komið víða við. Hann hafði um skeið mikinn áhuga á því að stæla líkama sinn. Hann var vinur lyftingakappans fræga Jóns Páls Sigmarssonar, sem er látinn. Bubbi varð annar í millivigt á íslenska meistaramótinu í ólympískum lyftingum vorið 1990. Hann er líka kunnur fyrir áhuga sinn á hnefaleikum. Grunur leikur á því að hann boxi í leyni við Ómar Ragnarsson.

Samningur Bubba og Sjóvár kveður á um að fyrirtækið eignist höfundarrétt að verkum hans. Sjóvá tekur áhættu og veðjar á að plöturnar hans seljist í framtíðinni og að hann eigi eftir að halda áfram áhugaverðri tónlistarsköpun meðan honum endist líf og heilsa. Í staðinn fær söngvarinn ríflega fyrirframgreiðslu. Hann getur gert upp skuldir sínar og lifað þokkalegu lífi.

Einhverjir virðast hafa áhyggjur af því að þetta þýði að Bubbi muni framvegis framleiða músík sem peningavaldið og borgarastéttin séu sátt við. Sumir telja að jafnvel þótt Bubbi ætli sér þetta ekki muni hann óafvitandi gera þetta. Þess vegna er talað um að hann hafi selt sálu sína. En þeir eru ekki síður margir sem trúa því að Bubbi Morthens muni ekki láta þetta hafa nein áhrif á sig.

Hann muni jafnvel verða enn róttækari í tónlist og texta nú þegar hann þarf ekki að hafa áhyggjur af því hvort afurðirnar seljist eða falli einhverjum í geð. Hann muni halda áfram að vinna gull úr gúanóinu sínu og gefa borgarastéttinni langt nef. Framtíðin ein sker úr um það hvað rétt er í þessu efni. ■

# Reykvískir unglingar standa sig vel

**UMRÆÐAN**
FORVARNIR



STEFÁN JÓN HAFSTEIN
BORGARFULLTRÚI

Árangur Reykjavíkurborgar í forvarnarmálum er nú orðinn útflutningsvara í evrópsku samstarfsverkefni, þar sem leitað er til þeirra sem taldir eru hafa náð markverðum árangri í borg. Þekking og árangur í Reykjavík eru útflutningshæf verðmæti að mati samstarfsþjóða okkar. Þetta og margt annað kom fram á fundi í Ráðhúsinu þar sem komu saman fulltrúar mennta-, tómstunda- og velferðarmála ásamt fræðimönnum til að ræða stöðu vímuvarna í borginni. Árangur hin síðari ár er markverður. Inga Dóra Sigfúsdóttir frá Rannsóknum og greiningu notaði orðin „umtalsverður sigur“ fyrir Reykjavík þegar hún fór yfir árangur síðari ára og stöðu forvarnarmála. Vímuefnaneysla unglinga í grunnskólum borgarinnar hefur minnkað verulega.

Árangurinn felst í mörgum ólíkum þáttum. Öflugt foreldrasamstarf skilar árgangri, sterkt venslanet í skólum, vel skipulagðar tómstundir – margt stuðlar að þessum sigri sem Inga Dóra nefndi. Sjálfum fannst mér fyrirlestar og upplýsingar sem fram komu á fundinum benda til ákveðinnar viðhorfsbreytingar. Áður hétu „forvarnir“ eitthvað sem merkti „fræðsla og áróður“ sem áttu að skila því að unglingar létu ekki freistast. Rannsóknir sýna okkur að í raun þarf að taka á miklu fleiri þáttum sem saman geta kallast mannrækt. Hún felur í sér að unglingum sé gefin hæfni og geta að taka ábyrgð á eigin lífi.

Við sjáum að árangur í vímuvörnum er háður ýmsum þáttum, og niðurstaða er breytileg eftir hverfum borgarinnar. Við teljum að með nýjum þjónustumiðstöðvum í öllum hverfum verði enn betur mögulegt en áður að samþætta og efla forvarnastarf á ýmsum sviðum og taka mið af aðstæðum í hverjum borgarhluta. Því verða haldnir fundir í hverfum borgarinnar á næstunni þar sem farið verður yfir stöðu mála í hverjum borgarhluta, upplýsingum miðlað og sótt í smiðju þeirra sem vel þekkja til á vettvangi. Hverfisráðin munu standa fyrir þessum fundum, enda einmitt hlutverk þeirra að miðla upplýsingum og kalla saman fólk þar sem vænlegt er að þekking og reynsla muni skila enn betri árangri. Til mikils er að vinna og óska má þeim sem unnið hafa að þessum málum til hamingju, en helst þó unglingum í borginni sem langflestir sýna vilja sinn í verki á svo jákvæðan hátt.

*Höfundur er formaður menntaráðs Reykjavíkur.*

## ■ LEIÐRÉTTING

Upphafsorð féllu niður í grein Hannesar G. Sigurðssonar hagfræðings „Rangfærslur um tekjuójöfnuð“ sem birtist í blaðinu í gær. Greinin átti að hefjast þannig: „Í umræðu um efnahags- og kjaramál er iðulega staðhæft að ójöfnuður sé mikill í landinu og aukist stöðugt. Þessu er gjarnan haldið fram í umfjöllun um stöðu fátæks fólks eða háar tekjur tiltekinna hópa. En er þetta rétt? Hvað segja fyrirliggjandi heimildir um þróun tekjuskiptingar á Íslandi og stöðu Íslands gagnvart öðrum þjóðum í þessum efnum?“ Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.


Fylgist með okkur - við fylgjumst með verðinu!
...fyrir góðan dag!
EKKERT BRUDL
Bónus býður betur!
Þjóðlegt og gott
II. og III. flokkur
199 kg KR.
ÚRVALS SÚPUKJÖT
499 kg KR.
Súpukjöt
FROSIÐ KS SÚPUKJÖT
Villikryddaður lambahryggur
1099 kg KR.
LAMBAHRYGGUR VILLIKRYDDAÐUR
Ferskir bitar
Ferskir Holta kjúklingabitar: Læri, leggir, vængir
HOLTA kjúklingavængir
164 kg KR.
45% afsláttur við kassann
Merkt verð 299kr.kg
HOLTA kjúklingalæri/leggir
329 kg KR.
45% afsláttur við kassann
Merkt verð 599kr.
45% afsláttur við kassann
Kjúklingar
FROSNAR DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR
Tilboðin gilda um helgina eða á meðan birgðir endast
ERAN/Landlist
Villikryddað lambalæri
999 kg KR.
Bónusís 2 lítrar
Súkkulaði Ís
Vanillu Ís 2 lítrar
159
2 LÍTRAR KR.
Kyllinge-brystfilét
FROSNAR DANSKAR BRINGUR
999 kg KR.
BEINLAUS NORÐLENSK LAMBASTEIK
KJARNAFÆÐI
Villijurtakryddað LÚXUS LAMBALÆRI
Villikrydduð lambasteik
1099 kg KR.
Lambakjöt
Allt að 40% ódýrari!
BÓNUS



Meira úrval
50% AFSLÁTTUR
40% AFSLÁTTUR
Gourmet grísakótilettur léttreyktar
947
kr./kg
Verð áður: 1.579
Bautabúrs bayonnes skinka
699
kr./kg
Verð áður: 1.481
Virk Sam-keppni
40% AFSLÁTTUR
Bautabúrs Dalapylsa
95
kr./stk.
Móa grillaður Kjúklingur
489
kr./stk.
Verð áður: 699
Beikon hleifur
444
kr./kg
Krónu súkkulaðikex
199
kr./pk.
Verð áður: 299
Skyr.is 170 gr
35
kr./stk.
Ömmu Kleinur
139
kr./pk.
Verð áður: 198
Smjörvi
114
kr./pk.
Opið alla daga
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

Sam-
keppni

KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI


# NÝ VERÐSTEFNA
# LÆKKUM
# VERÐ ENN FREKAR!



Myllu heilhveiti Samlokubrauð 1/1
**69** kr./stk.



Nóa Páskaegg Nr. 3
**379** kr./stk.




Gevalia Kaffi Rautt
**237** kr./pk.

Nýr valkostur



Kartöflur Gullauga
**99** kr./kg



Græn paprika
**115** kr./kg



Jöklasalat
**165** kr./kg

Í VERSLUNUM KRÓNUNNAR




# Frestur

til að skila skattframtali einstaklinga rennur út mánudaginn

21. mars 2005

Fresturinn er hinn sami fyrir launþega og menn með sjálfstæðan atvinnurekstur

Netframtalið hefur verið opnað

Framtöl, veflyklar og leiðbeiningar hafa verið borin út

Leiðbeiningar er einnig að finna á rsk.is

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI


## Úr bakherberginu...



**Sverrir áhorfandi**

Sverrir Hermannsson, fyrrum formaður Frjálslynda flokksins, sagði í samtali á Talstöðinni að hann skipti sér ekki af því sem gerðist í kosningum til embætta í flokknum. Sagðist sestur í helgan stein, en ekki alveg. Hann sagði enga ástæðu til að skipta um formann og lýsti þar með stuðningi við Guðjón Arnar Kristjánsson, sem eins og kunnugt er dró Sverri með sér á þing í kosningunum 1999. Guðjón er aftur á móti ekki í vafa um hvað hann vill. Hann vill að núverandi varaformaður, Magnús Þór Hafsteinsson, verði áfram í embætti. Eitthvað mistaldi Guðjón Arnar þegar hann færði rök fyrir skoðun sinni og benti á þingreynslu Magnúsar umfram Gunnar Örn Örlygsson, en á þeim munar heilum degi. Einum degi.

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is



**FRAMSÓKNARBANDIÐ** Hjálmar Árnason, formaður þingflokks Framsóknarflokksins og trommari, ber hér húðirnar ásamt hljómsveit á flokksþingi Framsóknar um síðustu helgi.

# Bestu vinir Dóra slá í gegn

Ný hljómsveit skipuð eintómum framsóknarmönnum kom fram á flokksþinginu um síðustu helgi. Hjálmar Árnason formaður þingflokksins spilaði á trommur. Hann útilokar ekki að hljómsveitin gefi út plötu.

**FLOKKSÞING** Á flokksþingi Framsóknar um síðustu helgi kom fram glæný og áður óþekkt hljómsveit skipuð ekki svo óþekktu fólki.

„Við lékum þarna heil tvö æfð lög og vorum jafnframt neydd til þess að taka óæft aukalag," segir Hjálmar Árnason, formaður þingflokks Framsóknarflokksins og trommari hljómsveitarinnar.

„Auk mín var hljómsveitin skipuð þeim Magnúsi Stefánssyni, Sigurði Egilssyni, Guðmundi Ragnarssyni og söngvararnir voru ekki af verri endanum heldur því Árni Magnússon félagsmálaráðherra og Sæunn Stefánsdóttir varaþingkona og aðstoðarkona heilbrigðisráðherra, sungu þetta kvöld. Við spiluðum þarna lögin Mustang Sally og Proud Mary og aukalagið Traustur vinur fyrir um fimmhundruð manns og höfðum afskaplega gaman af og síðan hef ég verið hamingjusamur maður," segir hann og hlær.

Að sögn Hjálmars er sveitin ónefnd ennþá en margar hugmyndir hafa komið upp, þar á meðal „Bestu vinir Dóra", og útilokar hann ekki að hljómsveitin gefi jafnvel út eitthvert efni.

Aðspurður hvernig þetta mikla hljómsveitarævintýri hafi komið til segir hann að allt hafi byrjað með kaupum hans á trommusetti fyrir nokkrum árum.

„Ég hef átt þennan draum síðan ég var lítill strákur og ákvað að láta hann rætast. Ég byrjaði að æfa mig úti í bílskúr og gekk nú mjög illa svo lítið sé sagt. Eftir flokksþingið hef ég þó öðlast meira sjálfstraust í þessu áhugamáli mínu og finnst fátt betra en að koma heim að loknu argaþrasi á þinginu og ganga út í bílskúr þar sem ég á unaðslegar stundir með þeim Charlie Watts, B.B. King og John Lee Hooker og fer vel á með okkur félögunum. Svo kem ég klukkutíma seinna aftur inn endurnærður og glaður."

hilda@frettabladid.is


Ef þú ert mikill aðdáandi hreingerninga þá biðjumst við velvirðingar á því að valda þér vonbrigðum.
Með Pergo gólfefni verður þú að finna þér eitthvað annað að gera í frítímanum þínum.

Rými ehf
Háteigsvegi 7
Reykjavík
Sími 511 1100
Bréfsími 511 1110

RÝMI




Stórútsala á Pergo parketi

Ótrúlegt verð

Ekki missa af gólfefnaútsölu ársins

Aðeins í nokkra daga

PERGO



Stórútsölumarkaður
40-90% afsláttur
Yfir 500 titlar af DVD myndum
50% afsláttur
1.499kr
Upph. verð 2.999.-
50% afsláttur
1.399kr
Upph. verð 2.799.-
50% afsláttur
499kr
Verð áður 999.-
50% afsláttur
499kr
Verð áður 999.-
50% afsláttur
1.499kr
Upph. verð 2.999.-
Yfir 500 titlar af geislaplötum
58% afsláttur
999kr
upph. verð 2.399-
999kr
Upph. verð 2.399-
999kr
Upph. verð 1.999
999kr
Upph. verð 2.399
999kr
Upph. verð 1.999
999kr
Upph. verð 2.399
799kr
Upph. verð 2.399
999kr
Upph. verð 2.399
999kr
Upph. verð 1.999
999kr
Upph. verð 2.399
499kr
Upph. verð 2.399
999kr
Upph. verð 2.399
999kr
Upph. verð 2.399
999kr
Upph. verð 2.399
239kr
Upph. verð 2.399
999kr
Upph. verð 2.399
58% afsláttur
999kr
upph. verð 2.399-
999kr
Upph. verð 2.399
999kr
Upph. verð 2.399
999kr
Upph. verð 1.999
799kr
Upph. verð 2.399
999kr
Upph. verð 2.399
Gildir til 7. mars eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla
PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer
800 6680
sími
568 2255
HAGKAUPA

**JÓSEF V. STALÍN (1879 – 1953)**
lést þennan dag.



*„Það nægir að fólk viti að kosningar hafi átt sér stað. Fólkið sem kýs ákveður ekkert. Fólkið sem telur atkvæðin ræður öllu.“*

***„Stálmennið“ hélt margar málamyndakosningar og vann jafnan yfirburðasigur í þeim. Sagan segir að eitt sinn hafi fundist kjörseðill sem á stóð „Þessi með yfirvaraskeggið er asni.“ Leyniþjónustan hafði uppi á höfundinum og færði hann fyrir Stalín sem spurði hvað þetta ætti að þýða. „Ég er vitaskuld að tala um Hitler,“ sagði maðurinn. „Auðvitað,“ tók Stalín undir, leit svo á yfirmann leyniþjónustunnar og spurði með hægð: „Hvern hélst þú að hann ætti við?“***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# Móðir send heim með rangt barn

„Mér fannst alltaf innst inni að það væri eitthvað að, ekki eins og það átti að vera,“ sagði Lena Betak fyrir 20 árum en þennan dag árið 1985 var hún send heim af fæðingardeild Landspítalans með rangt barn. Lena og maður hennar komu frá Danmörku og bjuggu ásamt dótturinni Liv á Kjalarnesi. Lena gekk með þeirra annað barn og fæddi aðra dóttur hinn 28. febrúar. Móður og barni heilsaðist vel og allt var með felldu þar til hinn 4. mars þegar Lenu var afhent dóttir sín til að setja á brjóst. Lena kannaðist ekki við að barnið sem hún var látin fá væri dóttir sín. „Ég sá strax að þetta var miklu minna barn en mitt, en samt ótrúlega líkt,“ sagði hún við blaðamann eftir atburðinn. Starfsfólk spítalans maldaði í móinn og sagði það ekki geta verið að þetta væri annað barn en hennar eigið. Þrátt fyrir mótbárur var Lena send heim með barnið hinn 5. mars. Skömmu eftir að fjölskyldan kom heim hringdi síminn og starfsmaður spítalans tilkynnti Lenu að hræðileg mistök hefðu átt sér stað; tveimur börnum hafði verið víxlað í vöggur og Lena látin fá barn sem fæddist 3. mars. Fjölskyldan rauk hið snarasta niður á spítala og hafði barnaskipti við foreldrana sem voru með barn Betakhjónanna. Þáverandi yfirlæknir á fæðingardeild Landspítalans, var miður sín yfir mistökunum og sagði þetta gamlan skrekk allra fæðingarstofnana. Þetta er eins og þegar maður tekur vitlausa tösku á handahlaupum á flugvelli,“ var haft eftir honum í DV árið 1985.



**5. MARS 1985**

## MERKISATBURÐIR

- **1461** Hertoginn af Jórvík steypir Hinrik VI af stóli í Rósastríðinu í Bretlandi.
- **1558** Francisco Fernandes kynnir Evrópubúum tóbaksreykingar.
- **1616** Kaþólska kirkjan bannar rit Kópernikusar því sólmiðjukenning hans gekk gegn kennisetningum kirkjunnar.
- **1807** Fjórða sinfónía Beethovens í B-dúr flutt í fyrsta skipti.
- **1865** Möðruvallarkirkja í Hörgárdal brennur.
- **1897** Fyrsti háskóli fyrir svarta stofnaður í Bandaríkjunum.
- **1933** Þýski nasistaflokkurinn vinnur meirihluta í þingkosningum.
- **1946** Winston Churchill flytur ræðuna um „járntjaldið“ milli austurs og vesturs.
- **1955** Elvis Presley kemur fram í sjónvarpi í fyrsta skipti.

## FÆDDUST Á ÞESSUM DEGI



**1908** Rex Harrison, leikari. Hann lék meðal annars í My Fair Lady og Dagfinni dýralækni.



**1957** Mark E. Smith. Söngvari ensku hljómsveitarinnar The Fall og Íslandsvinur.

## AFMÆLI



**Jón Ormur Halldórsson** stjórnmálafræðingur er 51 árs í dag.



**Sigurður Valur Sveinsson** handknattleiksmaður er 46 ára í dag.

**Eggert Þór Aðalsteinsson** sagnfræðingur er 29 ára í dag.

# Skóflustunga tekin í dag



**STÖÐVARHÚSIÐ** Tölvuteikning af stöðvarhúsinu við Hellisheiðarvirkjun.

Formlegt upphaf framkvæmda við Hellisheiðarvirkjun verður staðfest með skóflustungu að nýju stöðvarhúsi virkjunarinnar við Kolviðarhól klukkan 14.30 í dag. Helgi Pétursson, verkefnisstjóri hjá Orkuveitu Reykjavíkur, segir að gert sé ráð fyrir að fyrsti hluti virkjunarinnar verði tilbúinn í maí á næsta ári og rafmagnsframleiðsla geti hafist haustið eftir.

Afkastageta virkjunarinnar eftir fyrsta áfanga verður 90 megavött. Heitavatnsframleiðsla fylgir á næstu þremur árum en Norðurál kaupir allt rafmagn.

- bs



**HRAFN JÖKULSSON** Hrókurinn byrjaði sem brandari á Grandrokk haustið 1998 en átti eftir að vinda upp á sig og teygja sig út fyrir landsteinana.

TÍMAMÓT: NÝR ÍSLANDSMEISTARI Í SKÁK

# Brandari sem dreifðist um allan heiminn

„Við höfum náð okkar markmiðum í keppni og ætlum nú að beina kröftum okkar að grasrótarstarfinu og látum af bikarunum glaðir í bragði,“ segir Hrafn Jökulsson, formaður skákfélagsins Hróksins sem hefur hætt keppni í skák.

Íslandsmeistaramótið í skák stendur nú yfir og verður nýr meistari krýndur í dag. Hrókurinn hefur unnið titilinn síðastliðin þrjú ár. Þetta er í fyrsta skipti sem Hrókurinn keppir ekki á Íslandsmeistaramótinu, en Hrafn segir Hróksmenn engu að síður áberandi á mótinu, þar sem þeir keppi fyrir önnur lið.

Hrókurinn hefur fyrir löngu getið sér það orð að vera ein öflugasta grasrótarhreyfing landsins; Hrafn og félagar virðast óþreytandi í trúboðinu. „Sem dæmi má nefna voru um 20 uppákomur á vegum Hróksins í síðustu viku einni saman. Við höfum boðið tugum erlendra skákmeistara til landsins og haldið mörg alþjóðleg mót en stoltastir erum við af uppbyggingarstarfinu í skólum landsins. Á síðustu þremur árum höfum við farið í um 600 skólaheimsóknir um allt land. Hrókurinn er því enganveginn allur þó að hann sé hættur keppni, hann hefur í raun aldrei verið fjörugri,“ segir Hrafn.

Hrókurinn var stofnaður af skákáhugamönnum á Grandrokk við Klapparstíg haustið 1998. „Við segjum í fullri alvöru að þetta byrjaði sem brandari. Við ætluðum að taka þátt í einu Íslandsmóti, vinna eins marga sigra og hægt var og hafa gaman af þessu, sem og við gerðum,“ segir Hrafn. Brandarinn vatt upp á sig sem og metnaður Hróksmanna; þeir byrjuðu í fjórðu deild og sigruðu eina deild á ári þar til þeir unnu loks Íslandsmeistaratitilinn árið 2002. Titlinum héldu þeir í tvö ár til viðbótar. Félögum í Hróknum hefur stórfjölgað, starfsemi félagsins teygir sig um allt land og jafnvel út fyrir landsteinanna. „Við erum með sendinefnd í Namibíu sem verður þar í sex vikur. Þá höfum við beitt okkur fyrir landnámi taflsins á Grænlandi og rekum skákskóla í Sarajevo,“ segir Hrafn.

Hrafn spáir hinu fornfræga Taflfélagi Reykjavíkur sigri á mótinu í dag. „Ég myndi veðja á þá, en þeirra helstu keppinautar eru Hellir og nýliðar Eyjamanna, en þar hefur verið sannkölluð skáksprenging.“ Sjálfur keppir Hrafn fyrir Fjölni í fjórðu deild og unir sér vel þar. „Mér til mikillar ánægju fæ ég að tefla við einn efnilegasta skákmann landsins, Ingvar Ásbjörnsson, sem er ekki nema þrettán ára gamall og eitt mesta efni sem hefur komið fram lengi.“

Hrafn viðurkennir fúslega að hann hafi ekki séð þessa atburðarás fyrir á sínum tíma. „Útsýnið mitt var afar takmarkað haustið 1998 en eitt leiddi af öðru og brandarinn á Grandrokk dreifðist svo sannarlega út.“ ■



†

*Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir og afi,*

**Guðmundur Eyjólfsson**

Hrafnistu í Reykjavík, áður til heimilis að Álftamýri 49,

er lést 24. febrúar á Hrafnistu í Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju mánudaginn 7. mars kl. 15.

**Eyjólfur Guðmundsson, Eygló Úlfhildur Ebenesardóttir, Hörður Guðmundsson, Anna Margrét Tryggvadóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Vilhjálmur Sigurgeirsson, Þórunn Guðmundsdóttir, Ólafur R. Vilbertsson, Guðveig Nanna Guðmundsdóttir, Sigurður Grétar Geirsson, Guðlaugur Björn Guðmundsson, Anna María Valdimarsdóttir, Sigurjón Guðmundsson, Dagbjört Erla Ásgeirsdóttir og afabörn.**



†

*Okkar ástkæri*

**Kristinn Hólm Vigfússon**

Ránargötu 23, Akureyri,

lést á gjörgæsludeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri sunnudaginn 27. febrúar. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 7. mars kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

**Anna Rósantsdóttir, Lára Björk Kristinsdóttir, Halldór Árnason, Bragi Hlíðar Kristinsson, Fríða Pétursdóttir, afabörn og langafabarn.**

## ANDLÁT

**Lára S. Ólafsson** lést mánudaginn 21. febrúar. Útförin fór fram í kyrrþey.

**Aðalheiður Ósk Jónsdóttir**, Aðalgötu 1, Keflavík, lést mánudaginn 28. febrúar.

**Soffía Einarsdóttir**, Furugrund 54, Kópavogi, lést þriðjudaginn 1. mars.

**Árni Vilhjálmsson**, Urðarteigi 5, Neskaupstað, lést miðvikudaginn 2. mars.

**Jóhanna Baldvinsdóttir**, Grund, lést miðvikudaginn 2. mars.

**Sveinn Gamalíelsson**, Kópavogsbraut 20, lést miðvikudaginn 2. mars.

## JARÐARFARIR

11.00 **Haraldur Guðbergsson** verður jarðsunginn frá Sauðárkrókskirkju.

13.00 **Siggeir Jóhannsson**, bóndi, Núpum, Ölfusi, Sóltúni 5, Selfossi, verður jarðsunginn frá Hveragerðiskirkju.

14.00 **Anna Kjartansdóttir**, frá Hrauni, Hnífsdal, verður jarðsungin frá Hnífsdalskapellu.

14.00 **Gestur Þórarinsson**, Urðarbraut 4, Blönduósi, verður jarðsunginn frá Blönduóskirkju.

14.00 **Ingveldur Gísladóttir**, frá Patreksfirði, verður jarðsett í Patreksfjarðarkirkjugarði að lokinni minningarathöfn í Patreksfjarðarkirkju.

14.00 **Sigursteinn G. Melsteð**, Ásvegi 21, Breiðdalsvík, verður jarðsunginn frá Heydalakirkju.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.740 **-0,04%**

**Fjöldi viðskipta:** 174
**Velta:** 1.829 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Kögun** | 1,87% | **Atorka** | -0,83% |
| **Tryggingamiðstöðin** | 1,85% | **SÍF** | -0,60% |
| **Flugleiðir** | 1,41% | **KB banki** | -0,39% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 39,30 +0,26% ... Atorka 5,95 -0,83% ... Bakkavör 27,80 – ... Burðarás 13,55 – ... Flugleiðir 14,40 +1,41% ... Íslandsbanki 11,60 – ... KB banki 510,00 -0,39% ... Kögun 54,60 +1,87% ... Landsbankinn 14,55 -0,34% ... Marel 56,80 +0,89% ... Medcare 5,99 +1,35% ... Og fjarskipti 3,83 – ... Samherji 11,30 +0,89% ... Straumur 9,80 +0,51% ... Össur 83,50 +1,21%

*Tölur frá kl. 15.40 í gær. Nýjustu tölur á visir.is*

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

# Tap á rekstri deCode vex

## Aukin áhersla á lyfjaþróun er kostnaðarsöm en talin geta skilað miklum tekjum.

Móðurfélag Íslenskrar erfðagreiningar tapaði 57,3 milljónum Bandaríkjadala í fyrra. Það samsvarar um þremur og hálfum milljarði íslenskra króna. Árið 2003 var tapið á rekstrinum 35,1 milljón.

Tekjur félagsins drógust saman milli ára og segir í frétt frá deCode að þetta megi rekja til þeirrar áherslubreytingar í rekstrinum að beina sjónum í auknum mæli að þróun lyfja í stað þess að veita lyfjafyrirtækjum þjónustu.

Í tilkynningunni segir einnig að ástæður aukins taps séu auk áherslubreytingarinnar að kostnaður hafi fallið á félagið vegna útgáfu skuldabréfa og áhrif gengissveiflna í rekstrinum. Félagið rekur umfangsmikla starfsemi á Íslandi en stærstur hluti teknanna er í erlendri mynt og því er félagið viðkvæmt fyrir áhrifum sterks gengis krónunnar.

DeCode stefnir að því að í lok þessa árs verði fyrirtækið með þrjú lyf í lyfjaprófunum sem eru undanfari þess að unnt sé að setja lyf á markað. Fram hefur komið í tengslum við uppgjörið að skammt sé þess að bíða að lyfjaprófanir hefjist á lyfi sem deCode hefur þróað gegn æðakölkun.

Gengi hlutabréfa í deCode lækkaði lítillega við opnun markaða í Bandaríkjunum í gær. - þk



**TAPIÐ VEX** Íslensk erfðagreining beinir nú kröftum sínum í auknum mæli að þróun nýrra lyfja sem hefur í för með sér mikinn kostnað við rannsóknir.



MYND/AP

**Á HEIMLEIÐ** Martha Stewart er á heimleið eftir fangelsisdvöl. Hún var dæmd fyrir að segja ósatt en grunuð um innherjasvindl.

# Martha látin laus

Sjónvarpssstjarnan Martha Stewart, sem dæmd var í fangelsi fyrir að hindra framgang réttvísinnar í innherjasvikamáli, var látin laus í gær. Martha er þó ekki laus allra mála, þar sem hún verður í stofufangelsi næstu fimm mánuði.

Martha Stewart seldi bréf í ImClone Systems skömmu áður en verð bréfanna hrundi. Talið var að hún hefði búið yfir innherjaupplýsingum um að bandaríska lyfjaeftirlitið myndi hafna krabbameinslyfi ImClone. Martha Stewart var ekki dæmd fyrir svikin, heldur fyrir að hafa logið að rannsóknarmönnum í málinu. - hh

# Kögun yfir væntingum

Afkoma Kögunar var nokkru betri en greiningardeildir bankanna höfðu spáð. Hagnaður Kögunar í fyrra nam 453 milljónum króna eftir skatta.



**GUNNLAUGUR SIGMUNDSSON** Forstjóri Kögunar.

Félagið er ósamanburðarhæft milli ára eftir miklar breytingar. Hugur og Landsteinar Strengur voru keypt á árinu og jókst veltan um 297 prósent milli ára og var tæpir fimm milljarðar. Opin kerfi voru einnig keypt og kemur rekstur þeirra inn í rekstur Kögunar frá áramótum. Reiknað er með að veltan á þessu ári verði fjórföld miðað við í fyrra.

Framlegð félagsins minnkaði á milli ára og var rúmlega þrettán prósent af tekjum, en var um nítján prósent af tekjum árið áður. - hh

**SPÁR UM HAGNAÐ KÖGUNAR FYRIR 2004**

| | |
|---|---|
| KB banki | 413 |
| Íslandsbanki | 430 |
| Landsbankinn | 335 |
| **Niðurstaða** | **453** |

Í milljónum króna

RÝMINGARSALA!
AÐEINS Í DAG!
RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM
ALLT AÐ MILLJÓN KRÓNUR Í AFSLÁTT



1 stk.
NÝR COSMOS húsbíll 4x4
Verð áður: 5.800.000
Verð nú: 5.400.000



1 stk.
NÝR KNAUS húsbíll Sport Tr.
Verð áður: 4.384.000
Verð nú: 3.990.000



NÝ KNAUS hjólhýsi '04
1 stk. SUDWIND
Áður: 1.995.000
NÚ: 1.780.000
2 stk. SPORT
Áður: 1.829.000
NÚ: 1.620.000




1 stk.
NÝR Grand Cherokee '05
Limited 4x4
5,7 l. Hemi V8, 330 HP
Verð áður: 5.490.000 Verð nú: 4.990.000



1 stk.
CHRYSLER CROSSFIRE - NÝR
Lúxus sportbíll
Verð áður: 5.950.000 Verð nú: 4.990.000



VIKING fellihýsi '04 - 2 ný
COLEMAN fellihýsi - 2 notuð

Opið laugardag frá 11-16

Netsalan ehf.
Knarravogur 4, • 104 Reykjavík • Sími 517 0220
www.netsalan.com



# OPNUN
# KLUKK

BJÓÐUM UPP Á KAFFI OG KLEINUR
Í TILEFNI DAGSINS.

BOLIR, BLÖÐRUR OG FL. FYRIR BÖRNIN.





50% AFSLÁTTUR

ÁÐUR 29.900,-

**14.900,-**

„BONNI" HÆGINDASTÓLL

GLÆSILEGUR LEÐUR HÆGINDASTÓLL.
FÁANLEGUR Í SVÖRTUM OG KREM LIT.



50% AFSLÁTTUR

ÁÐUR 69.900,-

**34.900,-**

„ARABELLA" BORÐ + 4 „AMOR" STÓLAR

GLÆSILEGT BORÐSTOFUSETT Á ÓTRÚLEGU VERÐI!




sparið 500,-

ÁÐUR 1.490,-

**990,-**

„SANJA" SÆNGURVERASETT

MJÖG FALLEG KREP SÆNGURVERASETT.
MÖRG FALLEG MUNSTUR. 100% BÓMULL.
SÆNGURVER 140X200 SM. KODDI 50X70 SM.




sparið 2.000,-

ÁÐUR 6.990,-

**4.990,-**

„HØIE EXCLUSIVE" SÆNG

LÚXUS THERMOSÆNG SEM MÁ ÞVO.
MJÚKT OG ÞÆGILEGT ÁKLÆÐI.
STÆRÐ 135X200 SM.



sparið 1.000,-

ÁÐUR 2.990,-

**1.990,-**

„THERMO LUX" SÆNG OG KODDI

FYLLING SILIKONHÚÐAÐAR HOLTREFJAR.
ÞYNGD 2X550G. ST. 140X200 SM.
KODDI ST. 50X70 SM.

**...M Í DAG**
**...AN 8:00**




## LAUGARDAGINN 5. MARS

**OPNUM STÆRRI OG GLÆSILEGRI VERSLUN Á SMÁRATORGI.**



50% AFSLÁTTUR

ÁÐUR 9.990,-

**4.990,-**

**„FIRENZE" FATASKÁPUR**

FRÁBÆR FATASKÁPUR Á FRÁBÆRU VERÐI!

hoie

Litlsháttar útlitsgallað



50% AFSLÁTTUR

ÁÐUR 3.990,-

**1.990,-**

**„HØIE UNIQUE" SÆNG**

VÖNDUÐ THERMOSÆNG FYLLT MEÐ 2X600G AF HOLTREFJUM.135X200 SM. FRÁBÆR SÆNG Á FRÁBÆRU VERÐI!

blū



sparið 10.000,-

Serta

QUEEN ÁÐUR 49.900,-

**39.900,-**

**„BLU MOON" AMERÍSK DÝNA**

**Gormakerfi:**............................390 LFK gormar (Queen)
**Hliðar:** Sérstök hliðarstyrking og einstakur stuðningur við brúnir
**Bólstrun:** ........................Mörg lög af þjöppuðum svampi
**Áklæði:**..........................................Ullar og silkiblanda
**Stærð:**......................................................153x203 sm
**Grind:**............................................................**5.990,-**



50% AFSLÁTTUR

ÁÐUR 4.990,-

**2.490,-**

**„JASON" TÖLVUBORÐ**

TÖLVUBORÐ SEM HENTAR VEL ÞAR SEM PLÁSS ER LÍTIÐ. ST: B. 80 SM, D. 60 SM OG H. 75 SM.



50% AFSLÁTTUR

ÁÐUR 9.990,-

**4.990,-**

**„MARCUS" HILLLA**

GLÆSILEG HILLA MEÐ GLERHILLUM SEM SMELLPASSAR VIÐ „JASON" TÖLVUBORÐIÐ.

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**Öll tilboðin í þessari auglýsingu gilda einungis laugardaginn 5. mars í Rúmfatalagernum í Smáratorgi.**

# Mamma er mælikvarðinn

**Hann situr einn í sófunum á Hótel Borg. Gylltur pilsner hringsnýst í háu glasi. Þetta er fallegur maður, hávaxinn, karlmannlega skeggjaður og skarpur til augnanna. Er staðfastur í viðmóti en afslappaður og hlýr. Segist kominn á þann stað í lífinu að þurfa að veita Fréttablaðinu viðtal. Tími aðalhlutverkanna sé kominn. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir settist í sófann hjá leikaranum Birni Hlyni Haraldssyni.**

Björn Hlynur hefur aldrei viljað veita viðtal áður. Þetta er því stór stund.

„Maður getur varla opnað blað án þess að þar sé leikari að tjá sig. Leikarar eru ekkert meira spennandi en annað fólk og mér leiðist hvað leikarar bera sjálfa sig prívat og persónulega á torg. Ég hef viljað halda mig utan við þetta, enda ekki fyrr en á þessu ári sem ég sést í aðalhlutverkum og andlit mitt fer að þekkjast.“

Það togar í hann að vera metinn af verkum sínum, frekar en persónu sinni, og honum finnst ágætur árangur að hafa unnið sem leikari í tvö ár án þess að vera þekktur. Hann sé prívatmaður og segir áberandi fólk í fjölmiðlum vera þá sem leita eftir því og biðja um það sjálfir.

„Það þekkir mig ekki kjaftur á götum úti, sem kannski hefur með verkefnaval mitt að gera. Leikhúsið sækir bara viss hópur, en þetta gæti breyst þegar Reykjavíkurnætur verða frumsýndar í síðasta Idol-þættinum á föstudag.“

Víst er að fleiri eiga eftir að horfa tvisvar á eftir Birni Hlyni eftir að nýja sjónvarpssyrpan fer í gang, en hann segist óhræddur við frægðina.

„Mér hefur þótt hallærislegt þegar leikarar þykjast feimnir og athyglisfælnir, því allir vilja þeir athygli. Kollegi minn sagði samfélagslega skyldu leikara að koma fram í fjölmiðlum og segja frá sjálfum sér, en mér finnst það vitleysa. Maður getur auk þess orðið háður því og varhugavert að láta slíkt stjórna því sem maður gerir.“

### Grænar bólur

Leikarinn er kominn í viðtalsstuð. Segist ekki vita hvenær leiklistargyðjan birtist honum, enda ekki kominn af leikhúsætt heldur iðnaðarmönnum.

„Á vissan hátt ákveða fáir að verða leikarar. Það er ákveðið fyrir mann. Tvö hundruð manns taka inntökupróf í leiklistarskólann, en fæstir þeirra eru staðráðnir í að verða leikarar. Ég var aldrei í leikfélögum í menntaskóla og fór tíu ára í leikhús að sjá Pólitíska könnusteypirinn vegna þess að faðir minn lék í því í Herranótt. Mér þótti það svo leiðinlegt að ég fékk grænar bólur og ég bara keyrði framhjá leikhúsi. Í inntökuprófinu fannst mér ég síst vera týpan í þetta en þeir sem lentu með mér í bekk voru meira og minna alveg eins og ég. Fólk hefur nefnilega vissar hugmyndir um leikarara og það hafði ég líka. Þeir eiga að vera mikið út á við og sjálfumglaðir, og kannski hræsni að segja að maður sé ekki þannig sjálfur. Allir vilja athygli og njóta þess að standa fyrir framan áhorfendur.“

Ef athyglin fer úr böndunum núna segist Björn Hlynur ekki hafa haft þörf fyrir að glugga í handbók frægðarinnar.

„Ég hræðist ekki frægðina, en mun koma í veg fyrir að verða Coca-Cola-kallinn. Í Reykjavíkurnóttum leik ég sjálfumglaðan letihaug og finnst gaman að leika persónur sem mér finnst vera fyndnar í samfélaginu, þótt ég skelfist um leið að vera þannig sjálfur. Kannski er ég líka sjálfumglaður letihaugur gagnvart vinum og fjölskyldu því manni hættir til að sýna sitt rétta andlit í eigin hópi, og bróður mínum finnst ég aldrei vinna neitt, en hann er smiður,“ segir hann og kímir með óþekktarsvip.

### Ófullnægðir leikarar

Björn Hlynur er einn fjögurra leikara sem stofnuðu leikhópinn Vesturport. Sá sló í gegn með frumlegri útfærslu á Rómeó og Júlíu sem sýnt hefur verið í tvö ár, nú síðast á West End í Lundúnum.

„Vesturport átti að verða umræðugrundvöllur, því í leikhúsheiminum er umræðan aðallega meðal fólks í leiklistarskólum og á börunum. Með tímanum fara menn að vinna hver í sínu horni, þetta verður rútína og fólk berst við leiðann. Það kom mjög á óvart hve margir leikarar eru ósáttir og ófullnægðir í starfinu. Endalaust margir vilja vinna við leiklist og því á hún ekki að vera neitt annað en eitt stórt ævintýri. Held að fólk gleymi stundum hvers vegna það er að þessu.“

> **„Í leikhúsheiminum er umræðan aðallega meðal fólks í leiklistarskólum og á börunum. Með tímanum fara menn að vinna hver í sínu horni, þetta verður rútína og fólk berst við leiðann. Það kom mjög á óvart hve margir leikarar eru ósáttir og ófullnægðir í starfinu.**

Hann segir hugsanabreytingu verða að eiga sér stað í leikhúsinu.

„Leikhús heimsins þjást af mikilli minnimáttarkennd gagnvart bíómyndum og sjónvarpi, en leikhúsið verður að nýta sér kvikmyndir og sjónvarp, í stað þess að segja það hafa eyðilagt leikhúsið. Á Íslandi er fullkomið tækifæri til þess vegna smæðarinnar. Við þurfum að átta okkur á hvaða sögu við viljum segja og hvers vegna við ætlum að reka leikhús.“

Björn Hlynur tekur sopa af pilsnernum og hugsar sig um.

„Flestar uppgötvanir og byltingar verða til upp úr leiða, svo leiðinn á sínar góðu hliðar. Maður verður að trúa að leiklist geti breytt heiminum, en hún gerir það ekki eins og hún er í dag. Hún er krydd í tilveruna, sögustund, dægrastytting, og það er ekkert endilega slæmt. Varpar ljósi á hluti sem við gleymum stundum í lífinu sem áhorfendur en kannski vitleysa í manni að halda að hún þurfi að breyta heiminum, einum og einum í einu er nóg,“ segir hann glettinn í augunum.

### Hættulegar hugmyndir

Í andrúmi hótelsins leika alvarlegir klassískir tónar. Björn Hlynur segist í eðli sínu einlægur. Hann er fjölskyldumaður. Faðir fjögurra ára dóttur.

„Tíu sekúndum áður en sýning hefst hugsa ég alltaf hvern andskotann ég er að gera. Sviðsskrekkurinn er samt aðeins á undanhaldi. Það er ekki alltaf auðvelt að sýna glugga sem maður er ekki mikið fyrir að opna sjálfur. En svona kynnist maður sjálfum sér smátt og smátt. Þannig var með Rómeó og Júlíu. Við fórum í líkamsþjálfun og komumst að því að sum okkar gátu gert hluti sem við héldum að okkur væru ógerlegir. Þetta er mikilvægt fyrir leikara því annars sýna þeir alltaf sömu hliðar, koma með sömu hugmyndirnar og sömu viðbrögðin. Góðir leikarar eru óútreiknanlegir.“

Vesturport sýndi Rómeó og Júlíu á West End í þrjá mánuði. Átta sýningar í viku.

„West End-heimurinn er ekki endilega fyrir verk eins og okkar. Þetta er mikið sölubatterí og það sem gengur þar ár eftir ár eftir ár er sömu söngleikirnir. En okkur gekk vel með Shakespeare og ögrun að fara með svo heilagt verk til uppruna síns í Bretlandi. Venjulega er Shakespeare ekki settur upp á West End, en á sama tíma var annar hópur að sýna klassíska uppfærslu á Rómeó og Júlíu í skelfilegum sokkabuxum og allt. Þetta voru hálfgerðar vinnubúðir hjá okkur, minntu á herinn og þurfti að passa upp á að allir borðuðu og svæfu rétt til að hafa sem mest úthald.“

Hjá Vesturporti er kvikmyndin Kvikindi í burðarliðnum og á teikniborðinu er að kvikmynda leikritið Brim um sjómenn í Vestmannaeyjum.

„Við í Vesturporti pössum upp á hvert annað, svo við verðum ekki leið. Því koma oft upp grófar hugmyndir eins og að kvikmynda Brim úti á ballarhafi, vera sjóveikur í mánuð og láta sig bara hafa það. Um leið verður hugmyndin spennandi og hættuleg, og maður fær í magann við tilhugsunina,“ segir Björn Hlynur hlæjandi.

### Að koma nakinn fram

Á hausti komanda verða Strákarnir okkar frumsýndir í íslenskum bíóhúsum, þar sem Björn Hlynur fer með aðalhlutverkið. Myndin fjallar um samkynhneigt knattspyrnulið, en okkar maður brýtur blað í innilegum ástarsenum með öðrum karlleikara. Hann segist til í ýmislegt fyrir leiklistina, ef það hjálpar heildarútkomunni.

„Mamma er mælikvarðinn. Hún er orðin ýmsu vön. Ég hef svo oft gengið fram af henni með hlutverkavali. Fyrsta hlutverkið í Englabörnum fjallaði um kynferðislega misnotkun og í Lykli um hálsinn, sem Reykjavíkurnætur eru beint framhald af, er mikið um ofbeldi og djöfulgang. Menn sjá stundum rómantík í því að til dæmis fita sig um 40 kíló fyrir hlutverk eða koma nakinn fram. Sjálfur hef ég sýnt á mér typpið oftar en einu sinni á sviði og er auðvitað feiminn við það, en tek það ekki mjög nærri mér.“

Og vissulega ætlar hann að horfa á frumsýningu Reykjavíkurnótta á Stöð 2 á föstudagskvöldið.

„Ef ég verð ekki sofnaður. Ég svæfi oft stelpuna mína og sofna með henni fram á nótt,“ segir hann brosmildur en spenntur. Annað væri ekki hægt. ■



**LEIKARI OG PRÍVATMAÐUR** Björn Hlynur Haraldsson hefur lítið látið fyrir sér fara þótt hann hafi oftsinnis stolið leiksenunni síðustu tvö árin. Kastljós frægðarinnar sýnir varla lengur sömu miskunn. Leikarinn lítilláti verður í tveimur aðalhlutverkum á næstunni; í sjónvarpsþáttunum Reykjavíkurnætur og kvikmyndinni Strákarnir okkar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|
| REYKJAVÍK 8.21 | 13.39 | 18.59 |
| AKUREYRI 8.09 | 13.24 | 18.41 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

**bílar o.fl.**
Reynsluakstur á Skoda Octavia
BLS. 2



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

*Góðan dag!*
Í dag er laugardagur 5. mars, 64. dagur ársins 2005.




Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is

**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 4*

**Flokkar**
- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**
vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Páll er stoltur eigandi Cherokee-jeppa og nýtur frelsisins sem jeppinn veitir honum.

# Gaman að keyra utan vega

***Páll Dagbjartur Sigurðsson húsasmiður hefur alltaf verið með bíladellu en keypti sér sinn fyrsta jeppa, Jeep Cherokee dísil árgerð 1995, fyrir einu og hálfu ári.***

„Ég hafði aldrei átt jeppa þegar ég keypti Cherokee en ég fékk algjöra jeppadellu þegar ég fékk hann. Mig var búið að langa í jeppa lengi og það er ekki aftur snúið núna. Ég á aldrei eftir að kaupa mér neitt annað en jeppa. Áður en ég keypti jeppann átti ég Mercedes Benz 240 C árgerð 1998 og þá var ég mikill sportáhugamaður. Nú hefur það aldeilis breyst,“ segir Páll.

Páll keypti jeppann af því að honum bauðst hann upp í skipti og því má segja að þetta hafi verið skemmtileg tilviljun. En ætli Pál langi ekki í annan jeppa á næstunni? „Jú, mig langar að skipta. Mann langar alltaf í meira og meira, stærri og stærri og meira breyttan. Draumajeppinn í dag er Toyota Hilux 35 tommu breyttur og er ég að leita mér að slíkum grip. Reyndar skipti ég oft um draumajeppa en það stendur til að skoða Hilux,“ segir Páll, sem breytti Cherokee-jeppanum aðeins. „Hann er 31 tommu breyttur. Ég vil samt frekar kaupa tilbúinn jeppa einfaldlega vegna þess að það kemur miklu betur út peningalega.“

„Ég hef alltaf verið bílakarl og ég fékk meira að segja fyrsta bílinn minn löngu áður en ég fékk bílpróf. Ég og vinur minn áttum Citroën árgerð 1984 saman og ég held að við höfum verið fjórtán ára þá. Við fengum reyndar ekki að keyra hann því pabbi hans var algjör Citroën-maður,“ segir Páll og hlær.

En hvað er það sem er svona heillandi við jeppana? „Sumir sem eiga jeppa, þá sérstaklega dýra jeppa, finnst eins og það sé eitthvað einkenni eða stolt. Mér finnst bara gaman að geta farið hvert sem ég vil í hvaða veðri og færð sem er. Jeppinn hentar mér líka í vinnunni því ég get dregið kerru eða hjólhýsi auðveldlega. Það er svo gott að vera ekki háður öðrum og það er þetta frelsi sem ég finn í jeppanum. Mér finnst líka mjög gaman að keyra utan vega.“ ■

## LIGGUR Í LOFTINU
*í bílum*

**16.500 ökutæki** voru nýskráð á síðasta ári samkvæmt tölum frá Umferðarstofu. Alls voru 12.600 ökutæki nýskráð árið 2003 og aukningin er því um það bil 31 prósent milli ára. Þegar verðmæti innfluttra einkabíla á föstu verðlagi er skoðað kemur fram að verðmætið jókst úr 12.207 milljónum króna árið 2003 í 16.970 milljónir króna á síðasta ári. Þetta jafngildir um 39 prósenta aukningu milli ára.



**Tékkneski bílaframleiðandinn Skoda** ætlar að bæta litlum jepplingi í flota sinn á næstunni. Frumgerð jepplingsins er sýnd á bílasýningunni í Genf sem nú stendur yfir þar sem hann er kynntur undir nafninu Yeti. Skoda-jepplingurinn er af svipaðri stærð og smájeppinn Suzuki Ignis. Hann er þriggja dyra og svipaður að stærð og Volkswagen Polo.



**General Motors** hefur valið verksmiðju sína í Russelsheim í Þýskalandi til að framleiða miðlungsstóra Opel- og Saab-bíla fyrir Evrópumarkað. General Motors vildi ekki framleiða bílana í Svíþjóð eins og gert hefur verið hingað til, til að minnka kostnað. Á síðasta ári tilkynnti General Motors áætlun um að skera niður allt að tólf þúsund störf í Evrópu enda stendur bílaframleiðandinn sig ekki alveg í samkeppninni.

*bilar@frettabladid.is*

Frjáls íbúðalán 4,15% vextir

100% veðsetningarhlutfall

Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti

Lánin eru verðtryggð og bera fasta 4,15% vexti sem eru endurskoðaðir á fimm ára fresti. Hægt er að greiða upp án uppgreiðslugjalds þegar vextir koma til endurskoðunar. Engin hámarksupphæð og er lánstími allt að 40 árum. Krafa er gerð um fyrsta veðrétt íbúðarinnar. Lánshlutfall er allt að 80% við endurfjármögnun fasteigna (engin hámarksupphæð) og 100% við kaup fasteignar (hámarksupphæð 25 milljónir króna).
Hægt er að nota lánin til íbúðarkaupa, til að stokka upp fjármálin eða í eitthvað allt annað.



Hólmgeir Hólmgeirsson
rekstrarfræðingur er lánafulltrúi á viðskiptasviði

Ragnheiður Þengilsdóttir
viðskiptafræðingur er lánafulltrúi á viðskiptasviði.

Himinn og haf

Dæmi um mánaðarlega greiðslubyrði af 1.000.000 kr.*

| Lánstími | 5 ár | 25 ár | 40 ár |
|---|---|---|---|
| 4,15% vextir | 18.485 | 5.361 | 4.273 |

*Lán með jafngreiðsluaðferð án verðbóta

Ráðgjafar okkar veita allar nánari upplýsingar. Þú getur litið inn í Ármúla 13a, hringt í síma 540 5000 eða sent tölvupóst á frjalsi@frjalsi.is

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN
www.frjalsi.is

**Ryksuga**
Bílinn þarf að ryksuga reglulega að innan og þarf það alls ekki að taka svo mikinn tíma. Hægt er að stoppa reglulega við ryksuguna á bensínstöðinni þegar bensín er tekið og renna létt yfir sætin og gólfin á bílnum.



REYNSLUAKSTUR



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nýja Skoda Octavian er bæði falleg og rennileg.

# Rúmbetri Skoda Octavia

***Nýlega kynnti Hekla nýjan Skoda Octavia. Bíllinn er talsvert breyttur og í raun má segja að hann hafi færst upp um flokk bæði í stærð og gæðum.***

Skoda hefur verið á uppleið síðustu árin og virðast allir þeir fordómar sem fólk hafði á árum áður vera orðnir að engu, enda ekki hægt að tala um sama bílinn lengur. Skoda Octavia, sem komin er út í nýrri og betrumbættri útgáfu, hefur sópað að sér verðlaunum, hefur meðal annars hlotið hinn eftirsóknarverða titil gullna stýrið og Skoda Octavia Ambiente 1,6 FSI var útnefndur af tímaritinu What Car? besti bíllinn í sínum flokki árið 2005.

Auknar kröfur eru um meira pláss í bílum og hafa framleiðendur Skoda Octavia brugðist við því, en í nýju útgáfunni er bíllinn mun rúmbetri en fyrirrennarinn. Til dæmis er rýmið gott aftur í sem hentar fjölskyldufólki vel. Farangursrými er einnig mjög gott og þá sérstaklega miðað við þessa stærð af bíl. Í bílnum er einnig komið fyrir krókum, pokum og fleiru til að auðvelda allt skipulag.

Útlit bílsins er mjög stílhreint og líkist orðið talsvert útliti Volkswagen-bílanna, enda renna þessir bílar báðir undan rifjum sömu eigenda. Innréttingar í bílnum eru einnig stílhreinar og látlausar og virðist notagildið ráða ferðinni. Öll stjórntæki eru innan seilingar ökumanns og er mælaborðið einfalt og þægilegt að lesa á það. Loftkæling er í bílnum sem er orðin algeng í nýjum bílum. Loftræstikerfið er tvískipt þannig að hitastig getur verið mismunandi vinstra og hægra megin í bílnum og stillanlegur hiti er í báðum framsætum. Gott er að sitja í sætunum sem bjóða upp á beina og þægilega líkamsstöðu og er bíllinn ágætlega þéttur sem dregur úr veghljóðum að utan.

Bíllinn sem var reynsluekinn var með 1,6 l bensínvél sem togar vel, einnig á lágum snúningi sem gerir bílinn ágætlega kraftmikinn og sprækan, en stýrissvörun er góð.

Bílnum hefur verið vel tekið og er hann uppseldur hjá umboðinu, en von er á nýjum eintökum í lok mars.

*kristineva@frettabladid.is*
*steinunn@frettabladid.is*





Nýja Skoda Octavian kostar á bilinu 1.740.000 kr. (Octavia Terno, 1,4 lítra 75 hestafla vél, fjögurra dyra, beinskiptur) upp í 2.350.000 (Octavia 2 lítra FSI 150 hestafla vél, fimm dyra sjálfskiptur)







# Saleen S7 dýrasti bíllinn í Ameríku

***Tímaritið Forbes hefur sett saman lista yfir tíu dýrustu bílana í Bandaríkjunum.***

Enn og aftur ráða sportbílar ríkjum á listanum.

Meðalverð bílanna á listanum er nú í 351 þúsund dollurum, eða rúmlega 21 milljón íslenskra króna, en var 34 þúsund dollarar, eða 20,7 milljónir íslenskra króna, á síðasta ári. Þetta er því hækkun um þrjú prósent.

Saleen S7 2005 trónir á toppi listans. Sportbíllinn er ekki aðeins sá dýrasti heldur einnig sá hraðskreiðasti. Saleen S7 var í öðru sæti á listanum í fyrra ásamt Porsche Carrera GT en þá var Ferrari Enzo í efsta sæti. Grunnverð bílsins er rétt rúmlega 34 milljónir íslenskra króna. ■

**DÝRUSTU BÍLAR Í BANDARÍKJUNUM 2005:**

1. Saleen S7 2005 – rúmlega 34 milljónir íslenskra króna.
2. Mercedes-Benz SLR McLaren – rúmlega 27 milljónir íslenskra króna.
3. Porsche Carrera GT – tæplega 27 milljónir íslenskra króna.
4. Maybach 62 – tæplega 23 milljónir íslenskra króna.
5. Rolls-Royce Phantom – tæplega 20 milljónir íslenskra króna.
6. Maybach 57 – tæplega 20 milljónir íslenskra króna.
7. Lamborghini Murciélago – tæplega 17 milljónir íslenskra króna.
8. Aston Martin V-12 Vanquish – rúmlega 15,5 milljónir íslenskra króna.
9. Ferrari 612 Scaglietti – tæplega 15,5 milljónir íslenskra króna.
10. Ferrari 57M5 Maranello – tæplega 14 milljónir íslenskra króna.



Saleen S7 tónir á toppi lista Forbes yfir dýrustu bíla í Bandaríkjunum í ár.

AB-VARAHLUTIR ehf.
Varahlutir í Japanska og Evrópska bíla
Bíldshöfða 18 • 110 Rvk
Sími 567 6020 • Fax 567 6012
opið mán. - fös. kl. 8.00 - 18.00
www.abvarahlutir.is • ab@abvarahlutir.is
Betri vara - Betra verð

Til sölu
Nýr Daewoo D25S-3 plus. 3,3 L Cummins, Hús með miðstöð, þrefalt mastur, hliðarfærsla.
Frábært verð. Uppl í s. 585 2500 og 567 8757.
Partur-Spyrnan-Lyftarar. Eldshöfða 10.

Vinnuvélanámskeið
Verð kr. 39,900,-
Ný námskeið vikulega, staðsetning Mjódd
Sími: 894-2737 www.ovs.is
Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving
Flest verkalýðsfélög styrkja nemendur á vinnuvélanámskeið

BIFREIÐASTILLINGIN
Vissir þú að 90% af sjálfskiptingum bila vegna hitavandamála?
Láttu skipta um olíu og síu á sjálfskiptingunni.
Sjálfskiptingar, stillingar og alhliða viðgerðir.
Bifreiðastillingin ehf. • Smiðjuvegi 40d • Sími 557 6400

Tjónaskoðun, bifreiðaréttingar og sprautun
BIFREIÐAVERKSTÆÐI JÓNASAR
Skemmuvegur 46 • 200 Kópavogur
Sími 557 1430 & 587 1430 • Fax 567 0097
Netfang: jonasar@jonasar.is

Réttingaverkstæði Jóa ehf
Dalvegi 16a • 201 Kópavogur • Sími 564 5255
Fax 564 5254 • rettjoa@rettjoa.is • www.rettjoa.is
BÍLAMÁLUN RÉTTINGAR

NÝJASTA ÆÐIÐ!
HVELLUR.com ... í einum grænum
G. Tómasson ehf • Smiðjuvegi 8, Kópavogi
• sími: 577 6400 • www.hvellur.com
• hvellur@hvellur.com

# Nálægðin við fjöllin skemmtileg

*Vélsleðamenn þeytast um fjöll og firnindi í vetrardýrðinni. En þeir gera meira en það því þeir hafa stofnað samtök og hittast reglulega og skipuleggja skemmtilega viðburði.*


FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ríkarður Sigmundsson í brynju sem að hans mati er sá öryggisbúnaður sem vélsleðamenn eigi ekki að vera án.

Ríkarður Sigmundsson er formaður LÍV, Reykjavíkurdeildar Landssambands íslenskra vélsleðamanna, og hefur stundað vélsleðaakstur síðan árið 1999. Hann segir vélsleðasportið skemmtilegt fyrir margra hluta sakir. „Nálægðin við náttúruna og fjöllin er skemmtileg auk þess sem óvissuþættirnir eru spennandi þar sem maður þarf að takast á við mismunandi aðstæður hverju sinni,“ segir Ríkarður.

Rík áhersla er lögð á öryggismálin að sögn Ríkarðs. „Brýnt er fyrir mönnum að hafa öryggisbúnað í lagi og keyra ekki undir áhrifum,“ segir Ríkarður. Hann segir þessi mál rædd á mánaðarlegum fundum en þar sé einnig rætt um ýmsa skemmtilega viðburði – eins og til dæmis viðburð sem var á Vetrarhátíð í Reykjavík.

„Við vorum með sleðastæla, eins og við köllum það, við Húsgagnahöllina þar sem settur hafði verið upp stökkpallur og risastór snjóskafl. Menn sýndu þarna ýmsar kúnstir við mikinn fögnuð áhorfenda,“ segir Ríkarður. Í framhaldi af því var haldin keppni næsta dag þar sem keppt var um Reykjavíkurmeistaratitilinn. „Keppnin er svipuð og í motorcross þar sem keppendur keyra í gegnum brautina undir dúndrandi tónlist og tveir kynnar lýsa keppninni í hátalarakerfi. Það er mikil keyrsla á þessu og mikið fjör,“ segir Ríkarður. Hægt er að kynna sér starfsemi sambandsins á liv.is. ■



## Fegurð og einstök hönnun

SÝNING VERÐUR Á BÍLUM ÚR EINKASAFNI RALPHS LAUREN Á LISTASAFNINU Í BOSTON.

Nokkrar bifreiðar úr einkasafni tískukóngsins Ralphs Lauren verða sýndar í listasafni Boston í næsta mánuði, og þykja þessar bifreiðar meðal þeirra fallegustu sem framleiddar hafa verið. Þar á meðal verður 1938 árgerð af Bugatti Type 57SC Atlantic Coupe, en aðeins þrír þannig bílar voru framleiddir og þykja þeir einstakir fyrir fallega hönnun. Mercedes-Benz SSK frá árinu 1930 verður einnig á sýningunni, Jaguar XKD, sportlegur Porsche 550 Spyder, og frægt módel af Ferrari eins og Ferrari 250 Testa Rossa. Bílarnir eru fyrst og fremst rómaðir fyrir fegurð sína og segir í fréttatilkynningu frá listasafninu að sumir þeirra jaðri við að vera skúlptúrar. Sýningin stendur til 3. júlí og munu reglulega vera sérstök kvöld þar sem húddið er opnað á bílunum og vélarnar sýndar.

Bílaáhugamenn sem eiga leið um Boston ættu að kíkja á þessa sýningu, en þetta er í fyrsta sinn sem þessir bílar eru sýndir saman.



## Áfram veginn

**Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar**

### Ekki grípa í tómt

Þetta átti að vera rólegur sunnudagsbíltúr um hálendið. Og var það. Þangað til einn ferðafélaganna reif dekk. Engar áhyggjur – vant ferðafólk og ávallt viðbúið öllu. Við reddum þessu. Eða hvað?

Tveir bílanna voru með varadekk. Hvorugt þeirra náðist undan bílunum. Annar þeirra var með tjakk en enga sveif. Hinn með sveif en engan tjakk. Sá þriðji með tjakk og sveif en ekkert varadekk. Allt í lagi, við gætum tjakkað bílinn upp á tveimur stöðum með því að sameina stöku sveifina og staka tjakkinn. Eftir sem áður vorum við varadekkslaus. Reyndum að setja viðgerðartappa í dekkið en rifan var of stór. Hvað nú?

Sem betur fer var ekki nema rúmlega tveggja tíma akstur í siðmenningu þaðan sem við fengum sent dekk. Við gátum því beðið róleg með tvö varadekk, tvo tjakka og tvær sveifar. Við höfðum allt til alls en búnaðurinn virkaði ekki eins og hann átti að gera. Hefur þú athugað búnaðinn í bílnum þínum nýlega?

Í hverjum bíl ætti að vera varadekk, tjakkur, felgulykill, lítið verkfærasett með helstu lyklum, toppum og nokkrum skrúfjárnum, dráttartóg, startkaplar, auka viftureim og rúðuþurrka, smurolía, rúðupiss og dekkjahreinsir. Listinn má vera lengri en það skiptir öllu máli að við athugum reglulega hvort allt sé á sínum stað og virki eins og það á að gera. Þá er ekki síður mikilvægt að við kunnum eitthvað með búnaðinn að fara.

Kannt þú að skipta um dekk á bílnum þínum? Veist þú hvar þú mátt setja tjakkinn undir hann? Eða hvað þú þarft að losa til að koma nýrri viftureim fyrir? Er ekki betra að athuga það í rólegheitunum heima í innkeyrslu en að treysta á að það reddist uppi á Hellisheiði í ausandi rigningu og roki?

Og mundu að athuga sérstaklega hvort sveifin fyrir tjakkinn sé ekki örugglega með í för. Ég veit að ég mun athuga það reglulega hér eftir.


**ALLT Á EINUM STAÐ**

- SUMARDEKK
- HEILSÁRSDEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- BÓN OG ÞVOTTUR
- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BREMSUKLOSSAR
- PÚSTÞJÓNUSTA

**SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN**
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD

**Aukin ökuréttindi**

**Nú er rétti tíminn til að afla sér nýrra atvinnumöguleika !**

**Kennt er á leigu-, vöru- og hópferðabifreið, einnig vörubifreið með eftirvagni.**

Skólinn býður uppá nútíma kennsluaðstöðu og reynda kennara.
**Innritun alla miðvikudaga, áfangakerfi.**

Einnig eru í boði námskeið í vistakstri fyrir einstaklinga og hópa.

**Sími 567-0300**
**Þarabakka 3 109 Reykjavík**
**Netfang mjodd@bilprof.is**
**www.bilprof.is**

Bílar • Bátar • Mótorhjól • Jeppar • Vélsleðar • Flugvélar

Bílar & SPORT



www.bilarogsport.is

**Íslenskt tímarit um bíla og annað mótorsport. 2. tbl. komið á næstu bensínstöð.**

**Áskriftarsími: 588 7888**

# Pólýhúðun

**Innbrennd duftlökkun á alla málma**

| Byggingar: | Húsgögn: | Innréttingar. | Bílahlutir: |
|---|---|---|---|
| Utanhúsklæðningar | Skólahúsgögn | Fataskápa | Felgur |
| Þakjárn | Skrifborð | Hillukerfi | Dráttarbeisli |
| Álglugga | Auglýsingastanda | Eldvarnahurðir | Stuðara |
| Burðarvirki | Skrifborðstóla | Gler | Vélaparta |
| Ljósastaura | Rúm | Hringstiga | Mótorhjól |
| Handrið | Borðplötur | Klæðningar | Kerrur |

Með pólýhúðun er átt við að polyester eða epoxy dufti er úðað úr sérstakri byssu sem hleður duftið upp með rafspennu svo það festist við málminn sem verið er að húða. Þar eftir er málmurinn bakaður við 200°C í nokkrar mínútur og er þá tilbúinn til notkunar. Við baksturinn bráðnar duftið og rennur út en um leið herðist og verður að grimmsterku lakki.

**Eigum á lager 350 RAL liti**

Pólýhúðun ehf * www.polyhudun.is
Smiðjuvegi 1 * S: 544 5700
200 kópavogur * Fax: 544 5701

birta » BETRI SJÓNVARPSDAGSKRÁ Á FÖSTUDÖGUM

MAGNÚSSON EHF

**Innflutningur á notuðum og nýjum bifreiðum frá Þýskalandi.www.bilasolur.is/magnusson**



Jeep Grand Cherokee Limited 4.7 Árg. 2005, ek. 780 mílur, litur khaki, ABS, hemlar, álfelgur, ESP stöðugleik. og spólvörn, gertopplúga, hiti í sætum, hraðastillir, leður, litað gler, loftkæling, raf. sæti, raf. rúður, regnskynjari, Steptronic og.fl Verð 4.490.000. Ágúst sími 862 2000 E-mail magnusson@internet.is



VW Touareg V6 3.2 2004 model. Svartur, ek 8 þús. mílur. ABS hemlar, álfelgur, ESP stöðugleikakerfi og spólvörn, filmur, CD, glertopplúga, hiti í sætum, hraðastillir, leður, loftkæling, rafdrifin sæti, rafdrifnar rúður og fl. Verð 4.690.000. Ágúst s. 862 2000 E-mail magnusson@internet.is



BMW 520 iA '99. Ekinn 95 þús., steptronic. Verð 1590 þús. S. 862 2000, magnusson@internet.is. Er til sýnis á Bílasölu Íslands, Skógarhlíð 26 í s. 510 4900.



Mercedes-Benz Sprinter 211 CDI, árg. 09/2003. Ek. 39.900 km. Dísel, 2500cc. 109 Hö, 5 gíra, ABS, vökvastýri, hátt þak, lengri gerð, viðareinangrun, Intercooler, túrbína, 3 manna. Verð 2.330.000 + vsk. Til sýnis um helgina. Ágúst s. 862 2000, E -mail magnusson@internet.is



Tilboð 4.590.000 staðgreitt. BMW 520 I NEW 2004 model. Ek. 33 þús. km. sjálfsk., ABS, álfelgur, ESP, stöðugleikakerfi og spólvörn, fjarlægðarskynjarar, CD, hiti í sætum, hraðastillir, glertopplúga, handfrjáls búnaður, leðurinnrétting: "Dakota" svört,-rafdrifin sæti, rafdrifnar rúður, topplúga, veltistýri, vökvastýri, þjónustubók, "Navigationssystem Buisness" leiðsögubúnaður, "Bluetooth" fyrir síma ofl. Ágúst Sími 862-2000. E-mail magnusson@internet.is

**Magnússon ehf.**
**Sími: 862 2000**

VÍKUR V·E·R·K

LMC Hjólhýsi. Vorum að fá fleiri gerðir af LMC hjólhýsum. Opið laugardag frá 12-16 Sunnudag frá 13-17. Víkurverk Tangarhöfða 1 sími 557 7720

**Víkurverk**
**Tangarhöfði 1, 110 Reykjavik**
**Sími: 567 2357**
**www.vikurverk.is**

## Bílar til sölu




Jeep Grand Cherokee 2005 Glænýr og ónotaður. Bílauppboð - Nýir og nýlegir bílar langt undir markaðsverði. www.islandus.com



Til sölu BMW X 5 sport. Árgerð 2004. Ek. 7 þús. Nýskráður 11/2004. Næsta skoðun 2006. Verð 6,7 millj. Skipti ekki. Bensín knúinn. Skráður 5 manna. Sjálfskiptur, 3000cc slagrými. 5 dyra. 4 sumardekk. Uppl. í s. 699 5008.



Lexus is200 sport. Árg. '00. Ekinn 47 þ. 6 gíra, auka álfegur. V. 1900 þ. Áhv. ca 925 þ. Uppl. í s. 866 0752.



VW Golf Comfortline, 2001 árg., ek. 58 þ., álf., cd, spoiler. Ásett 1150 þ. Tilboð óskast. Uppl. í s. 822 6677 & 820 4488.



Toppurinn í flotanum, til afhendingar strax. Ford Mustang Premium árg. 2005 m. aukahl. Einnig Ford King Range F350 árg 2005. Uppl. Gilli s. 899 5707.



Glæsilegir Volvo bílar: S80 T6 '01, ek. 95 þús. Með öllu. 2.8L. 270 hp. Sparneytinn og öflugur. Og V70 Cross C. '01. Ek. 64 þús. Eins og nýr. Verð 3150 þús. Áhv. lán. Sími 699 6099.



VSK bíll á rauðum númerum til sölu. Ford F-250 Platinum Diesel Turbo. Sjálfskiptur, árg. 2001, ekinn 155 þús km, vel með farinn glæsivagn. Nánari upplýsingar hjá Bílasölu Suðurlands í s. 480 8000.



MMC Galant V6-24 2500, árg. '98, ekinn 117 þús. Tilboð óskast. Nánari uppl. í síma 860-7503 og 891-7482.



Toyota Corolla 16 GTI árg. '88, sk'06, CD, 15" álf. með ný sumardekk, kraftkútur, loftsía, nýir aftur demparar, græjur ofl. Ný yfirfarinn. Billinn litur vel út að utan sem innan. Uppl. í s. 899 5624, Víðir.




Opel Omega árg. 2000 dísel, ssk., ek. 153 þús., áhv. 1100 þús, grb. 30 þús. á mán. Fæst gegn yfirtöku bílaláns. S. 820 3674.



Toyota Rav4 2.0, 4WD, árg. 2000, 3ja dyra, 5 gíra, ekinn 88 þ. Verð 1650 þ. S. 844 4345.



Toyota Yaris Luna 1,3 '02. Ek. 29 þ. Sum. og v. dekk. Ásett verð 890 þús. Engin skipti. S. 690 9878, Axel.



Subaru Lecasy, árg. '90 til sölu. Uppl. í s. 869 7133 & 567 2293.




Mitsubishi Montero 2004 lúxusjeppi. Bílauppboð - Nýir og nýlegir bílar langt undir markaðsverði. www.islandus.com

Tilboð óskast í Lincoln Continental, árg. '91, rafmagn í öllu, digital mælar, leður, loftpúðafjöðrun. Ath. skipti. Uppl. í s. 659 3181.



VW Golf GTI G60 '91, ek. 152 þús., sk. '06. Í toppstandi, aksturstölva og smurbók. 1 af 4 á landinu. Verð 350 þús. Uppl. í s. 849 0198.



Corolla G6, árg. '98, 1300cc, ek. 92 þús. Sumar og vetrardekk, álf., fjarst.,saml., samlitur, cd. Óska eftir tilboði. S. 869 3717.



Til sölu Passat 7/2000, ek. 90 þ. Geislaslari, bassabox og sumardekk á álfelgum fylgir með. Einn eigandi. V. 1090 þ. S. 898 5599.






Benz C280 AMG Sport, árg '95, ek. 166 þús. Ssk., topplúga, ABS, spólvörn, 17" AMG álfelgur o.m.fl. Toppeintak. Verð 1650 þ. Skipti á ódýrari. Guðni s. 860 2442.



Benz C280 AMG Sport, árg '95, ek. 166 þús. Ssk., topplúga, ABS, spólvörn, 17" AMG álfelgur o.m.fl. Toppeintak. Verð 1650 þ. Skipti á ódýrari. Guðni s. 860 2442.



Opel Astra 1.6 árg. '99. Ek. 79 þús. sjálfskipt. Álfelgur, Sumar/vetrardekk. Þjófav. Dekurbíll. V. 790 þús. Uppl. í s. 863 9443.



Til sölu Subaru Impreza WRX árg. 2003, ek. 18 þús. Topp eintak. Sími 894 2255.



Til sölu Toyota Corolla 1300 XLI árg. '94, ek. 147 þús., skoðaður '06, í topplagi. Verð 295 þús. Sími 894 0067.



Góðir 7 manna fjölskyldubílar til sölu 2 x MMC Space Wagon 4x4. Verðhugm. 250.000 ('94) & 350.000 ('93 ) Uppl. í síma 861-3616.



Volvo 460 GLE 2.0 beinsk. Ekinn 185 þús. Fallegur bíll dráttarkrókur o.fl 250 þús Stað.gr 8991731

### Athugið get útvegað

Allar gerðir af bílum frá Ameríku þar á meðal Dodge (benz) Sprinter, árgerðir 2005 bæði vörubílum og fólksbílum. Uppl. í s. 899 3004.

Yfirtaka á láni. Peugeot 1999, ek. 93 þ. Ný tímareim, vetrar og sumard. S. 699 0669.

M. Bens C180, árg. '99, ssk., ekinn 109 þús. Gott lán fylgir, afb. 28 þús. á mánuði. Verðtilboð. S. 661 8981.

Volvo 740 GL árg. 89. Sjálfsk. Ásett verð 150.000 kr. Uppl. í s. 896-8585.

Toyota Yaris '99. Einnig til sölu Chevy vél 454 og réttingabekkur. Uppl. í síma 844 6500.

### Tilboð

óskast í Econoline 6,2 dísel, biluð vél, 700 4r skipting, 241c millikassi. 9t. spil, 38" breyting, innréttaður dúkur í gólfi, Captain stólar, tvöfalt rafkerfi. Uppl. í s. 849 9497.

## 0-250 þús.



Mazda 626 GT árg. '88. 2ja dyra, Beinsk., 2l vél, þarfnast smá viðgerðar. Nýleg kerti og -þræðir og demparar. Verðhugmynd 100.000. Uppl. í s. 866 9495 eða 552 0828.



MMC Pajero Long bensín árg. '90. Ek. 193.600 km. Skoðaður. Ath. skipti. Uppl. í s. 696 9847.



Mercedes Benz E 230 árg 86. km 202 þ. Sk. '06. Rauðmet. Sjálfsk., topplúga, álfelgur, krókur. Margt endurnýjað. Tveir eigendur. Selst í góðar hendur fyrir gott verð: 250 þús. Uppl. í s. 897 1820.



Nissan Sunny SLX '94. Ek. 164 þús., ssk. Verð 220 þús. Uppl. í síma 861 9252.



Galant '91 ekinn 203 þús. Mikið yfirfarinn. Verðtilboð. Uppl. í síma 862 8400.



Til sölu Dodge Shadow 1991. Einnig til sölu 38" Mudder dekk á fimm gata felgum. Einnig Lancer '91. Verð 80.000. Uppl. í síma 892 5739.



Mercedes Benz E 230 árg. '86. km 202 þ. Sk. '06. Rauðmet. Sjálfsk. topplúga, álfelgur, krókur. Margt endurnýjað. Tveir eigendur. Selst í góðar hendur fyrir gott verð 250 þús. Uppl. í s. 897 1820.



## Toyota Lexus



**Toyota Lexus - 3000cc vél**
**Nýskr: 02/2004, 5 dyra, sjsk, silfurlitaður. Ekinn 12 þ. Einn eigandi, innfluttur nýr.**

**Verð: 5.500.000**

**575 1230** Opið mán. til fös. 10-18 Laugardaga 12-16

bílaland B&L notaðir bílar
Grjóthálsi 1
bilaland.is

## MERCEDES ML400



**Mercedes ML400 - 4000cc vél**
**Nýskr: 03/2002, 5 dyra, sjsk, svartur. Ekinn 62 þ. 2 eigendur, innfluttur nýr.**

**Verð: 5.690.000**

**575 1230** Opið mán. til fös. 10-18 Laugardaga 12-16

bílaland B&L notaðir bílar
Grjóthálsi 1
bilaland.is

Bílabúð Benna
Nýir bílar Vagnhöfða 23
Sími 590-2000.



Porsche Cayenne. Árgerð 05.feb.'04.
Ekinn16.500 km. Meðal aukabúnaðar er; Tiptronic S sjálfskipting, ParkAssist nálgunarviðvörun að aftan og framan rafknúin sóllúga.
Sport aluminium pakki. 20" Cayenne sport design felgur og heilsársdekk Ofl.
Verð tilboð 6.950 Þús.



Útsala !!! Til sölu Renault Laguna Station 2,0 '98 m/öllu. Ek. 133 þ. Verð 890 þ. Tilboð 590 þ. S. 899 3525.



Opel Vectra árg. '98. 1.6 16V, ek. 114 þ. sjsk., ABS, spólvörn, airbag, álfelgur, sumar og vetrardekk. Fæst á 550 þ. stgr. S. 867 1594.



Til sölu Suzuki Sidekick árg. 1996, ek. 105 þús., 31" dekk. 1800cc vél. Góður bíll. Nýskoðaður '06 Verð 620 þús. Upplýsingar gefur Bjarni í s. 553 3439.



**Tilboð 670 þús**

100% lán. Kia Clarus stacion '00, 2,0 L., ek. aðeins 59 þús. Fjarstýrð samlæsing, 7 manna, cd. Uppl. í s. 896 5973 & 849 7911.



Ford Focus 1,6, skr. dagur 23.3.2000. Ek. 72 þús., sjálfskiptur. Verð 880 þús. Uppl. í s. 891 8432.



V.W Golf 1600 '99, bsk. Ekinn 87 þús. Álf. CD. Verð 890 þús. Tilboð 790 þús. 2 eigendur. S. 821 1397.



Daihatsu Sirion árg. '00. Ek. aðeins 45 þús, nýskoðaður, naglad. álfelg. rafm. rúður. Verð 550 þús. Uppl. í s. 867 7604.



Til sölu vel með farinn Subaru Legacy STW árg. '96 ekinn 145 þús. Hlaðinn aukabúnaði. Nýleg dekk ofl. Hagstætt lán getur fylgt. Uppl. í s. 662 3274 & 564 3274 & 849 0978. Ath. skipti á ódýrari.



BMW 318i árg. '93, CD, þjóvavörn, fjarstýrðar saml. Verð 580 þús. Ath. skipti á ódýrari. S. 662 2882.



Til sölu Toyota Corolla SI, árg. '93. Verð 520 þús. Áhugasamir hafið samband. Uppl. í s. 696 1390.



Volvo S40 '97. Ekinn 202 þús., tveir eigendur, vel búinn bíll, leður, spólvörn, ABS, spoiler, og fl. Verð 750 þús. Uppl. í s. 698 2833.



Honda civic 1500 vél, '98 árg. ek. 63.000. Verð 750.000 kr. Tilboð óskast í síma 690 7176.



Daewoo Nubira II ek. 54.þkm, 5g. 06.2000 gullfallegur, áhv. bílal. 510,- verð aðeins 650,- uppl. 663-0710

Skoda Octavia 1600 GLSI árgerð 2000, ekinn 77.000 km. Vel með farinn, einn eigandi frá upphafi. Tilboð óskast. Upplýsingar í síma 823 6296 og 866 1902.

Toyota Corolla '00 ek. 93 þús. Áhv. 300 þús. Verð 750 þús. Uppl. í s. 860 3108.

Toyota Hi-Lux DC Turbo Diesel '91. 38", ný kúpling, ný tímareim og dekk, kastarar, læstur, CD. V. 690 þ. S. 825 2201.

Opel Astra '99 til sölu gegn yfirtöku á láni, engin útborgun. Uppl. í s. 690 7786.

Legacy station '95, ek. 139 þús, ssk., álfelgur ofl. Góður stg. afsl. Verð 510 þús. Uppl. í síma 898 6738.

Rauður Ford ka. Ek. 85 þús. Skoðaður '06, samlæsingar, ný nagladekk og sumardekk á álfelgur. Búið að ditta að hinu og þessu. Yndislegur bíll. Uppl. í s. 587 5977 og 866 9747.

Til sölu Peugeot Partner '98, dísel, ek. 81 þús. Verð 500 þús. Uppl. í s. 896 2803.

Til sölu BMW 320IA '95, topplúga, leður. Verð 600 þús. Uppl. í s. 696 5847.

Renault laguna '00, ssk., stw, ek. 75.000. Vel með farinn og rúmgóður fjölskyldubíll. Ath. skipti. 950 þús. stgr. S. 660 1908.

Góður Galloper, '99, '33 dekk, 5 g. 5 d. 7 manna, kúla, nýsk. áhv. lán 780.000. Uppl. í s. 663 0710.

Toyota Avensis 1,8 S/D, 10/12 '99, sjálfsk., CD, ek. 75 þ. Tilboð óskast. S. 896 5530.

til sölu Toyota avensis 98. Smurbók fylgir,regl viðh, ákv 240 þ uppl í s 8223773 og 8213773

## 1-2 milljónir



Til sölu Ford Focus 2002. Hann er keyrður 32.000 km. Nánari upplýsingar www.rafholt.is/focus eða hjá Borgþóri í s. 699 0991.



BMW 318i ek. 133þ, rauður, beinsk. 4ra dyra. Verð 1.360 þ. ekkert áhv. Uppl. í s. 844 4669.



**Mersedes C 200**

Til sölu Mersedes Benz C 200 14/12/'95, ek. 118 þús., ssk., rafm., A/C. Ásett verð 1.080 þús. Ath. skipti. S. 659 3949.



Nissan Terano 2,7 disel, ek. 77 þús., árg '00, sk. '06, 33" dekk. Verð 1.950 þús., ath skipti. Uppl. í s. 698 4945.



til sölu patrol 95 á 38" ekin 262Þ fullt af augahlutum nýupptekin girkassi ásett 1600Þ tilboð óskast 8615596



Til sölu Nissan Patrol SLX árg. 1996 ekinn 160 þús. km. Mjög góður bíll, tjónlaus og innfl. af umboði. Uppl. í síma 893 5828.



Til sölu Subaru Legasy STW 2000 árgerð 2000, ekinn 80.000 km. Einn með öllu s.s. dráttarkúlu. Verð 1.200.000 kr. Uppl. gefur Tómas í síma 897 7341.



Volvo S70 2,5 '98 Cruis, spoiler, krókur, álfel. o.fl. V 1.100 þ. S. 895 6987. www.raggoz.com/bill



Gullmoli! Mitsubishi Lancer 4x4 station, nýskráður nóv. '00, ek. aðeins 38 þús. Nýjar álfelgur og dekk. Frábært eintak. V. 1050 þús. S. 588 9599 & 891 6690.



BMW 520i '98. Nýskoðaður. Sumar- og vetradekk. Toppeintak. S. 896 2545 & 895 2445.



Nissan Terrano 2. árg. '99. Sjálfsk., dísel, ek. 131. þ. Verð 1580 þús. S. 460 4300 & 893 2529.



MMC Galant 2,4 ES, árg. 2003, ek. 26 þús. km. CD, rafm. rúðum og fl. Flottur bíll. Verð aðeins 1990 þús. Uppl. í s. 820 3371.



Subaru Impreza Turbo '99, ek. 85 þús., 217 hö. Listav. 1,3 millj. Stgr.afsl. S. 866 3997.



Nissan Terrano 2. árg. '99. Sjálfsk. Dísel, ek. 131. þ. Verð 1.580 þús. S. 460 4300 & 893 2529.



SUBARU LEGACY GL árg. 2002, ek. 40 þús., ssk. Einn eigandi. Engin skipti. Uppl. í s. 846 5673.

VW Caravella TDI 4x4 Turbó Dísel 1999. Ekinn 260 þús. Verð 1.050.000 kr. Sími 660 4959 & 564 4079.

Opel Zafira árg. 2000 til sölu, ek. 68 þús., einn eigandi frá upphafi, vel með farinn bíll, 6 diska dvd spilari og skjár fylgja með. Uppl. í síma 660 2625.

Skoda Octavia station, árg. '03, ek. 33 þús., ssk., ásett verð 1650 þús, skipti möguleg á ódýrari. Uppl. í s. 892 9575.

VW Passat árg. '00 silfurgrár, ekinn 71 þús. topplúga, spoiler og samlitur. Skipti möguleg á ódýrari. Uppl. í s. 663 2151.

Skoda Octavia árg. 2000, ek. 66 þús., ssk. Verð 1050 þús. Uppl. í s. 848 8326.

Til sölu VW Passat árgerð 2003. 2000 vél. Sjálfsskiptur, álfelgur, CD, dráttarkúla. Ekinn 35 þús. Verð 2.100.000. Upplýsingar í síma 586 1285 & 898 1285.

M. Bens C180, árg. '99, ssk., ekinn 109 þús. Gott lán fylgir, afb. 28 þús. á mánuði. Verðtilboð. S. 661 8981.

## 2 milljónir +




VW Touareg 2005 eins og nýr úr kassanum. Bílauppboð - Nýir og nýlegir bílar langt undir markaðsverði. www.islandus.com



Landcruiser 90 vx, árg '04, ek. 21 þús., 7 manna, dráttarkrókur, "33 dekk. Verð 5150 þús. Uppl. í s. 893 7967.



M. Benz C320, árg. 2001 (nóv.), Ekinn 46 þús. km. Frábærlega vel með farinn og mikill aukabúnaður. Verð 3.990 þ. Uppl. í síma 897 2840, Birkir.




Chrysler PT Cruiser 2003. Ótrúlegt verð. Bílauppboð - Nýir og nýlegir bílar langt undir markaðsverði. www.islandus.com



Til sölu Grand Caravan árg. '02, 3,3, ekinn 60 þús. km. Leðurklæddur. Ásett verð 2,4 m. Uppl. í s. 894 2297.



Volvo Cross Country XC70 Station AWD 2.5 turbo. Nýskr. 07/2003. Ssk. Ek. 24 þ. Eins og nýr. Verð 4.050 þ. Keyptur nýr hjá Brimborg. Ekki skipti. S. 690 3553.



Dodge Caravan SXT V6 árg. 2005, 7 manna, 5 dyra, 3.3l vél, ek. 29 þ. km. DVD, CD, innbyggð barnasæti, grænsans. Verð 2.950 þ. Uppl. í s. 896 6612.



Til sölu Grár Grand Cherokke Laredo árg 2001 ekin 67þ.km 4000 vél,sj.sk með overdrive, leður rafmagn í öllu,gler topplúga,Infiti Gold hljómtæki.uppl.s821-3499



Subaru Impreza WRX árg. '03, ekinn 23 þús. Verð 2.5 mil. Uppl. í s. 899 4275.

M. Benz C36 árg. '96, ek. 174 þús. Einn með öllu. Ath. skipti á ódýrari. Uppl. í síma 557 3127 & 868 4749.

Ford Expedition XLT Executive 4x4 '98. Innfl. nýr. 4,6 bensín eyðsla 16,2 l. Ek. 116.000 38" breyttur, aukatankur, hlutföll og öflugri afturhásing. 7 farþega frábær bíll og vel við haldið. Lipur í borginni og mjög öflugur á fjöllum. Verð 2,2 m. Áhv. um 1.7 m.engin skipti. Uppl. í s. 898 0410.

## Bílar óskast

Óska eftir að kaupa VW Bjöllu '00-'03. Verður helst að vera svört eða dökkgrá! Hafðu endilega samband í síma 849 9395.

Óska eftir bíl. Verðhugmynd 70.000. Upplýsingar í síma 849 7089.

Óska eftir Toyotu, MMC eða Suzuki fólksbíl. Ekki eldri en '93 á verðbilinu 150 - 250 þús. stgr. Verður að vera í góðu standi. S. 893 5201.

Lancer GLXi STW 4x4 '93 eða nýrri. Aðeins gott boddí og lakk. 200-300 þús. stgr. fyrir top bíl. Sími 822 3646.

## Jeppar



Land Rover Def. 130 10/2001. Turbo interc. kubbur 35" krokur 2.300 þ., áhv. 1.100. S. 660 7666.



Hyundai Terracan 2,9 CDRI árg. 02/'03, 35" breyttur. Dráttarkúla. Ssk., loftdæla. Kastaragrind. Verð 3.9 mill. Nánari uppl. í síma 471 2660.



Land Cruiser 70 9/'00 ekinn 67 þ. km. 38" breyttur. kastaragrind. Spil. Gormar allan hringinn. 2 dekkjagangar. NMT. Verð 3.500.000. Nánari uppl. í síma 471 2660.

Toyota Rav 4 nýskr. 11/'00. Sjálfsk. Glæsilegur bíll. Ekinn 61 þús. Nýsk. Verð 1750 þús. Uppl. í s. 695 8083 & 565 2390.

Toyota D/C '93 38" ek. 172 þús. Aukatankur, loftdæla, kastarar, GPS, CB og margt fleira. Gott staðgreiðsluverð. Sími 693 9696.

Suzuki Jimny árg. '98, ek. 105 þús. Toppgrind, 4 auka felgur, ný tímareim, 1 eig. Einnig til sölu Bens 207, efni í húsbíl. Fast verð 50 þús. Uppl. í s. 868 9216.

Til Sölu MMC Pajero'98, bensín, ekinn 115þ. 7 manna, sjálfskiptur, V. 1.550 þús. S. 898 2667.

Til sölu Nissan Terrano II SE árg. '97, ek. 82 þús. Samlæsingar, topplúga, rafmagn í rúðum, vel með farinn bíll. Verð 1.050 þús. Uppl. í s. 692 6339.

Toyota Landcrusier 90, árg. 2000, breyttur fyrir 33", ek. 107 þús. Bein sala. Uppl. í s. 899 8910.

Opel Frontera árg. '95, dísel. Verð 330 þús. Uppl. í síma 586 8125 & 895 8125.

Til sölu Pajero '99, dísel túrbo, leður, lúga, ssk., ekinn 132 þús. Verð 2450 þús. Uppl. í s. 822 0255.

Jeep Cherokee '95, ek. 156 þús. Ath. skipti á dýrari. Uppl. í s. 864 2362.

Útsala. Toyota Hilux árg. '95, SR5 bensín. ekinn 144 þ. km. 35" dekk. Lækkuð drif, jeppaskoðun. Góður bíll. Ásett verð 850.000. Fæst á 550.000 stgr. S. 893 5201.

Toyota landcruiser '87. Þarfnast viðgerðar. Verð 200 þús. Eða besta tilboð. Uppl. í s. 554 4451.

Galloper árg. '00, 33", ek . 154 þús. Vel yfirfarinn. Vetrar og sumardekk. Ásett verð 1.100 þús. Uppl. í s. 896 4171.

Til sölu Bronco árg. '88, 33", loftpúðar að aftan, sk. '06. Uppl. í s. 894 1766.

Toyota Hilux Diesel árg. '95, ek. 265 þús. Smurbók, nýskoðaður. Verð 890 þús. Uppl. í s. 820 0696.



Til sölu Hjólhýsi, Elddis Cameo 432 árg. 2004, skemmt eftir flutning. Nýtt hús, notað eina helgi. Allur búnaður hinn vandaðasti. Wc, sturta, íssk., gas, eldavél ofl. 12/ 220 volt, svefnpláss fyrir 2 fullorðna og 2 börn. Kostar nýtt 1.900.000. Uppl. í síma 587 2287 & 820 8816.



Til sölu glæsilegt Landhaus árg. '95 með fortjaldi, allt mjög vel með farið og snyrtilegt. Nánari uppl. í s. 662 0700.



Til sölu Hymer Nova 540, árg. '04, Isabella penta fortjald, sólarsella o.fl. Uppl. í s. 845 1970.

Knaus '89 með öllu, sem nýtt, nýtt fortjald, klósett, sturta o.fl. Verð 800-1200 þ. kr. S. 845 3856.

## Fellihýsi

Óska eftir vel með förnu fellihýsi með fortjaldi, ekki eldra en árg. 2001. Verð hugmynd 500.000. Uppl. í síma 899 1250, Friðrik.

## Vinnuvélar



Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.






Til sölu 5 tonna BobCat veltagrafa árg. '04. Fast track, keyrð 270 vinnustundir. Verð 4.3 milj. + vsk. Get einnig útvegað nýja 8 tonna Belta gröfu með fleyglögnum hraðtengi, einnig skóflu og grjótklemmu á Dipper. Uppl. s. 899 3004.



Til sölu 30 tonna Liebherr krani, 4x4 árgerð 1986, í mjög góðu standi. Bómulengd 24 metrar jip 9 metrar. Mjög hentugur fyrir byggingaverktaka og í öll smærri verk. Áhvílandi er lán hjá Lýsingu. Ásett verð 3.750 000 +vsk. Uppl. í síma 892 7674.

Til sölu Patu vinnulyfta, með 12 metra vinnuhæð, árg. '01, lítið notuð og lítur vel út. Rafstöð og rafmagn í körfu. Uppl. í s. 899 1804.

## Bátar



Plastbátur tæpl. 6 mt. m/4cyl dieselvél og góðum vagni. Svefnpláss f. 2-4. V. 1500 þ. S. 892 5628.



Til sölu Grásleppubátur (með leyfi). 2,88 Brúttotonn. 100 ný net, 100 gömul. Tilboð. S. 892 9277.



Til sölu bátur með 75 hö utanborðsmótor. Góður vagn með ljósum. Tilboð óskast. Upplýsingar í síma 866 3265.

Gúmbátur Zodiak Mark 3. Verð. 120.000. Léttabátur opinn plast, 6.flothólf, sjór eða vatn. Verð 100.000. S. 845 0059.

**Bátur óskast**
Óska eftir að kaupa litla trillu. Hámarksstærð 3 t. Bæði plastbátar og trébátar koma til greina. Uppl. í s. 898 4318.

## Flug




Flugklúbbur Íslands ehf. Áhugavert tækifæri í flugi á Íslandi. www.fly.is

## Hjólbarðar




Til 44" DC, kr. 70 þús. Einnig Warn 9000 spil og Miller 3 fasa rafsuða. S. 864 0984.

## Varahlutir

**Rafstilling ehf. Dugguvogi 23**
Startarar. Alternatorar. Nýir hlutir, skipti hlutir, viðgerðir áratuga reynsla. Hröð þjónusta, mikið úrval.
**Sími 581 4991, GSM 663 4942.**

**AB-VARAHLUTIR**
Bílavarahlutir í flestar gerðir Evrópu og Asíubíla, t.d. boddíhlutir, ljós, kúplingar, stýrishlutir, bremsuhlutir, handbremsubarkar, vatnsdælur, öxulliðir og hosur ljóskastarar, tímareimar, viftureimar, spirnur, spindilkúlur. Og allir varahlutir fyrir Toyota. Eingöngu ný vara.
**Opið frá 08.00-18.00 mánudaga-föstudaga. Betri vara, betra verð. Sími 567 6020. Bildshöfði 18**

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Kia, Peugeot, Honda. S. 555 3560. Sendum á flutning.

Partasalan VTS, s. 421 8090. Toyota, Nissan, Opel, Audi 100-95, Suzuki, Lancer. Opið virka daga frá 8-18, laugard. 10-15.

Vélbúnaður og bodyhlutir í VW Golf, Polo og Yaris '98 og yngri. Einnig Airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Bílaverkstæði Birgis Guðnasonar Ólafsfirði. Er með varahluti í Rav4 '01, Trooper '99, Astra stw '97 og mikið af vélsleðavarahlutum. Kaupi vélsleða til niðurrifs. Sendi um allt land daglega. S. 893 7203.

**bilapartar.is**
Bílapartar v/Rauðavatn, s. 587 7659. Erum eingöngu með Toyota. Kaupum Toyota-bíla. Opið virka daga frá 10-18. www.bilapartar.is

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Body hlutir. Eigum á lager boddy hluti í Grand Cherokee, Stratus, Caravan. Ingóbílar sími 897 0163.

Vantar afturhlera og afturstuðara á Hyundai Starex. Uppl. í síma 869 6880 & 456 2113.

**Hedd 557 7551**
Golf, Polo, Skoda Fabia, Neon, MMC, Nissan, Subaru, Toyota 4 runner, Applos ofl. Hedd, Skemmuvegi 16.

Vegna tjóns eru til sölu ýmsir varahlutir í Toyota Hilux DC '91 dísel. S. 849 4307.

Gamal Ford Willis '50-'55, Allur upprunalegur með álhúsi. Þarf að gera hann upp. Fæst á 20 þús. Uppl. í s. 693 1754.

Á framljós í Avensis árg. '97- '01, Corollu '99, Golf '92- '01, Polo '99. Ný vara, gott verð. Kaupi bíla. S. 864 0984.

Óska eftir heddi eða vél í Suzuki Sidekick 1600 árg. '92. S. 551 1151 & 896 6180.

## Viðgerðir

Túrbínur, varahl. & viðg.þj. Vélaviðg., allar almennar viðgerðir. Sérpöntunarþj. Varahl. í flestar gerðir bíla og vinnuvéla. Túrbo ehf. s. 544 2004.

## KEYPT & SELT

## Til sölu







Tilbúnir stigar og hringstigar með harðviðar þrepum og handlista. Handriðaefni í tré, smíðajárni og ryðfrítt stál, á lager. Stigalagerinn,Dalbrekku 26, s. 564 1890









Páskalitir, nýir ilmir. Fallegar fermingargjafir. Glæsilegt úrval. Opið mán.-fös. 10-18 lau. 12-16. Ljós og Ilmur ehf Bildshöfði 12. S. 517 2440



**heilsárs-topptjald**
Til sölu 220m2 heilsárs-topptjald, sem staðið hefur fyrir utan Seglagerðina Ægi undanfarin 7 ár. Verð 1.500.000 kr. Upplýsingar gefur Björgvin í síma 511 2200. Seglagerðin Ægir.



Úrval af flottum englum á fermingarborðið til málunar. Keramikgallery. Dalvegur 16 b, 200 Kópavogur. S. 544 5504.






Okkar árlega rýmingarsala. 50-70% afsláttur af öllu í versluninni. Nú er tækifærið, ekta pelsar á hálfvirði og margt fl. Sigurstjarnan, (bláu húsin) Fákafeni. Opið frá 11-18 virka daga og 12-13 laugardaga. S. 588 4545 Vaxtalausar léttgreiðslur



Öll sett á 1990. Allir brjóstahaldarar á 1300. Dömu boxerar frá 450. G strengir frá 350. Heildsölu verð í smásölu. Allt Smart laugavegi 46. S. 551 1040.



Vorvörur til málunar í úrvali. Keramikgallery ehf. Dalvegur 16 b, Kóp. S. 544 5504.

**vitamin.is**

**Vítamin.is og blek.is**
Labrada fæðibótaefni. Ármúla 32, s. 544 8000. Opið mán. til fös. 10 til 18. Laug. 11 til 15.



Rúm og náttborð til sölu. Uppl. í s. 899 0233.

Rúllugardínur. Sparið og komið með gömlu rúllugardínukeflin og fáið nýjan dúk á keflin. Gluggakappar sf. Reyðarkvísl 12, Ártúnsholti, s. 567 1086.

Bílskúrshurðaþjónustan Bílskúrshurðir og mótorar, varahlutir - viðgerðir. Halldór S. 892 7285.

Upphengd barnavagga, skiptiborð og bílstóll. Allt sem nýtt á 45.000. S. 891 9697.

2 hvít rimlarúm og 2 hvít barna/unglingarúm m/dýnum og rúmfataskúffum. Selst ódýrt. Uppl. í síma 564 3366 & 893 4934.

4ra ára Queen size amer.rúm 160x200 kostar nýtt 78 þ. fæst á 20 þ. S. 898 1498.

Stórt tekk skrifborð með 3 skúffum kr. 10 þús. Ikea rúm, breidd 140 cm kr. 8 þús. Stórt beiki fundarborð á stálfótum kr. 40 þús. Sími 552 1850 & 896 9653.

Husqarna 360 D overlock saumavél 4ra ára til sölu. Uppl. í síma 462 1372.

Skírnarkjólar. Glæsilegir skírnarkjólar til sölu. Uppl. í s. 586 2205 & 899 8832.

Til Sölu 28" sjónvarp á 15 þús. 28" Sony monator (með mynd í mynd) og Sony digital videotæki saman á 40 þús. Bassabox fyrir 3x 12"keilur á 3 þús. Sími 822 0311.

Sófi til sölu 3ja sæta Ikea sófi tau áklæði á sama stað er óskað eftir kojum. 80x190. Uppl. í s. 899 7807 Matthías.

Gríðarlega vandaðar viðarinnréttingar í fataverslun til sölu, ásamt hillum, mátunarklefum, speglum og fl. einnig gínur. Uppl. í s. 899 8913.

Til sölu karlmannshjól og kvenmannshjól hvoru tveggja lítið notað. Uppl. í s. 588 5218.

Örbylgjuofn, helluborð og ofn sem gengur inn í eldhúsinnréttingu til sölu á 15 þús. kr. Selst helst saman. 4 stk barstólar, ljósbrúnir, leður og borðstofuborð á 15 þús. kr. Sími 660 0583 Emilía & 696 6714 Bryndís.

## Gefins

3 litla kettlinga vantar heimili sem allra fyrst. Þeir eru 4ra mánaða og kassavanir. Uppl. í s. 438 1420, 431 1461, 868 0125 og 849 2486.

## Hljóðfæri

Samik flygill til sölu. Lengd 155 cm. Verðtilboð. Upplýsingar gefur Guðný í síma 660 0560.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153. Frá kl 8-23.

## Vélar og verkfæri

Járnsmiðja til sölu. Lítil járnsmiðja til sölu, góður tækjakostur og næg verkefni. Upplýsingar í síma 866 8672 á vinnutíma.

## Til bygginga










Glussakrani. Óska eftir að kaupa góðan krana ca 40 tonn helst 2 öxla (4x4) Uppl. í s. 860 5400.

Húsamíðameistari og járnsmiður taka að sér smíðavinnu úti og inni t.d. þök, uppslátt, klæðningar, glerjun o.fl. Vönduð vinna. Uppl. í s. 848 9872.

Eikar parket til sölu. 100 m/2 gegnh. Þykkt 20 mm. Verð 250.000. S. 848 3215.

Verkfræði -arkitekta og- rafmagnsteikningar, byggingarstjórn. Uppl. í s. 824 7587 & 863 2520 eða ahlverk@simnet.is

## Verslun



Mikið úrval af gjafavöru. Opið frá 10-18 virka daga og 11-14 laugardaga. H-Gallerí Grænatúni 1, Kóp. S. 554 5800.




**100% Verðvernd!!!!**
Venus erotic store. Nýjar 6 tíma dvd myndir á 2.990. Spólur 1990. 3 á 5.000. Egg frá 990. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.

## Fyrirtæki

Herbergjaleiga á svæði 105 í fullum rekstri til sölu. Gott húsnæði og góðir leigjendur. Uppl. gefur Ásmundur í síma 565 8000 og 895 3000.

Vel kynnt tölvuþjónusta og sala tölvubúnaðar til sölu, góð framlegð eigin innflutningur og samsetningar á tölvubúnaði, einstakt tækifæri fyrir réttann aðila. Verð sem kemur á óvart, til greina kæmi leiga á fyrirtækinu. Uppl. í s. 898 9993.

Lítið verktakafyrirtæki óskar eftir samstarfi við laghentan duglegan aðila. Miklir tekjumöguleikar. Uppl. í s. 898 9993.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar




Hreinlega - Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur heimilisþrif, flutningaþrif, teppahreinsanir, stigagangar og fyrirtæki. Ellý og Co. S. 898 9930.

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru s. 699 3301.

Óska eftir aðila til að þrífa e.h. annan hvern laugard. Uppl. hjá Guðrúnu í síma 899 0680.

## Garðyrkja

Klippi runna, limgerði og felli tré. Önnur garðverk. Garðaþjónusta Hafþórs. S. 897 7279.

## Bókhald

Bókhald - Vsk - launaútreikningar - ársuppgjör - skattframtöl - stofnun félaga. Renta ehf. Sími 586 8125 & renta@simnet.is

SKATTFRAMTÖL Einstaklingar og smærri fyrirtæki. Erum við símann núna Ráðþing s. 562 1260.

## Fjármál

Skattframtal 2005. Einfalt framtal kr. 2.700. Framtalsþjónusta HR sími 663 4141.

## Málarar

Málari, tek að mér smærri verk. Eyjólfur. S. 867 4325.

**Húsaviðgerðir**
Tökum að okkur málningar og viðgerðir inni sem úti. Gifs, spörslun, lökkun, múr, tré og blikk. Vanir menn og vönduð vinna. Uppl. í s. 867 4167.

Málari óskar eftir verkefnum. Uppl. í síma 892 9496.

## Búslóðaflutningar




Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Húsaviðhald







892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. -húsakl. - öll málningarvinna - háþrýstiþv. -þakþéttiefni (500% teygjanl.).

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Glerjun og gluggaviðgerðir !**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Alm. viðhald húsa, málun, múrun, flísa & parketlagnir, trésmíði ofl. Föst tilboð eða tímavinna. s. 616 1569

Heima er best.. Þegar allt er Tipp Topp! Flísar, Parket, Málum o.fl S:867 4461

Húsasmiður auglýsir. Þarftu að láta skipta um rennur, glerja? Tilboð, tímavinna. S. 553 2171.

## Stífluþjónusta

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stífluþjónusta Geirs, s. 697 3933.

## Tölvur

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Sími 616 9153. Milli kl 8-23 alla daga vikunnar.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

Er vírus í tölvunni eða er hún biluð? Mæti á staðinn. Þekking og reynsla í 20 ár. S. 696 3436. www.togg.biz

## Spádómar

Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. Hanna. S. 908 6040. Frá kl. 13 til 01.

SPÁSÍMINN 908 5666. Árspá 2005. Stjörnuspá, draumráðningar (ást og peningar), andleg hjálp. Trúnaður.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

Spennandi tími fram undan? Spákonan Yrsa í beinu samb. S. 908 2288 - (129 mín.). Símaspá, draumaráðn. Opið 14 til 23.

Miðlun að handan, fáðu svör við spurningum morgundagsins. Tarot, miðlun og fyrirbænir. Opið frá alla daga til 24:00. Laufey spámiðill. 908 6330.

## Trésmíði

**Trésmíði**
2 smiðir geta bætt við sig verkefnum, úti sem inni. Tímavinna sem og föst tilboð. Áralöng reynsla. S. 898 9390 & 691 4998.

## Viðgerðir

**PÍPULAGNIR VIÐGERÐAÞJÓNUSTA.**
Nýlagnir/ breytingar
almennt viðhald.
**Sími 897 6613. Gísli Steingrímsson. Löggiltur pípulagningarmeistari.**

**Pípulagnir 695-1900.**
Almennt viðhald og viðgerðir. Góð reynsla. eXtra lagnir 695-1900.

## Önnur þjónusta

Myndbandaþjónusta. CD-DVD-VHS-fjölföldun, tökur-klippingar-prentun á diska. o.m.f.l. Jenna film s. 896 3785.

# HEILSA

## Heilsuvörur




Frábær líðan.. Alveg síðan.. Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Loksins eitthvað sem virkar. Nýtt megrunarlyf á Íslandi. Ábyrgist 100% árangur annars endurgreiðsla. Ekkert í líkingu við Herbalife. Uppl. í s. 691 7306.

## Líkamsrækt

**Fit - Pilates**
Alhliða styrktaræfingar sem þjálfa djúpvöðva líkamans og gefa flatan kvið. Komdu í prufutíma. Uppl. í s. 896 2300 og á www.einka.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Ég;-12 kg/ 8 vikur. Þú;??? Allt er hægt með Herbalife!! Sigurborg, s. 865 8607.

## Nudd

**Nudd og heilun**
Tek fólk í nudd og heilun. Get einnig tekið að mér námskeið í heilun. Er meistari. S. 697 8602.

Nudd getur hjálpað þér með verki í líkamanum! V. 2900 kr. klst. Hamraborg 20A & Hvassaleiti 35. S. 564 6969.

## Ýmislegt

Vertu flott í fötum frá ClaMal ! St. 36-58. Heimakynningar og sala. s. 895 6119. englagardur@mi.is Jóhanna sendi myndalista

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



**Feng Shui.**
Ráðgjöf, einkahugræktarþjálfun, fyrirtækjaráðgjöf. Nánari uppl. á www.fengshui.is eða í s. 698 7695, jkt@centrum.is

Rokkskólinn - ný námskeið að hefjast: gítar, söngur, trommur, bassi. Innritun s. 898 9955. www.rokkskolinn.is

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Til sölu sem nýr 8 ára vel með farinn 3ja sæta sófi. Selst á kr. 20 þús. S. 663 5618.

Til sölu lítið notað Ameriskt rúm 135*205cm verð 25 þúsund. Sími 6618644.

Glæsilegt koníaksbrúnt leðursófasett (3+2+1) til sölu vegna breytinga. Rúml. ársgamalt. Fæst á 150 þ. Uppl. í síma 892 7055.

6 nýlegir dökkir borðstofustólar til sölu. Svo til ónotaðir, sér ekki á áklæði. Þarf að losna við þá fljótt, gjafverð! Uppl. í síma 840 5767; hrefna@centrum.is

Til sölu Lazy boy sjónvarpssófi grænn að lit. Þarfnast lítilsháttar viðgerðar. Uppl. í s. 690 6216.

Dux hjónarúm til sölu. Vel með farið. 2 dýnur 90x200. Uppl. í síma 567 3566.

Sófasett 3+2 til sölu, 3ja er svefnsófi líka. Uppl. í s. 581 4029 & 695 1929.

Skemmtileg búslóð til sölu. Antík, Indverskt o.fl. dót. Frábært verð. Uppl. í s. 587 5977 og 866 9747.

## Heimilistæki

Hornbaðkar 140 x 140 nýtt emilerað, selst á hálfvirði 25 þ. Uppl. í 557 9056.

Ariston ísskápur til sölu 180cm með frystiskúffum, 35000 kr. Sími 866 4077.

## Barnavörur



Full búð af nýjum vörum á börn og unglinga. Róbert Bangsi ...og unglingarnir Hlíðasmára 12, Hverafold 1-3 & Firði Hafnarfirði. Sími 555 6688.

## Dýrahald

**Miniature Dachshund**
Langhunda hvolpar til sölu, örmerktur og ættbókarfærður. Uppl. í s. 868 4782.

## SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

90,9 · 98,9 · VÍSIR · FRÉTTABLAÐIÐ · 90,9 · 98,9 · VÍSIR

Fyrsti vinningur stefnir í sjö milljónir
**Lottó**

Mjólkurhristingur, mjólkurhristingur
**Hamborgarabúlla Tómasar**

Bókaútsölunni lýkur um helgina

10% viðbótarafsláttur
**Bókabúð Máls og Menningar Laugvegi**

Skómarkaður í Hagkaupum
Aðeins tvö verð, 500 krónur og 1000 krónur
**Hagkaup**

Grjótharðir, fyndir og ruddalegir
**Þjóðleikhúsið**

Ódýr gæðamálning
Málningartilboð
**Litaver**

Veggfóður og skrautlistaúrval
**Litaver**

Stigahúsateppi, gólfteppatilboð
**Teppabúðin Litaver**

Plastparket frá 790 m2
**Teppabúðin Litaver**

Belgíska Kongó
Síðustu sýningar
**Borgarleikhúsið**

Opið í dag til kl 17:00
**Harpa Sjöfn málningarverslun Skeifunni 4**

Híbýli vindanna

Uppselt í kvöld
**Borgarleikhúsið**

Lína Langsokkur
Síðasta sýningin á sunnudag
**Borgarleikhúsið**

Lagerútsala Hexa, rýmum til fyrir nýjum vörum
Opnum glæsilega verslun fljótlega.
Opið frá 10-16 í dag, laugardag.
**Hexa, Smiðjuvegi 10**

Frá Hallgrímskirkju:
Fræðslumorgun kl 10:00, Dr. Clarence Glad fjallar um tilurð nýja testamentsins
Barna og fjölskylduguðþjónusta kl: 11:00 æskulýðsdegi þjóðkirkjunnar. Fiðlusveit barna, unglingakór og drengjakór.

Kvöldvaka kl:20:00, söngur, dans og hljóðfæraleikur.
**Hallgrímskirkja.**

Opið í dag til sex í dag
**Ikea**

Ekki taka stærstu ákvörðun ævi þinnar án þess að kynna þér málið vel
Stóri háskóladagurinn í borgarleikhúsinu í dag.
**Kennaraháskóli Íslands**

Mýraljós, hreinasti gullmoli.
**Þjóðleikhúsið**

Fjögur glös, fjórir diskar.
**Argentína.**

Nýjar textílvörur
**Ikea**

Opið í dag til kl 15:00
**Harpa Sjöfn málningarverslun Dalshrauni 13, Hafnarfirði**

Segðu mér allt eftir Kristínu Ómarsdóttir
Sýning sunnudag
**Borgaleikhúsið**

Ausa einleikur með Ilmi Kristjánsdóttur
Sunnudagskvöld, umræður á eftir.
**Borgarleikhúsið**

# Nýbyggingaveisla á Hóli
# Sandavað 1 - 5

## Opið í dag frá kl. 12 til 15 á skrifstofu okkar að Skúlagötu 17










**Nýjar og gæsilegar íbúðir**
Hóll kynnir 2ja, 3ja, 4ra, og 5 herbergja íbúðir við Sandavað í Norðlingaholti auk stæðis í bílageymslu. Íbúðirnar skilast fullbúnar án gólfefna frá nóv 2005 til feb 2006.

| 5 herbergja íbúðir | |
|---|---|
| Verð frá | 24,500.000 |
| 80% lán | 19.600.000 |
| Áætluð. afb. lána | 88.200 |

| 3ja herbergja íbúðir | |
|---|---|
| Verð frá | 17,200.000 |
| 80% lán | 13.760.000 |
| Áætluð. afb. lána | 61.920 |

| 4ra herbergja íbúðir | |
|---|---|
| Verð frá | 19,500.000 |
| 80% lán | 15.600.000 |
| Áætluð. afb. lána | 70.200 |

| 2ja herbergja íbúðir | |
|---|---|
| Verð frá | 14,200.000 |
| 80% lán | 11.360.000 |
| Áætluð. afb. lána | 51.120 |

Sölumenn Hóls veita allar nánari upplýsingar í síma 595 9000

Tákn um traust

© gandri - Guðmundur Andri Skúlason

Hóll fasteignasala | Franz Jezorski lögg.fasteignasali | Skúlagata 17 | 101 Reykjavík | www.holl.is | holl@holl.is | sími: 595 9000 | fax: 595 9001







# *Fjárfesting... sól og sæla...*

## **þér er boðið á sýningu**

## *helgina 5. og 6. mars að Hlíðasmára 14 - Kópavogi*

**Laugard. 5. mars kl. 13.00-17.00, sunnud. 6. mars kl. 11.00-17.00**

Nú getur þú látið drauminn rætast um fallegt hús á Spáni, gott loftslag, hreina strönd, glæsilega golfvelli og hagstætt verðlag.

EIGNAUMBOÐIÐ í samvinnu við spánska fyrirtækið EUROMARINA býður nú mikið úrval góðra eigna á góðum stöðum.

Traust og góð þjónusta er í boði við val á eignum og frágangi mála.

Tryggðu þér öruggt frí - þegar þér hentar...

## **Íbúðir - raðhús og einbýlishús**

## **Verð frá 13.500.000**

Lánamöguleikar allt að 80%
vextir frá 2,95%

Njóttu lífsins og sparaðu um leið...











**Láttu sjá þig, við tökum vel á móti þér...**



Geli Hernandes De Blas
framkvæmdastjóri
Euromarina
verður á staðnum

euromarina
Höfum byggt frá 1972

EIGNAUMBOÐIÐ EHF
FASTEIGNASALA

**Sími 580 4600**

**Eignaumboðið ehf er umboðsaðili euromarina á Íslandi**

**www.spanareignir.is**

KORTER.IS

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
533 4300
Salómon Jónsson lögg. fasteignasali

SMÁRINN FASTEIGNASALA
564 6655
Vilhjálmur Bjarnason lögg. fasteignasali

**SÖLUSÝNING LAUGARD. 5. MARS GULLSMÁRA 9, MILLI 15.30 OG 16.30**

**ÞJÓNUSTUÍBÚÐ - ELDRI BORGARAR**



Fallega 3ja herbergja 75,6 fm íbúð á fimmtu hæð í fallegu fjölbýli, tengt þjónustumiðstöð aldraða, ásamt 24,7 fm stæði í bílageymslu. Íbúðin er laus og afhendist við kaupsamning. Stutt í alla þjónustu svo sem heilsugæslu, apótek, banka og Smáralindina.

Nánari uppl. gefur Ólafur Haukur Haraldsson í síma 693-4868



HB FASTEIGNIR
Hús Verslunarinnar, Kringlan 7, 103 Reykjavík, S: 534 4400

**OPIÐ HÚS Á MORGUN 06.03 Milli 15 og 16**

**Hólagata 47 Reykjanesbæ**
**Fallegt 143,8fm einb. ásamt 4,4fm bílskúr. Verð 22,9millj**



- Forstofa m/flísum m/forst,herbergi.
- Hol,stór stofa, borðstofa uppt, loft viðarklædd.
- Hjónaherbergi m/ skápum, rúmgott barnaherb.
- Eldhús m/ borðkrók+útg í búr og studio íbúð.

Kári Kort, sölufulltrúi
S. 892-2506



HB FASTEIGNIR
Hús Verslunarinnar, Kringlan 7, 103 Reykjavík, S: 534 4400

**OPIÐ HÚS Á MORGUN 06.03 Milli 14 og 15**

**NJARÐVÍKURBRAUT 31 Njarðvík**
**Nýstandsett 127,8fm Einbýlishús. Verð 15,3 millj.**



- Eldhús m/borðkrók nýjar innréttingar.
- Hol,stór stofa m/nýju parketi.
- Hjónaherbergi m/ góðu skápaplássi.
- Tvö barnaherbergi. Þvottaherbergi.
- Stór bílskúr.Góð eign á frábærum stað.
- Í bílskúr er íbúð. Garður og pallar. Góð eign.

Kári Kort, sölufulltrúi
S. 892-2506



# FAG-MENNSKA
## Í FASTEIGNAVIÐSKIPTUM

TRAUST OG VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ Í 10 ÁR

BIFRÖST fasteignasala
Brú milli kaupenda og seljenda
Vegmúla 2 • Sími 533-3344 • Fax 533-3345



Sérhver endir er upphaf að einhverju nýju ❤



María Haraldsdóttir
Sölustjóri
maria@101.is
Gsm 820 8103

Helgi J. Jónsson
Sölumaður
helgi@101.is
Gsm 820 8104

Leifur Aðalsteinsson
Framkvæmdastj./Sölum.
leifur@101.is
Gsm 820 8100

Sigtryggur Jónsson
Lögg. fasteignasali
sigtryggur@101.is
Gsm 863 2206

Hrafnhildur Guðmundsdóttir
Skrifstofustjóri
hrafnh@101.is

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

T & W / 0033

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA ER MEÐLIMUR Í FÉLAGI FASTEIGNASALA

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is






vísir HEFUR SMÁAUGLÝSINGARNAR!

PANTAÐU SMÁAUGLÝSINGUNA Á VISIR.is OG HÚN BIRTIST Í EINA VIKU Á VÍSI OG Í 100.000 EINTÖKUM AF FRÉTTABLAÐINU FYRIR AÐEINS 995 KR.

HVORT SEM ÞÚ ERT AÐ LEITA EÐA ÞARFT AÐ AUGLÝSA . . .
. . . ÞÁ FINNUR ÞÚ ÞAÐ Á VISIR.IS

vísir ...UM ALLT!

# Suðumaður

Suðumaður með réttindi til spegilsuðu plaströra óskast til starfa strax.

## Gröfumenn

Einnig vantar gröfumenn.

Upplýsingar í síma 893-8611

## Vinna í skiltagerð

Framsækið og ört vaxandi fyrirtæki í framleiðslu skilta og umhverfisauglýsinga óskar að ráða laghenta, jákvæða og duglega starfsmenn sem fyrst.

Starfið felst í frágangi prentefnis auk almennrar skiltavinnu. Reynsla af sambærilegum störfum er æskileg en ekki nauðsynleg.

Áhugasamir sendi umsókn með helstu upplýsingum á netfangið: hilmar@frankogjoi.is

FRANK & JÓI SKILTAGERÐ 567•9292

Dugguvogi 10 104 Reykjavík
Sími 567 9292 Fax 567 9295
www.frankogjoi.is

## GLÆSILEGT SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI

**Til leigu er glæsilegt og nýstandsett skrifstofuhúsnæði, ca 92 m2, á 2. hæð hússins nr. 48 við Suðurlandsbraut, („í Bláu húsunum“). Laust.**

Upplýsingar veita Hilmar Magnússon, hrl. og Björn Ólafur Hallgrímsson, hrl. á skrifstofu Lögskila ehf. í sama húsi. Símar 568 4660 og 568 2010. Fax. 568 4661. Rafpóstföng: hilmar@logskil.is og bjorn@logskil.is

pósthúsið

Okkur á pósthúsinu vantar fólk til þess að bera út um virka daga annars vegar og helgar hins vegar í eftirtalin póstnúmer:

**101**
**103**
**104**
**105**
**107**
**108**
**200**
**230**

**Upplýsingar í síma 585 8330**

pósthúsið

## Vantar þig vinnu ?

Við hjá Pósthúsinu erum að leita að harðduglegu fólki til að dreifa **Fréttablaðinu og DV.** Hvort sem þú ert morgunhani eða nátthrafn höfum við starf til að bjóða þér. Prófaðu að hringja í okkur og fá frekari upplýsingar því það er aldrei að vita nema þú finnir eitthvað við þitt hæfi.

**Góð laun í boði fyrir duglegt fólk.**

Þú nærð í okkur í síma **585-8330** alla daga vikunnar milli **7.00 og 17.30.**

FERÐALEIKURINN ER Í FULLUM GANGI

Þú gætir unnið ferð til Kaupmannahafnar eða London!

Iceland Express

vísir ...UM ALLT!

# spennandi

GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR

Vegna aukinna umsvifa þarf markaðsdeild 365 að ráða til sín grafískan hönnuð með reynslu úr auglýsingaheiminum.

Nú gefst þér spennandi tækifæri til að móta útlit og ímynd bæði prent- og ljósvakamiðla.

Hæfniskröfur:
Starfsreynsla er skilyrði.
Þekking á prenti og sjónvarpi.
Ríkt hugmyndaflug.
Metnaður og frumkvæði.

Umsóknir sendist á spennandi@365.is fyrir 11. mars 2005.
Fullum trúnaði heitið.

365 365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

SÖLUFÓLK

Hæfniskröfur:
Sölureynsla er æskileg.
Góðir samskiptahæfileikar.
Jákvæðni og metnaður.

Umsóknir sendist til Þórmundar Bergssonar, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða á thormundur@365.is fyrir 11. mars 2005.

# Við leitum að kröftugum, sjálfstæðum og skipulögðum einstaklingum til að vinna í hópi áhugasamra sölumanna.

365 365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

## SVIPMYND



**Róm:** Höfuðborg Ítalíu.

**Íbúar:** 2.655.970 milljónir.
**Tungumál:** Ítalska.
**Trúarbrögð:** Rómverjar eru flestir rómversk-kaþólskir. Í borginni eru líka mótmælendur og gyðingar og innfluttum múslimum hefur fjölgað gríðarlega á undanförnum árum.
**Þjóðerni:** Ítalir eru í miklum meirihluta en 6,36% íbúa eru Filippseyingar, Pólverjar, Bandaríkjamenn, Spánverjar og Rúmenar.
**Upphaf Rómar:** Samkvæmt arfsögn Rómverja stofnuðu tvíburabræðurnir Rómulus og Remus Róm á 8. öld fyrir Krist.
**Aðalatvinnuvegur:** Ferðaþjónusta, almannatengsl og tíska.
**Lífsstíll:** Róm er vinsælasti ferðamannastaður í heimi og íbúar taka vel á móti gestum sem skipta milljónum árlega. Rómverjar eru eins og aðrir Ítalir opnir og skapheitir. Góður matur og fjölskyldubönd skipta Rómverja miklu máli,
**Litir borgarinnar:** Gulur og rauður. Í Róm er sagan við hvert fótmál, fagrar byggingar, listasöfn og yndislegir garðar.
**Rómverjar:** Samkvæmt hefðinni eru ekta Rómverjar þeir sem geta rakið ættir sínar til Rómar sjö kynslóðir aftur í tímann.
**Ýmislegt:** Róm og Páfagarður eru sögusvið Engla og djöfla, æsipennandi sögu Dans Brown, þess sama og skrifaði Da Vinci-lykilinn.

GEZE JÁRN&GLER
Skútuvogur 1H, 104 Rvk. S: 5858900
Rennihurðabrautir



www.jarngler.is

!
Talstöðin
FM 90,9
ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

## Vissir þú ...

... að launahæsti sjónvarpsmaður heims er Ray Romano frá Bandaríkjunum en hann fékk 127.800.000 íslenskar krónur fyrir hvern þátt af Everybody Loves Raymond?

... að stærsta fruman er blóðflagnafruman sem er 0,2 millimetrar en hún er í beinmergnum og framleiðir blóðflögurnar?

... að Gisele Weser í Þýskalandi er elsti danskennari heims en hún fæddist 1. febrúar árið 1921 og kennir enn?

... að þúsund manns frá Guelphháskóla í Kanada mynduðu færiband 7. september árið 1998 en seglbretti var flutt eftir „færibandinu"?

... að Eufemia Stadler í Sviss straujaði stanslaust í fjörutíu klukkustundir á strauborði 16. til 18. september árið 1999? Hún straujaði alls 228 skyrtur.

... að mesta björgunaraðgerð á sjó án manntjóns var 7. júní árið 1944 undan strönd Normandí í Frakklandi en þá var 2.689 bjargað um borð í ameríska skipið Susan B. Anthony?

... að þau ský sem lengst eru lóðrétt eru þrumuský en slík ský hafa náð allt að 20.000 metra hæð í hitabeltinu en það er nærri þreföld hæð Everest-fjalls?

... að saltasta ferskvatnið er Don Juan-tjörn í Wright-dal á Suðurskautslandinu en hún er svo sölt að hún frýs ekki einu sinni við -53°C?

... að hægfleygustu fuglar heims eru kjarrsnípan og skógarsnípan en í tilhugalífinu hafa þau mælst á aðeins átta kílómetra hraða án þess að hrapa?

... að hættulegast allra ígulkera er blómaígulkerið en eitrið úr broddum þess og griplum geta valdið mönnum miklum sársauka, andnauð og lömun?

... að hæsti aldur hests sem áreiðanlega hefur verið skráður er 62 ár en þeim aldri náði Old Billy í Bretlandi en hann lést 27. nóvember árið 1822?

... að prinsar sádiarabísku konungsfjölskyldunnar eru hvorki fleiri né færri en 4.200 og aðrir ættingjar 40.000?

... að sé miðað við fjármuni var gjaldþrot fjarskiptafyrirtækisins WorldCom Inc, 21. júlí árið 2002 stærsta gjaldþrot í heimi en það hljóðaði upp á 7.480 milljarða króna?

... að 38,89 metra maísstöng var reist í New Westminster í Kanada 20. maí árið 1995?

... að verðmætasta hjólið var selt hjá Philips í London í ágúst árið 1999 fyrir 12,2 milljónir króna?

... að Manfred Klauda í Þýskalandi hefur safnað 9.400 koppum, þeim elstu frá sextándu öld?

... að stærsta grasasafnið í Náttúrufræðisafninu í París státar af 8.880.000 tegundum varðveittra jurta?

... að stærsti rósagarðurinn í Roseto di Cavriglia í Cavrigia í Ítalíu státar af meira en 7.500 rósategundum?

MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT

Menntaskólinn Hraðbraut býður uppá metnaðarfullt nám og fyrsta flokks aðstöðu fyrir duglega nemendur í líflegu og skemmtilegu umhverfi.

Athugaðu málið á hradbraut.is

Menntaskólinn Hraðbraut.
Faxafeni 10, húsi Framtíðarinnar.

"... tveimur árum á undan"

Viltu ljúka stúdentsprófi á tveimur árum?
Viltu fara í persónulegan skóla með frábæru félagslífi?
Viltu eiga viku frí í skólanum sjöttu hverja viku?
Viltu ljúka heimavinnunni í skólanum?



Opiðhús
í dag laugardaginn 5.mars
kl.14 - 17
Nemendur sem hafa lokið hluta framhaldsskólanáms og vilja kanna möguleika á að koma beint inn á seinna ár eru sérstaklega hvattir til að líta við

VÍSINDAVEFUR HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Apar á latínu í sjónvarpi

**Hvert er latneska heitið á apanum Marcel sem kemur fram í fyrstu þáttaröðinni um Vini eða Friends?**



**HETTUAPI** Teikning af hettuapa eða Cebus capucinus.

Í fyrstu þáttaröðinni af Vinum (e. Friends) kemur apinn Marcel nokkuð við sögu en hann var í eigu persónunnar Ross Geller sem leikinn var af David Schwimmer. Tveir kvenapar tóku að sér hlutverk Marcels í þáttunum og apinn var fyrsti vinurinn sem yfirgaf þáttaröðina fyrir frægð og frama í Hollywood. Aparnir tveir hafa „leikið“ í nokkrum vinsælum kvikmyndum, meðal annars Outbreak (1995), Instinct (1999) og Flintstones II: Viva Rock Vegas (2000).

**Cebus capucinus eða hettuapar**

Aparnir sem léku Marcel eru af tegundinni Cebus capucinus sem nefnist á ensku 'capuchin monkey' eða 'white-faced capuchin'. Heiti þeirra er dregið af nafni hettumunka (ít. Cappuccini) því þeir hafa svartan koll sem minnir á munkahettu. Hettumunkareglan er ströng grein Fransiskanareglunnar, stofnuð snemma á 16. öld og auk hettunnar söfnuðu munkarnir síðu skeggi, gengu um berfættir í sandölum klæddir brúnum kufli.

**Hettuapar lifa í litlum hópum**

Hettuaparnir lifa í þéttum skógum á svæðinu frá norðanverðri Kólumbíu norður til Hondúras í Mið-Ameríku. Þeir eru alætur, éta meðal annars trjábörk, safaríkar jurtir, ávexti, egg, ýmis skordýr og lindýr, svo nokkuð sé nefnt. Þeir lifa í hópum sem samanstanda af 6-20 dýrum, oftast nokkur skyld kvendýr, ungviði þeirra og fáein karldýr.

**Gott gáfnafar**

Hettuaparnir eru afar fjörugir og greindir og eru þess vegna langalgengustu aparnir í skemmtanaiðnaðinum. Þeir eru einnig töluvert notaðir í rannsóknum á greind og gáfnafari, þar sem auðvelt hefur reynst að kenna þeim. Þeir eru álitnir gáfaðastir apa nýja heimsins.

**„To go apeshit“**

Hettuaparnir eru hins vegar ekki góð gæludýr þar sem þeir aðlagast illa lífi á heimilum fólks. Þeir eiga það til að rífa og tæta húsgögn og verða fljótt taugatrekktir og skapstyggir. Sennilega hefur Marcel verið slæmur á taugum við gerð þáttanna um bandarísku vinina, því fregnir herma að hann hafi pissað í tíma og ótíma á tökustað og auk þess kastað lausamunum í samstarfsfólk sitt. Apar eiga það til að hegða sér á þennan hátt þegar þeir eru illa fyrirkallaðir. Af sambærilegri hegðun apa er meðal annars dregið enska orðatiltækið „to go apeshit“ en um það er hægt að lesa nánar í svari á Vísindavefnum við spurningunni Hvað þýðir það nákvæmlega þegar Bandaríkjamenn tala um „to go apeshit“?

Þess má í lokin geta að hettuaparnir eru vinsælustu apar í haldi manna í Norður-Ameríku og Evrópu. Þótt tegundin sé ekki í bráðri hættu er allur útflutningur á þeim nú stranglega bannaður.

*Jón Már Halldórsson líffræðingur og Jón Gunnar Þorsteinsson bókmenntafræðingur og aðstoðarritstjóri Vísindavefsins.*



**VINIR** Hettuapinn er sennilega þekktastur hjá ungu kynslóðinni eftir að apinn Marcel kom fram í fyrstu þáttaröðinni um Vini eða Friends.

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem nefnast. Meðal spurninga sem þar hefur verið glímt við undanfarið eru til dæmis: Hverjir voru helstu guðir Súmera, hvað er eiginlega vitlausa beinið, er löglegt að framleiða djarfar fullorðinsmyndir á Íslandi, hvernig er best að byggja upp gott sjálfstraust, hvað var spánska veikin, hvað er Genfarsáttmálinn og er bannað að borða sitt eigið hold? Hægt er að lesa svörin við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum með því að setja efnisorð inn í leitarvél vefsins á slóðinni www.visindavefur.hi.is.

Italsofa The Italian Touch



Verðdæmi:
Italsofa
**Hornsófi** með slitsterku áklæði sem auðvelt er að þrífa. Verð kr. **198.000.-**



Verðdæmi:
Italsofa
**Hornsófi/svefnsófi** með slitsterku áklæði sem auðvelt er að þrífa. Verð kr. **175.000.-**



Verðdæmi:
Italsofa
**Hornsófi** með slitsterku áklæði sem auðvelt er að þrífa. Verð kr. **125.000.-**

KORTER

Mikið úrval af hornsófum með leðri eða með áklæði

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Opið virka daga10-18 Laugard 11-16



# Styrkir úr Pokasjóði

**Frestur til að sækja um styrk úr Pokasjóði rennur út 11. mars n.k. Umsóknum skal skilað á www.pokasjodur.is en þar eru allar upplýsingar um sjóðinn, fyrirkomulag og styrki.**

Allur hagnaður af sölu plastpoka merktum Pokasjóði rennur til uppbyggjandi málefna, en Pokasjóður, sem áður hét Umhverfissjóður verslunarinnar, veitir styrki til **umhverfis- menningar-, íþrótta- og mannúðarmála.**

Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki úr sjóðnum.

Að Pokasjóði standa allar helstu verslanir á Íslandi.

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT 11. MARS

**Þeim sem ekki geta nýtt sér Netið er bent á að umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í Húsi verslunarinnar, 6. hæð.**

POKASJÓÐUR

pokasjodur.is MERKI UM UPPBYGGINGU

# Fólk verður bara að lesa á milli línanna

**Bolir Emils Þórs Vigfússonar hafa vakið mikla athygli að undanförnu í búðinni Dogma, og hafa þeir rokið út eins og heitar lummur. Sjálfur hefur Emil lítið látið fyrir sér fara en Freyr Gígja Gunnarsson hafði uppi á honum og ræddi við hann um bolina.**

„Þetta var bara áhugamál sem vatt upp á sig," segir Emil Þór Vigfússon, bolahönnuður með meiru. Hann segist hafa orðið var við mikinn áhuga á hvers kyns bolum og ákveðið að láta slag standa í nóvember á síðasta ári og blanda sér í baráttuna. „Þetta er orðin alveg rosaleg tíska," segir hann og bendir réttilega á að tvær búðir sem selja eingöngu boli eru á næstum því sama blettinum á Laugaveginum. Bolatískan er orðin allsráðandi meðal yngra fólksins og skemmtilegar áletranir hafa selst mjög vel. „Það er gaman að ganga í Kringlunni og sjá ungu krakkana í bolum sem ég hef gert," segir Emil Þór.



**EMIL ÞÓR VIGFÚSSON** Þetta var bara áhugamál sem vatt upp á sig.

### Málsvari minnihlutahóps

Salan hefur gengið vonum framar og hafa bolir eins og *Ég þekki Ásgeir Kolbeins* og *Ég deita bara módel* rokið út eins og heitar lummur. „Mér fannst þessir hópar, það er að segja þeir sem þekktu Ásgeirs Kolbeins og þeir sem deituðu módel, vera minnihlutahópar sem vantaði einhvern málsvara," segir Emil Þór og bætir við að nýverið hafi komið út bolur með mjög áreiðanlega staðreynd, *Rauðhærðir eru betri í rúminu*. „Ég hef þetta eftir mjög áreiðanlegum heimildum," segir hann, án þess að stökkva bros á vör. „Ef einhverjir sjá þetta sem kaldhæðni þá er það bara þeirra mál, fólk verður bara að lesa á milli línanna," bætir hann við.

### Bolir fyrir útlendinga

Þetta er ekki aðalatvinna Emils og hann segist ekkert hafa orðið ríkur á þessu, þetta sé svona meira til gamans gert, þó öllu gríni fylgir alvara. „Ég ætla að færa mig aðeins meira út í grafískari boli, þó að þessir bolir með þessum yfirlýsingum haldi auðvitað áfram." Hann langi til að búa til boli sem séu ekki einskorðaðir við íslenskan húmor, heldur séu markaðsvara sem ferðamenn geti keypt sér, enda sé það mjög góður markaður, því hingað komi fjögur hundruð þúsund ferðamenn á ári. „Auðvitað verður húmorinn ennþá til staðar, hann verður kannski grafískari," segir Emil, sem vill þó ekkert gefa upp hvenær bolirnir komi nákvæmlega út, en það verði einhvern tímann í næsta mánuði. ■




**ÉG TEK 130 Í BEKK OG HVERNIG FINNST ÞÉR ÉG?** Bolir með skemmtilegum áletrunum seljast mikið og Emil ákvað að taka þátt í því kapphlaupi.






**BREYTTUR HEIMUR**



**VACLAV HAVEL BARÐIST FYRIR LÝÐRÆÐI Í GÖMLU TÉKKÓSLÓVAKÍU** „Haldið samfélag við þá sem leita sannleikans og forðist þá sem hafa fundið hann."

## Fullkomna ríkið?

Það er ekki öllum gefið að stjórna, og sitt sýnist hverjum um stjórnvöld hvers tíma. Er lýðræði besta lausnin, eða ættum við ekki frekar að fela stjórnunina þeim sem vita betur? Engin aðferð við að velja valdhafa hefur hins vegar verið hafin yfir mögulega misnotkun. Gott dæmi er kannski nýafstaðnar kosningar í Úkraníu, þegar eitrað var fyrir Viktor Júsjenkó í aðdraganda lýðræðislegra kosninga. Líklegt er að heimspekingurinn Platon, sem var uppi á fjórðu öld fyrir Krist, hefði hlegið dátt að þessum tilburðum mannsins að koma á lýðræði, enda taldi hann sig, með bókinni Ríkið, hafa hannað svo fullkomið kerfi að samfélagið gæti reitt sig á stétt góðviljaðra stjórnenda. Það voru einmitt þeir stjórnendur sem strengdu þess heit að koma á nýrri stjórnarskrá Frakklands þann 17. júní 1789.

Platon sjálfur tilheyrði dekurhópi ríkra menntamanna í Aþenu sem höfðu ímugust á lýðræðinu og töldu sig hæfa til þess að stjórna, án þess að þar kæmi til einhver almúgur með kosningarétt. Platon taldi að öllu stjórnmálavaldi væri best borgið í höndum sjálfskipaðrar stéttar heimspekilegra stjórnenda sem kölluðust verndarar.Hæfni þeirra til að gegna þessu embætti væri fólgin í æðra hugarstarfi þeirra, sem tryggt væri með erfðum, og menntun myndi gera þá óeigingjarna í einkalífinu og guðum líka í hæfileikum sínum til að greina hvað væri gott fyrir borgarana.

Hinir svokölluðu verndarar Platons urðu hins vegar fyrirmyndir og hugmyndalegir forfeður úrvalshópa, aðalsstjórna og sjálfskipaðra ofurmenna sem hafa ávallt réttlætt harðstjórn sína á grundvelli þess að þeir viti best.

*Byggt á bókinni Hugmyndir sem breyttu heiminum sem kom út hjá Eddu fyrir skömmu.*

# Síungur harðjaxl

**Clint Eastwood sem stal senunni á síðustu Óskarsverðlaunahátíð á að baki langa og merka sögu í Hollywood bæði sem leikari og leikstjóri. Fréttablaðið skoðaði feril kappans.**



**MEÐ ÓSKARINN** Clint Eastwood með Óskarinn sem hann fékk fyrir að leikstýra Million Dollar Baby.

Leikarinn og leikstjórinn Clint Eastwood stal senunni á nýliðinni Óskarsverðlaunahátíð þegar hann var verðlaunaður fyrir bestu kvikmyndina, Million Dollar Baby, og sem besti leikstjórinn. Bar hann meðal annars sigurorð af hinum merka leikstjóra Martin Scorsese sem hafði fjórum sinnum áður verið tilnefndur til verðlaunanna en aldrei unnið. Eastwood var aftur á móti að vinna í annað sinn, því árið 1992 fékk hann sömu tvö verðlaunin fyrir vestrann Unforgiven.

### Spagettívestri slær í gegn

Clint Eastwood er lifandi goðsögn og vafalítið eitt af helstu átrúnaðargoðum þeirra hasarmyndaleikara sem hafa skarað hvað mest fram úr á undanförnum árum. Eastwood fæddist í San Francisco árið 1930, sonur verkamanns í stálverksmiðju. Hann hætti í menntaskóla og fékk fljótt lítil hlutverk í B-myndum ár borð við Tarantula (1955) og Francis in the Navy sem kom út sama ár. Árið 1959 fékk hann hlutverk í sjónvarpsþáttunum Rawhide sem áttu eftir að njóta mikilla vinsælda. Varð Eastwood fljótt þekktur víðsvegar um Bandaríkin sem kúrekinn Rowdy Yates.

Næst reyndi Eastwood fyrir sér sem eitursvalur kúreki í spagettívestranum A Fistful of Dollars eftir ítalska leikstjórann Sergio Leone. Árið eftir, eða 1965, fór Eastwood með hlutverk í framhaldinu, For a Few Dollars More, en það var ekki fyrr en í þriðja spagettívestranum, The Good, the Bad and the Ugly, sem hann sló virkilega í gegn. Myndin naut mikilla vinsælda og Eastwood var orðinn heimsfræg kvikmyndastjarna. Í framhaldinu fékk hann hlutverk í myndunum Where Eagles Dare, Coogan's Bluff og hinum vinsælu Paint Your Wagon og Kelly's Heroes.

### Fyrsta leikstjórnarverkefnið

Árið 1971 var afar gjöfult fyrir Eastwood. Hann leikstýrði sinni fyrstu mynd, Play Misty for Me, sem vakti mikla lukku auk þess sem hann fór með aðalhlutverkið í The Beguiled.

Það var í Dirty Harry sem Eastwood fékk endanlega þann harðhausastimpil sem hefur fylgt honum allar götur síðan. Eastwood lék þar lögguna „Dirty" Harry Callahan sem kallaði ekki allt ömmu sína í baráttu við bófana í San Francisco. Í myndinni lætur Callahan frasann „Do you feel lucky, punk?", flakka er hann segir einu rustamenninu til syndanna og hefur hann verið eitt af einkennismerkjum Eastwood síðan.

Eastwood hélt áfram að leika í vestrum á borð við High Plains Drifter, Joe Kidd og Hang 'Em High. Hann lék í framhaldi Dirty Harry, Magnum Force árið 1973 og Thunderbolt and Lightfoot ári síðar og fengu báðar góða aðsókn. 1976 lék Eastwood í The Enforcer sem er af mörgum talin besta framhaldsmynd Dirty Harry og The Outlaw Josey Wales sem hefur verið talinn einn af bestu vestrum allra tíma. Leikstýrði hann einnig þeirri mynd og var þá öllum orðið ljóst að þar fór afar hæfileikaríkur leikstjóri.

### Unforgiven blæs lífi í ferilinn

Níundi áratugurinn var ekki sérlega gjöfull fyrir Eastwood fyrir utan myndina Sudden Impact þar sem hann var enn í hlutverki harðjaxlsins Harry Callahan. Kappinn virtist vera hættur að laða fólk í bíóin í eins miklum mæli og áður og fór því að einbeita sér frekar að leikstjórn. Bird þótti vel heppnuð en hún fjallaði um djasstónlistarmanninn Charlie „Bird" Parker, auk þess sem White Hunter, Black Heart naut nokkurrar hylli. Eastwood kom ýmsum á óvart er hann sendi árið 1992 frá sér vestrann Unforgiven, sem sló rækilega í gegn og festi hann jafnframt í sessi sem einn besta leikstjóra Bandaríkjanna. Í kjölfarið fylgdu In the Line of Fire, A Perfect World og The Bridges of Madison County sem þóttu ágætar en náðu ekki að fylgja vinsældum Unforgiven nógu vel eftir.



**DIRTY HARRY** Persónan Dirty Harry festi harðhausastimpilinn endanlega á Eastwood.

### Enn fleiri Óskarar

Eftir nokkrar frekar slakar myndir í viðbót var komið að Eastwood að rísa aftur á fætur með Mystic River árið 2003 sem var tilnefnd til sex Óskarsverðlauna og hlaut tvenn. Var þetta fyrsta mynd hans í langan tíma þar sem hann var ekki á meðal leikara. Næst var komið að Million Dollar Baby þar sem Eastwood sýndi og sannaði á ný hversu öflugur leikstjóri hann er.

„Margar frábærar myndir hafa unnið Óskarsverðlaunin og margar frábærar myndir hafa ekki gert það," sagði Eastwood eftir að styttan eftirsótta var í höfn enn á ný. „Þú verður bara að gera þitt besta og sjá svo til." Eastwood, sem er 74 ára, er elsti leikstjóri sem hefur unnið Óskarinn og lætur engan bilbug á sér finna. „Það er fullt af ungum náungum að koma fram á sjónarsviðið en ég vil ekki að kvikmyndaframleiðendur gleymi þessum eldri í bransanum. Þeir og þær eru þarna úti, tilbúin að gera sínar bestu myndir á ferlinum fyrir ykkur."

Næsta leikstjórnarverkefni Eastwood er Flags of Our Fathers sem er væntanleg á næsta ári og hver veit nema hann láti til sín taka á nýjan leik á næstu Óskarshátíð? Þessi mikli harðjaxl virðist eiga nóg inni ennþá.

freyr@frettabladid.is



**KÚREKINN CLINT** Eastwood átti öfluga endurkomu í Unforgiven.

**CLINT EASTWOOD**

- Rétt nafn: Clinton Eastwood Jr.
- Hæð: 193 cm
- Á sjö börn og hefur kvænst tvisvar
- Af hollenskum og breskum ættum
- Mikill djassáhugamaður
- Kjörinn borgarstjóri í Carmel í Kaliforníu 1986
- Hljómsveitin Gorillaz söng lagið vinsæla Clint Eastwood

upplifðu
ÍSLAND · SÆKJUM ÞAÐ HEIM




Ísland er öllum opið!

Himinn og haf / SÍA

Ferðamálaráð Íslands
www.ferdalag.is

# Stafarugl týndra nafna

**Þegar maður fullorðnast þykir stundum barnalegt að heita tveimur nöfnum þótt það sé krúttlegt þegar maður er barn. Svo þegar börnin stækka, stálpast og verða sjálfstæðari byrja þau mörg að losa sig við millinafnið með því að fella það alveg út eða nota aðeins upphafsstafinn á milli. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir kannaði hvað A, Á, R, K og Joð þýddi í nöfnum fimm landsþekktra Íslendinga.**

Margrét Kristjana Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri Frjálslynda flokksins

## Margrét Þverifótur! Margrét Þverifótur!

Hún er jafnan kölluð Margrét, en færri vita að á skírnarvottorði framkvæmdastjóra Frjálslynda flokksins stendur millinafnið Kristjana. Það var ekki fyrr en hún fór að prýða framboðslista sem hún tyllti stafnum K aftan við Margréti, aðallega til að forða nöfnum sínum í símaskránni frá ónæði.

„Fyrir kosningar lentu þessar konur í miklu símaónæði, ekki síst ein sem bað mig vinsamlegast að nota Kristjönu-nafnið vegna truflunar og ónæðis mín vegna. Ég man að hún spurði furðu lostin hvernig símaástandið væri heima hjá mér úr því aðeins hlutfall af þeim sem rugluðust á okkur tveimur lenti í símtækinu hennar,“ segir Margrét Kristjana brosandi við minningunni.

Margrét Kristjana var skírð í höfuð móðurömmu sinnar Margrétar og Kristjönu langömmu sinnar í móðurætt.

„Ég fæddist í september 1958, en langamma hélt á vit feðra sinna í nóvember sama ár. Mér var því gefið hennar nafn og alltaf verið ánægð með nafngiftirnar enda báðar myndarlegar húsmæður og peysufatakonur sem gustaði af.



**MARGRÉT KRISTJANA SVERRISDÓTTIR** Var skírð millinafninu Kristjana eftir langömmu sinni sem lést tveimur mánuðum eftir fæðingu Margrétar og segist stolt af að bera svo kjarngóð og íslensk nöfn.

Ég er stolt af að bera svo kjarngóð og rammíslensk nöfn; er líka sannfærð um að nafnaval hefur áhrif á sjálfsmynd manns. Vona að minnsta kosti að mér takist að láta gusta af mér í peysufötum,“ segir hún og skellir upp úr.

Sem barn var hún strax kölluð Magga eða Margrét af vinum og ættingjum. „Þar með þurfti ég ekki á Kristjönu-nafninu að halda, nema hvað ég hef notað það við hátíðleg tækifæri, eins og þegar ég fermdist og gifti mig. Annars á ég betri sögu af föðurnafninu og minnist tíma í útlöndum þar sem kallað var endurtekið: „Margrét Þverifótur! Margrét Þverifótur!“ Ég er ekkert áberandi fótnett kona svo mér fannst þetta bara fyndið, en útlendingar eiga í basli með Sverris-nafnið,“ segir hún og veltist um af hlátri. Bætir við að sér finnist tvínafnastefnan of ríkjandi á Íslandi og hún sé hlynntari einu skírnarnafni. Millinöfnin séu sjaldan notuð.

„Ég skírði krakkana mína nöfnum sem voru í miðju stafrófi, því af reynslu veit ég að gott er að vera ekki allra fremst eða aftast þegar kemur að prófum og öðru slíku í lífinu. Og ég er á móti því að börn séu skírð nöfnum sem beinlínis hrópa á að þau verði listamenn. Þegar nöfn eru orðin eins og ljóð er listaspírukrafan orðin of mikil.“ ■

Jóhann Ragnar Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli

## Jói Raggi, Jói Krull og Jói Ben

Hann er einn þeirra sem nota upphafsstafinn R sem millinafn í viðkynningu við alþjóð, sem stendur fyrir það fagra karlmannsnafn Ragnar, skírður eftir Ragnhildi langömmu sinni í móðurætt.

„Upphaflega fór ég að stytta nafnið því mér fannst taka svo langan tíma að skrifa það allt, strax í barnaskóla. Síðan hef ég alltaf notað R-ið og finnst nafn mitt nánast skrifað vitlaust ef þar stendur Ragnar,“ segir



FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

**JÓHANN RAGNAR BENEDIKTSSON** Er ekki með á nótunum þegar hann er ávarpaður fullu nafni, en sú eina sem notaði millinafn hans var amma hans heitin sem kallaði drenginn Jóa Ragga.

Jóhann Ragnar Benediktsson sýslumaður á Keflavíkurflugvelli brosmildur.

„Sú eina sem notaði Ragnarsnafnið var amma mín heitin, en hún kallaði mig allaf Jóa Ragga. Síðan hefur enginn tekið það upp en fyrir nokkrum árum hitti ég frænku mína sem sagði: „Komdu sæll og blessaður, Jói Raggi!“ Ég vissi hvaðan það var komið og þótti ægilega vænt um það.“

Jóhann Ragnar segist vart kveikja á perunni ef hann er ávarpaður með Ragnars-nafninu, en þegar hann var gutti og eitthvað að óhlýðnast var áherslan lögð á Jóhann einan, því drengurinn var ætíð kallaður Jói.

„Svo gekk ég lengi undir öðrum millinöfnum þegar ég ólst upp í Kópavoginum. Ég bjó í Vesturbænum og þeir sem þar þekktu mig kölluðu mig Jóa Krull, en þegar ég fór í menntaskóla í Austurbænum voru menn þar orðnir virðulegri og kölluðu mig Jóa Ben. Þannig vissi ég alltaf hvaðan Kópavogsbúar voru eftir því hvernig þeir ávörpuðu mig.“ ■



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**ÞORSTEINN JOÐ** Skírður Jens í höfuðið á móðurbróður sínum sem aðeins fimm ára lét lífið er hann varð fyrir herbíl við kampinn á Meistaravöllum á stríðsárunum.

Þorsteinn Jens Vilhjálmsson, dagskrárgerðarmaður og ritstjóri

## Joð fyrir Jens litla á himnum

Það þekkja hann ungir jafnt sem aldnir, manninn með skrítna millinafnið, Joð. En heitir einhver Joð? Joð er samkvæmt íslenskum orðabókum sótthreinsandi smyrsli.

„Nei, joðið stendur fyrir Jens,“ segir hann, Þorsteinn Joð Vilhjálmsson dagskrárgerðarmaður og ritstjóri sjónvarpstímaritsins „Þetta líf, þetta líf!“

„Ég heiti þessu millinafni eftir litlum frænda mínum, bróður mömmu sem dó ungur. Hann var ekki nema fimm ára þegar hann varð fyrir herbíl við kampinn vestur í bæ á stríðsárunum, rétt við Meistaravelli þar sem þau bjuggu. Mömmu þótti fjarskalega vænt um þennan bróður sinn og talaði oft um hann; hefur þótt við hæfi að skíra mig að millinafni Jens, en að fornafni heiti ég í höfuðið á afa mínum Þorsteini Ágústi Guðmundssyni skipstjóra.“

Katrín Ágústa Johnson ballettdansari

## Hin hreina og mikilfenglega meyja

Vart er hægt að hugsa sér fegurra nafn á ballerínu en hið kvenlega nafn Katrín. Ein skærasta stjarna Íslenska dansflokksins heitir einmitt Katrín, en líka Ágústa.

„Sumstaðar hangir Á-ið með, en aldrei Ágústa. Það nafn hætti ég alveg að nota þegar ég flutti til Stokkhólms sextán ára gömul og hef ekki tekið upp aftur,“ segir Katrín Ágústa Johnson ballettdansari, sem skírð var millinafninu eftir móðurömmu sinni.

„Ég hef alltaf verið ánægð með Katrínarnafnið og fundist það nóg, en Ágústa er hvorki flott né dömulegt. Saman finnst mér nöfnin hljóma illa; þessar endingar -rín og -gústa eru ekki góðar saman, og ég var aldrei spennt fyrir gælunafninu Gústa.“

Katrín Ágústa segir ættmenni í föðurætt stundum kalla sig báðum nöfnum. „Væntanlega vegna þess að ég hef verið kölluð það sem smástelpa, en eftir að mamma og pabbi skildu þegar ég var þriggja ára hef ég haft miklu minna samband við þá fjölskyldu, sem svo kannski sýnir að þau þekkja mig ekkert rosalega mikið, úr því þau nota bæði nöfnin,“ segir hún kankvís.

Ballerínan kom heim með dansflokknum frá Beirút á dögunum og gerði það sem hún hafði aldrei gert áður; að ávíta sjálfa sig fyrir asnastrik með því að nota bæði nöfnin upphátt.

„Þeir sem voru í kringum mig hrukku í kút, enda ekki allir meðvitaðir um annað en að ég héti bara



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**KATRÍN ÁGÚSTA JOHNSON** Vildi alls ekki fá á sig gælunafnið Gústa og fannst nöfnin hljóma illa saman, en merking nafnanna er óneitanlega til þess að vera stolt af og spurning hvort hún taki bæði upp aftur.

Katrín. Pabbi byrjaði að kalla mig Kötu strax í bernsku og það gera allir nema mamma, sem alltaf hefur ávarpað mig Katrínu. Annars komst ég að því að Katrín þýðir „hin hreina“ og svo er ég líka meyja. Ágústa þýðir „hin mikilfenglega“, svo ég ætti kannski að bæta þessu aftur við og verða hin hreina og mikilfenglega meyja!“ segir ballerínan hugsi og auðvitað skellihlæjandi. ■


**Ný tækjamiðlun í þágu jarðvinnuverktaka**



**Viltu selja? Viltu kaupa?**

Global-tæki er ný tækjamiðlun sem sérhæfir sig í lausnum fyrir jarðvinnuverktaka. Starfsmenn fyrirtækisins hafa áralanga reynslu í sölu og kaupum á tækjum um allan heim. Við getum útvegað eða selt vélar af öllum stærðum og gerðum á sanngjörnu verði.

**Global-tæki ehf**
– þú ert með heiminn í hendi þér

Hæðasmára 6 · 201 Kópavogi · Sími 544 2090 · Bréfsími 544 2091 · baldur@global-taeki.com · www.global-taeki.com

Móðir Þorsteins var á fermingaraldri þegar litli bróðir hennar lést svona sviplega. „Þetta var mikið áfall í fjölskyldunni og skuggi sem fylgdi dauða Jens. Fjölskyldan leigði í timburhúsi sem lengi stóð á Meistaravöllum við blokkirnar en var seinna rifið. Sá sem ók yfir hann var bandarískur hermaður sem hafði verið mjög góður við Jens og fært honum ýmsan glaðning.“

Þorsteinn Jens á mynd af nafna sínum þar sem hann stendur í matrósafötum með nýklipptan topp, tekna rétt fyrir andlátið.

„Nafnið er fallegt og drengurinn líka; með þverklipptan topp eins og tíðkaðist í þá daga þegar húsmæður klipptu börnin sjálfar og nógu stutt til að þurfa ekki að standa í því mjög oft,“ segir Þorsteinn, sem fyrir fermingu var Guðmundsson.

„Mamma skírði okkur Guðmundsbörn, bæði í höfuðið á pabba og afa, og vildi hafa það þannig, en við vorum skráð Vilhjálmsbörn í kirkjubækurnar. Í þá daga varð slíku ekki breytt þegar skírn var staðfest við fermingu. Joðið setti ég svo inn til að aðgreina mig frá Þorsteini Vilhjálmssyni prófessor við Háskólann og hafa orðið til ýmsar útgáfur á því, rétt eins og fornafninu; Steini, Þossi, Þursi vegna aðdáunar minnar á Þursaflokknum og fleira, eins og gengur, en mér var alltaf feikilega illa við gælunöfn. Joðið hefur mér hins vegar alltaf þótt vænt um, þótt ákvörðunin hafi ekki verið meðvituð né um listamannsnafn að ræða,“ segir hann hlæjandi. „Ég kann vel við Þorsteinn Joð, hvort sem það er skrifað sem einfalt J eða Joð.“ ■



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**SIGURÐUR AÐALHEIÐARSON MAGNÚSSON** Var í Grikklandi þegar alnafni hans og fyrrum barnahirðir sendi honum bréf og fór þess á leit að hann fengi sér millinafn svo menn hættu að hrósa eða skamma hinn fyrir rangar sakir.

Sigurður Aðalheiðarson Magnússon rithöfundur

# Barnahirðir biður um millinafn

Sigurður A. Nafnið er eins og stofnun. Eitthvað voðalega virðulegt og rótgróið. Eins og það hafi alltaf verið þannig. En svo er ekki. Rithöfundurinn Sigurður A. Magnússon var hálfpartinn neyddur til að taka sér millinafn.

„Ég var niðri í Grikklandi að stúdera og hét þá bara Sigurður Magnússon, en átti alnafna sem vann hjá Loftleiðum. Sá skrifaði bækur og ferðagreinar alveg eins og ég. Þegar ég var ungur hafði hann verið svokallaður barnahirðir, var kennaramenntaður en starfaði við lögregluna og hirti upp óknyttabörn til yfirheyrslu,“ segir Sigurður A. og viðurkennir að hafa verið einn þeirra sem teknir voru til yfirheyrslu af nafna hans þegar hann var tíu ára prakkari í Laugarnesinu.

„En svo fæ ég bréf til Grikklands 1952 þar sem Sigurður nafni minn Magnússon biður mig endilega sem yngri mann að gera eitthvað í málinu því það sé alltaf verið að rugla okkur saman; annað hvort sé honum hrósað eða hann skammaður fyrir það sem ég hafði gert. Þá settist ég niður og hugsaði: „Alright! Faðir minn á börn með sjö konum. Móðir mín heitir Aðalheiður og ég gerist bara sonur hennar.“ Og breytti nafni mínu í Sigurður Aðalheiðarson Magnússon. Næsta grein sem ég sendi Mogganum var merkt með A-inu og nafni minn vitaskuld alsæll með tilveruna.“ ■

**ÁHRIFAVALDURINN** **ÁGÚSTA JOHNSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI HREYFINGAR**

# Afdrifarík leikfimi Jane Fonda

Þegar ég var átján ára hafði ég afráðið að nálgast drauminn um að verða innanhússarkitekt eftir stúdentspróf í Versló og var komin með inngöngu í arkitektaskóla í Þýskalandi. Það var þá sem mamma keypti líkamsræktarbók Hollywood-stjörnunnar Jane Fonda sem ég hertók með það sama og varð til þess að ég fékk brennandi áhuga á líkamsrækt.

Þetta var afdrifarík lesning; við vinkona mín byrjuðum að gera æfingar eftir bókinni heima í stofu og sáum þennan líka þvílíka árangur á aðeins þremur vikum.

Þá var ekkert annað að gera en að taka á leigu sal í íþróttahúsi Garðabæjar, þar sem við smöluðum saman allt að fimmtíu stelpum og kenndum þeim Jane Fonda-leikfimi.

Þegar ég var komin á kaf í þetta, búin að stofna líkamsræktarhóp og orðin tvítug, var það pabbi sem spurði hvort innanhússarkitektúr væri virkilega enn efst á áhugasviðinu. Og ég komst að þeirri niðurstöðu að svo var ekki lengur. Ég hætti því við Þýskalandsferðina og fór í staðinn til Bandaríkjanna til náms í íþrótta- og tómstundafræði og kom heim á sumrin til að kenna vinkonum mínum leikfimi.

Þannig má segja að Jane Fonda hafi verið stór áhrifavaldur í lífi mínu, eins einkennilega og það kann að hljóma. Þessi útgáfa hennar varð upphafið að líkamsræktarbylgju sem enn lifir góðu lífi.

Sjálf hef ég aldrei verið svo fræg að hitta þennan áhrifavald, en fór þó í stúdíóið hennar í Los Angeles eftir að ég útskrifaðist úr náminu. Þá ferðaðist ég mikið vestur til að tileinka mér nýjungar í þessum geira, því þar var og er mekka líkamsræktarinnar. Jane var aldrei á staðnum og engin von til að hún dúkkaði upp í tíma til að kenna. Hún hefur vafalaust verið við leik í kvikmyndum, en hún gaf út fullt af bókum og myndböndum í sínu nafni, og við góðan orðstír.

thordis@frettabladid.is



**JANE FONDA** Varð fræg fyrir fallegan líkama sinn sem geimstúlkan Barbarella og hratt seinna af stað líkamsræktarbylgju sem enn stendur yfir.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**LÍKAMSRÆKTARDROTTNINGIN ÁGÚSTA JOHNSON** Var komin með inngöngu í þýskan innanhússarkitektaskóla þegar bók Jane Fonda barst inn á heimilið.




# Mjólk og smákökur eða vodka og klám




**Litla borgin Santa Maria í Kaliforníu er orðinn miðdepill Bandaríkjanna. Þar fara fram réttarhöld í kynferðisbrotamáli gegn Michael Jackson. Poppstjarnan á 21 árs fangelsi yfir höfði sér verði hann fundinn sekur. Trausti Hafliðason fjallar um málið.**

Á venjulegum degi er lífið í borginni Santa Maria í Kaliforníu rólegt. Íbúarnir telja rétt um 85 þúsund og vísast er borgin því varla meira en mjög lítil borg á bandaríska mælikvarða. Fyrir fáeinum vikum vissu fæstir hvar þessi litla borg var nema kannski mjög ákafir vínáhugamenn því í næsta nágrenni við borgina litlu stunda kalifornískir vínbóndar iðju sína af kappsemi.

Í dag eru breyttir tímar. Poppgoðið Michael Jackson er mættur á svæðið og ekki af því hann er ákafur vínáhugamaður þó hann vildi líklega sjálfur að það væri ástæðan. Nei, Jackson er mættur til Santa Maria vegna ásakana um að hafa tælt Gavin Arvizo, ungan krabbameinssjúkan dreng, upp í rúm til sín á heimili sínu Neverland, sem er ekki svo langt frá Santa María. Hann er ákærður fyrir að hafa gefið drengnum áfengi og misnotað hann kynferðislega fyrir tveimur árum þegar Arvizo var þrettán ára gamall. Réttarhöld í máli Jacksons fara fram í dómshúsinu í Santa Maria og óhætt er að segja að nú sé allt gjörsamlega á hvolfi í borginni litlu. Um eitt þúsund fréttamenn fylgjast með réttarhöldunum sem hófust á mánudaginn og á hverjum degi birtast fréttir frá Santa Maria á sjónvarpsstöðvunum CNN, Sky, Fox, BBC og reyndar öllum helstu fjölmiðlum heimsins. Ef Jackson verður fundinn sekur af öllum ákæruatriðum á hann 21 árs fangelsi yfir höfði sér.



### Umdeild heimildarmynd

Upphaf málsins gegn Jackson má rekja til bresku heimildarmyndarinnar „Living with Michael Jackson", sem fréttamaðurinn Martin Bashir gerði og var fyrst sýnd í febrúar árið 2003. Bashir fylgdi Jackson eftir í nokkra mánuði og tók fjölmörg viðtöl við hann. Í einu þeirra lýsir Jackson samskiptum sínum við börn sem koma í heimsókn á heimili hans, Neverland. Í viðtalinu segist Jackson oft og iðulega leyfa þeim að sofa uppi í rúmi hjá sér. Hann gefi þeim mjólk og smákökur fyrir svefninn og lesi sögur. Viðtalið vakti gríðarlega hörð viðbrögð á sínum tíma. Bæði evrópskir og bandarískir stjórnmálamenn lýstu vanþóknun sinni á háttalagi Jackson sem og barnaverndarsamtök víðsvegar um heiminn. Viðbrögðin voru ekki síst hörð vegna fortíðar Jackson því fyrir rúmum áratug sakaði hinn þrettán ára gamli Jordan Chandler Jackson um kynferðislega misnotkun. Mál Chandlers fór hins vegar aldrei fyrir dómstóla þar sem sáttir tókust utan dómssalarins. Talið er að Jackson hafi greitt Chandler tugi ef ekki hundruð milljóna króna til þess að forðast réttarhöld.

### Ekki barnasögur heldur klámsögur

Tom Sneddon saksóknara var heitt í hamsi í byrjun vikunnar þegar hann hóf málflutning á málinu gegn Jackson. Sneddon talaði svo hátt að það ískraði í hátalarakerfi dómssalarins. Það endurspeglaðist vel í ræðu Sneddons hversu mikla áherslu ákæruvaldið leggur á heimildarmynd Bashir. Saksóknarinn las upp úr handriti heimildarmyndarinnar og sýndi kviðdómnum glefsur úr myndinni sem eiga að styðja mál ákæruvaldsins. Eftir að Sneddon var búinn að lesa kaflann þar sem Jackson lýsir því hvernig hann umgengst börnin, gefi þeim mjólk og smákökur og lesi fyrir þau sögur fyrir svefninn, blés saksóknarinn til sóknar.

„Sögurnar sem Jackson vísar til eru ekki barnasögur heldur klámsögur af Netinu og svæsnar sögur úr klámtímaritum," sagði Sneddon. „Það sem í hugarheimi Michael Jackson er mjólk og smákökur er í raun vodka og viskí."

Sneddon notaði hvert tækifæri til vekja samúð hjá kviðdómnum með Gavin Arvizo. Hann lýsti baráttu hans við krabbamein og fyrstu heimsókn hans til Neverland. Saksóknarinn sagði að fljótlega eftir að Arvizo kom til Neverland hefði Jackson sýnt honum klámsíður á Netinu. Á sama tíma hefði Prince, sonur Jackson, setið á rúmgaflinum. Þá á Jackson að hafa snúið sér að syni sínum og sagt: „Prince, þú ert að missa af góðu klámi."

Sneddon lýsti líka öðru tilfelli þar sem öryggisvörður við Neverland kom að Arvizo drukknum. Á öryggisvörðurinn að hafa spurt drenginn hvers vegna hann væri fullur og á drengurinn að hafa svarað því til að Jackson hefði sagt að hann þyrfti að vera sannur karlmaður og drekka.

### Jackson féll í gildru móðurinnar

Thomas Mesereau Jr., verjandi Jackson, lagði megináherslu á að draga úr trúverðugleika Janet Arvizo, móður Gavin. Mesereau sagði Janet oftsinnis hafa reynt að kúga frægt fólk. Meðal annars hefði hún reynt að kúga peninga út úr leikurunum Jim Carrey og Adam Sandler og hnefaleikaranum Mike Tyson, en án árangurs.

„Þessi móðir notar börnin sín í þeim tilgangi að kúga fé út úr frægu fólki," sagði Mesereau. „Því miður féll Jackson í gildruna en ég mun á næstu dögum sýna fram á það hvernig gildrunni var komið fyrir."

Síðar í vikunni kallaði ákæruvaldið Bashir, höfund heimildarmyndarinnar umdeildu, fram sem vitni. Bashir hafði áður óskað eftir því að sleppa við að gefa vitni en þeirri ósk var hafnað. Sneddon spurði Bashir út í feril hans sem fréttamanns og svaraði hann þeim spurningum og sagðist meðal annars hafa unnið fyrir BBC og ITV og hafa tekið viðtal við Díönu prinsessu. Þetta útspil saksóknarans var vafalaust gert til að auka trúverðugleika heimildarmyndarinnar.

### Bashir neitaði að svara

Þegar Mesereau sneri sér að Bashir og hóf að spyrja hann spjörunum úr neitaði Bashir að svara og vísaði til bandarískra laga sem kveða á um að blaðamönnum sé heimilt að verja heimildarmenn sína. Mesereau krafðist þess þá að vitnisburður Bashir yrði ómerktur en Rodney Melville dómari hafnaði því. Dómarinn sagðist hins vegar ætla að athuga hvort Bashir hefði gerst sekur um að óvirða réttinn með því að svara ekki spurningum verjandans.

Ljóst er að málaferlin yfir Jackson eiga eftir að taka nokkra mánuði. Á meðan ríkir fullkomin óvissa um örlög mannsins sem lýsir sjálfum sér sem Pétri Pan nútímans. ■



**PÉTUR PAN NÚTÍMANS**

**Michael Jackson hefur oft lýst aðdáun sinni á sögunni um Pétur Pan sem neitar að verða fullorðinn og flýr að heiman til að forðast þau örlög. Jackson hefur gengið svo langt að lýsa sjálfum sér sem Pétri Pan nútímans. Haustið 2003 sýndi bandaríski sjónvarpsþátturinn Extra myndbandsupptöku frá árinu 1994 sem sýnir leyniherbergi í húsi Jackson. Samkvæmt myndbandinu er aðeins hægt að ganga inn í herbergið frá fataskáp í svefniherbergi poppgoðsins. Í klefanum er rúm með Pétur Pan – sængurveri. Á því sést rauðhærð tuskubrúða og við hlið rúmsins er Mikka mús sími. Á veggjum klefans sjást myndir af brosandi börnum í bleium.**



## Kviðdómur

Þann 23. febrúar var tilkynnt að skipaður hefði verið tólf manna kviðdómur í máli Michaels Jackson. Enginn blökkumaður er í kviðdómnum sem er skipaður fjórum karlmönnum og átta konum. Sá yngsti í dómnum er tvítugur karlmaður en sá elsti er 79 ára gömul kona. Flestir í kviðdómnum sögðust hafa gaman að tónlist Jacksons og töldu að ferill hans væri tilkomumikill.

**SKIPAN KVIÐDÓMSINS:**

20 ára karlkyns gjaldkeri í banka.
21 árs karlkyns nemi.
22 ára aðstoðarkona sjúkraþjálfara.
39 ára afgreiðslukona.
42 ára kvenkyns kennari.
44 ára kvenkyns starfsmaður í félagsþjónustu.
45 ára atvinnulaus kona.
50 ára kvenkyns hestatemjari.
51 árs kvenkyns tölvuforritari.
62 ára karlkyns verkfræðingur.
63 ára karlkyns eftirlaunaþegi.
79 ára kvenkyns eftirlaunaþegi.


# Rússlandsferð

Kynning á sumarferð til Moskvu og Pétursborgar í júní verður í MÍR salnum Vatnsstíg 10 Rvk. sunnud. 6. mars kl. 17:30



- Allir velkomnir, síðustu forvöð að tryggja sér þátttöku
- Ítarlega verður farið yfir ferðatilhögun
- Munið að vegabréf þarf að vera gilt til sept. 2005, best að skila því sem fyrst ásamt einni passamynd f. vegabréfsáritun

Nánar um vandaða dagskrá á síðunni
www.austur.com

Hringið, eða sendið skjátu á
moskva@torg.is

Ferðaskrifstofan Bjarmaland
Haukur Hauksson aðalfararstjóri
gsm 848 44 29

P.S.
Sama dag kl. 15 í bíósalnum niðri verður sýnd heimildarmynd um orrustuna um Moskvu veturinn 1941, skýringartal á dönsku, aðgangur ókeypis og öllum heimill.



# MÁLIÐ Í HNOTSKURN



- **18. nóvember 2003**
  Lögreglan gerir húsleit í Neverland.



- **19. nóvember 2003**
  Handtökuskipun gefin út.
- **20. nóvember 2003**
  Jackson handtekinn.
- **18. desember 2003**
  Jackson ákærður fyrir kynferðisbrot.
- **25. desember 2003**
  Jackson fer í fyrsta viðtalið eftir að málið kom upp og sver af sér allar sakir.
- **6. janúar 2004**
  Jackson mætir fyrir dómara og lýsir yfir sakleysi.
- **21. apríl 2004**
  Formleg ákærða lögð fram.



- **25. apríl 2004**
  Jackson skiptir um verjendur.
- **30. apríl 2004**
  Jackson lýsir aftur yfir sakleysi fyrir dómara.
- **28. maí 2004**
  Dómarinn segir að réttarhöldin eigi að hefjast 13. september.
- **27. júlí 2004**
  Dómarinn samþykkir að seinka réttarhöldunum til 31. janúar.
- **17. september 2004**
  Móðir hins meinta fórnarlambs ber vitni.
- **4. desember 2004**
  Lögreglan gerir aftur húsleit í Neverland.



- **19. janúar 2005**
  Martin Bashir sem tók viðtal við Jackson óskar eftir að bera ekki vitni. Það var ekki tekið til greina.



- **30. janúar 2005**
  Jackson gefur út yfirlýsingu þar sem hann óskar eftir réttlátri málsmeðferð.
- **31. janúar 2005**
  Byrjað að velja í kviðdóm.
- **23. febrúar 2005**
  Val í kviðdóm lokið.
- **28. febrúar 2005**
  Réttarhöldin yfir Michael Jackson hefjast.

## HARÐUR Í HORN AÐ TAKA

Dómarinn sem stjórnar ferðinni í máli Michael Jackson heitir Rodney Melville. Hann hefur þrettán ára reynslu sem dómari og þykir vera nokkuð harður í horn að taka. Áður en hann varð dómari vann hann bæði á sem lögmaður einkastofu í Santa Monica og sem saksóknari í San Bernardino í Kaliforníu.



**DÓMARINN** Rodney Melville.

Melville hefur reynt að gera það sem í hans valdi stendur til að réttarhöldin yfir Jackson verði ekki að fjölmiðlafári. Hann telur að ef það gerist sé aukin hætta á því að Jackson, vegna frægðar sinnar, hljóti ekki réttláta málsmeðferð. Sem dæmi leyfir Melville sjónvarpsstöðvum ekki að taka upp réttarhöldin. Þá hefur hann fellt úrskurð sem takmarkar opinberar umræður þeirra sem taka þátt í málinu með einum eða öðrum hætti. Þó Melville hafi lýst áhyggjum af því að Jackson hljóti ekki réttláta málsmeðferð hefur hann ekki tekið poppgoðið neinum vettlingatökum. Hann húðskammaði til að mynda Jackson fyrir skömmu fyrir að mæta of seint í réttinn. Þá ávítaði hann stjörnuna einnig fyrir að hafa lýst yfir sakleysi sínu í yfirlýsingu til fjölmiðla.

## FYRRVERANDI HNEFALEIKARI

Tom Sneddon saksóknari í máli Jackson hefur verið lýst sem ágengum lögmanni sem gefur aldrei tommu eftir. Bakgrunnur Sneddon segir líka eflaust ýmislegt um manninn því hann stundaði hnefaleika í háskóla og gegndi herskyldu í Víetnam áður en hann varð lögmaður.



**SAKSÓKNARINN** Tom Sneddon.

Leiðir Sneddon og Jackson lágu fyrst saman fyrir rúmum áratug þegar Sneddon var með mál hins þrettán ára gamla Jordan Chandler á sinni könnu. Chandler sakaði Jackson um kynferðislega misnotkun en mál hans fór aldrei fyrir dómstóla þar sem sáttir tókust utan dómssalarins. Talið er að Jackson hafi greitt Chandler tugi ef ekki hundruð milljóna króna til þess að forðast réttarhöld. Jackson og stuðningsmenn hans telja Sneddon óbilgjarnan mann sem stjórnist af heift gagnvart stjörnunni.

Sem gefur að skilja er Sneddon ekki í neinu sérstöku uppáhaldi hjá Jackson og er almennt talið að DS, eitt laganna á plötunni HIStory, sé tileinkað saksóknaranum. Í laginu syngur Jackson um karakterinn Dom Sheldon sem kaldan mann. Í textanum segir enn fremur: „Þeir vilja ná mér – dauðum eða lifandi."

## FAGURHÆRÐUR OG KRÖFTUGUR

Verjandinn Thomas Mesereau tók við máli Michael Jackson í apríl á síðasta ári þegari Jackson sagði lögfræðingunum Mark Geragos og Benjamin Brafman upp störfum.

Hinn fagurhærði Mesereau er nokkuð þekktur í Bandaríkjunum og þá helst fyrir að hafa verið með mál hnefaleikarans Mike Tyson í máli sem kom upp árið 2001. Einnig er hann kunnur fyrir að hafa verið verjandi leikarans Roberts Blake, sem sakaður er um að hafa myrt eiginkonu sína. Það mál er enn í gangi en Mesereau hætti störfum fyrir Blake í febrúar. Mesereau er einnig þekktur fyrir að hafa unnið mál í Alabama og Mississippi þar sem skjólstæðingar hans áttu dauðadóm yfir höfði sér. Í þeim málum gaf Mesereau vinnu sína.



**VERJANDINN** Thomas Mesereau.

Mesereau, sem er trúrækinn maður, hefur hlotið lof fyrir kröftuga framkomu í réttarsalnum. Eftir að hann fékk Blake lausan gegn tryggingu á síðasta ári sagði dómarinn að Mesereau væri einn færasti lögmaður sem hann hefði séð. John Potter, saksóknari í Kaliforníu, sagði í viðtali við Los Angeles Times að Mesereau bæri það með sér að hann hefði einlæga og bjargfasta trú á því að skjólstæðingar hans væru saklausir.






VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING
Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI

VINTAGE
BORÐSTOFUBORÐ (180x90)
OG 6 LEÐURSTÓLAR
ÁÐUR
150.000 KR.
NÚ
120.000 KR.
(10.000 KR. Á MÁNUÐI
Í 12 MÁNUÐI)




FABRIKAN

ÓSKIPT HAMINGJA EN...

...Í MARS GETUR ÞÚ SKIPT GREIÐSLUM VAXTALAUST Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI

TEKK COMPANY

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS


ÚTSALA Á LAMBAKJÖTI
LAMBALÆRI ÚR KJÖTBORÐI
798 kr. kg
Þú sparar 400 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 1.198 kr./kg.
Veljum íslenskt ...og allir vinna
ÍSLENSKIR GÆÐADAGAR
BETRI KAUP Í NÓATÚNI!
NÓATÚN
NÓATÚNS SALERNISPAPPÍR 12 RÚLLUR Í PAKKA
199 kr. pk.
Þú sparar 100 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 299 kr./pk.
RISA OPAL
OPAL RISA GRÆNT, RAUTT, MEÐ XYLITOL & RAUTT SYKURLAUST 3 Í PAKKA
269 kr. pk.
Þú sparar 80 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 349 kr./pk.
FRÓN MATARKEX & MJÓLKURKEX
149 kr. pk.
MATARKEX
Mjólkur kex
KEXSMIÐJAN VÍNARBRAUÐ, SÚKKULAÐI- & EPLA
298 kr. pk.
Þú sparar 91 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 389 kr./pk.
Þitt val skiptir máli
ora
ORA GRÆNAR BAUNIR 450 G
69 kr. stk.
Þú sparar 10 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 79 kr./stk.


35% afsláttur við kassa
FERSKUR KJÚKLINGUR, HEILL
389 kr. kg
Þú sparar 209 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 599 kr./kg.
20% afsláttur við kassa
NÓATÚNS
100% HAKK
NÓATÚNS UNGNAUTAHAKK
899 kr. kg
Þú sparar 230 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 1.129 kr./kg.
BETRI KAUP Í NÓATÚNI!
Vilko Bláberjasúpa
Vilko Kakósúpa
VILKO BLÁBERJASÚPA & KAKÓSÚPA
199 kr. pk.
EGILS APPELSÍN Í GLERI
79 kr. stk.
Þú sparar 50 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 129 kr./stk.
EGILS MALTÖL & PILSNER Í GLERI
79 kr. stk.
25% afsláttur við kassa
ÚTSALA Á LAMBAKJÖTI
LAMBA-HRYGGUR
974 kr. kg
Þú sparar 324 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 1.298 kr./kg.
ORA RAUÐKÁL
99 kr. stk.
Þú sparar 30 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 129 kr./stk.
Veljum íslenskt ...og allir vinna
ÍSTE, SÍTRÓNU & FERSKJU
99 kr. stk.
Þú sparar 30 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 129 kr./stk.
Mundu Chester Fried
NÓATÚN
OPIÐ TIL KL. 21 ALLA DAGA

**sport**
sport@frettabladid.is

### Við hrósum...

... stjórn KSÍ sem hreinlega malar gull þessa dagana. Þar á bæ starfa menn með gott peninganef eins og sjá má á gróðanum sem KSÍ fékk fyrir skynsamar fjárfestingar í hlutabréfum í KB Banka. Vonandi verður gengi landsliðsins álíka gott og stjórnarinnar.



### Við hrósum...

... Gauta Jóhannessyni úr UMSB fyrir að halda uppi heiðri Íslendinga á Evrópumeistaramótinu í frjálsum íþróttum innanhúss í Madrid áSpáni. Gauti varð ellefti í sínum riðli í 1500 metra hlaupi í gær og komst því ekki í úrslit. Gauti var nokkuð frá sínu besta, en hljóp vegalengdina á þremur mínútum og 50,67 sekúndum. Gauti var eini fulltrúi okkar Íslendinga á mótinu.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *DHL-deild karla*

VALUR–ÞÓR 36–29

**Mörk Vals:** Sigurður Eggertsson 8, Baldvin Þorsteinsson 8, Heimir Örn Arnarson 5, Vilhjálmur Halldórsson 4, Kristján Þór Karlsson 3, Fannar Þór Friðgeirsson 2, Ásbjörn Stefánsson, Brendan Þorvaldsson 2, Hjalti Pálmason 1, Ingvar Árnason 1.
**Mörk Þórs:** Árni Þór Sigtryggsson 8, Sindri Haraldsson 5, Aron Gunnarsson 4, Arnór Þór Gunnarsson 4, Atli Þór Ragnarsson 4, Aigars Lazdins 4, Bjarni Gunnar Bjarnason 3, Sindri Viðarsson.

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| HAUKAR | 10 | 6 | 1 | 3 | 316-292 | 13 |
| **HK** | **10** | **6** | **0** | **4** | **316-297** | **12** |
| VALUR | 11 | 6 | 0 | 5 | 297-305 | 12 |
| **KA** | **10** | **4** | **2** | **4** | **298-298** | **10** |
| ÍR | 10 | 5 | 0 | 5 | 305-306 | 10 |
| **ÍBV** | **10** | **4** | **1** | **5** | **300-290** | **9** |
| VÍKINGUR | 10 | 4 | 0 | 6 | 278-288 | 8 |
| **ÞÓR** | **11** | **4** | **0** | **7** | **313-347** | **8** |

### *1. deild karla*

FRAM–AFTURELDING 26–20

**Mörk Fram:** Jón Björgvin Pétursson 7, Stefán B. Stefánsson 5, Ingólfur Axelsson 5, Guðlaugur Arnarsson 4, Þorri Gunnarsson 3, Gunnar Harðarson 1.
**Mörk Afturldingar:** Ernir Arnarson 5, Vlad Trufan 3, Daði Jónsson 3, Ásgeir Jónsson 2, Einar Hrafnsson 2, Hrafn Ingvarsson 2, Magnús Einarsson 2, Jens Ingvarsson 1.

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FRAM | 7 | 5 | 0 | 2 | 180–169 | 10 |
| **FH** | **6** | **5** | **0** | **1** | **170–140** | **10** |
| GRÓTTA/KR | 7 | 4 | 0 | 3 | 174–170 | 8 |
| **AFTURELDING** | **7** | **3** | **0** | **4** | **190–192** | **6** |
| STJARNAN | 6 | 1 | 1 | 4 | 154–169 | 3 |
| **SELFOSS** | **7** | **1** | **1** | **5** | **176–204** | **3** |

### *Deildarbikar karla*

VÍKINGUR–ÍBV 2–1

1–0 Vilhjálmur Vilhjálmsson, víti (5.), 2–0 Hörður Bjarnason (13.), 2–1 Steingrímur Jóhannesson (31.).

# KSÍ hefur grætt rúmar sex milljónir króna

**Knattspyrnusamband Íslands keypti hlutabréf í KB banka fyrir um 100 milljónir í hlutafjárútboði í október á síðasta ári. Þau hafa hækkað um 6,25% síðan þá og þessi skammtímafjárfesting skilar góðum arði til sambandsins.**

**FÓTBOLTI** Knattspyrnusamband Íslands hefur verið gagnrýnt fyrir að hafa fjárfest í hlutabréfum í KB banka fyrir 100 milljónir á síðasta ári. Talað hefur verið um að áhættan sé of mikil og peningarnar ættu frekar að fara til félaganna í landinu sem sum hver berjast í bökkum.

Eggert Magnússon, formaður KSÍ, sagði í samtali við Fréttablaðið að stjórn sambandsins liti á það sem skyldu sína að reyna að ávaxta fé sambandsins sem best og hún liti á þessa fjárfestingu í KB banka sem skammtímafjárfestingu. „Við munum innleysa þessi bréf á næstunni og miðað við gengi bréfanna í dag er ljóst að þessi fjárfesting skilar ágætis hagnaði,“ sagði Eggert.

KSÍ keypti hlutabréf í KB banka fyrir um 100 milljónir í hlutabréfaútboði bankans í október á síðasta ári. Hver hlutur kostaði 480 kr þá en í gær stóð hluturinn í 512. Hann hefur hækkað um 6,25% á þessum rúmum fjórum mánuðum sem gefur KSÍ hagnað upp á rúmar sex milljónir ef sambandið myndi selja hlut sinn í dag. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins telst það vel viðunandi ávöxtun á ekki lengri tíma.



**EGGERT MAGNÚSSON, FORMAÐUR KSÍ** Getur verið sáttur við ávöxtun bréfanna í KB banka.

„Þetta er ekki stór hluti af þeim peningum sem við erum að sýsla með og því lítum við ekki á þetta sem einhverja áhættu. Það var okkar mat að það væri betra að kaupa bréfin heldur en að geyma peningana inni á bók,“ sagði Eggert. **oskar@frettabladid.is**

## ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM

Valsmenn efna öðru sinni til veglegrar Vorgleði í Valsheimilinu í kvöld. Valsmenn ætla að tjalda öllu til og stuðbandið Júdó og Stefán, sem Jón Ólafsson og Stefán Hilmarsson skipa, munu taka nokkur lög meðan gestir háma í sig dýrindis kræsingar frá Jóhannesi í Múlakaffi. Sálin Hans Jóns Míns mun síðan leika fyrir dansi fram á nótt en einnig mun hljómsveitin Igore stíga á stokk. Jón Ólafsson verður veislustjóri en sérstakur heiðursgestur verður Ian Ross, fyrrum þjálfari Vals og núverandi fjölmiðlafulltrúi Everton. Upplýsingar um miða og borðapantanir eru í síma 551-1134.

**Shaun Wright-Phillips**, leikmaður Manchester City og enska landsliðsins, verður frá keppni í allt að tvo mánuði vegna meiðsla sem hann hlaut í leik gegn Norwich á mánudaginn síðasta. Þegar læknar skoðuðu leikmanninn kom í ljós að hann þarf að



fara í uppskurð á hné og verður því frá í keppni í fyrrgreindan tíma. Þetta er liði Manchester City mikið áfall og ekki síst enska landsliðinu, sem leikur tvo leiki í undankeppni HM á næstunni.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

2 3 4 **5** 6 7 8

Laugardagur

### LEIKIR

- 11.00 **Keflavík** og **Breiðablik** mætast í Reykjaneshöllinni í Faxaflóamóti kvenna í fótbolta.
- 14.15 **ÍR** og **KA** mætast í Austurbergi í DHL-deild karla í handbolta.
- 15.00 **ÍBV** og **Haukar** mætast í Vestmannaeyjum í DHL-deild karla í handbolta.
- 15.00 **KR** og **Valur** mætast í Egilshöllinni í Reykjavíkurmóti kvenna í fótbolta.
- 15.30 **ÍBV** og **FH** mætast á KR-velli í Faxaflóamóti kvenna í fótbolta.
- 16.00 **ÍA** og **Þór** mætast í Reykjaneshöllinni í 1. riðli A-deildar deildarbikars karla í fótbolta.
- 16.30 **Leiftur/Dalvík** og **Huginn** mætast í Boganum í Powerade-mótinu í fótbolta.

### SJÓNVARP

- 11.20 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn.
- 11.50 **Formúla 1** á RÚV. Útsending frá tímatökunni fyrir kappaksturinn í Melbourne.
- 12.05 **Upphitun** á Skjá einum. Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 12.40 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá leik **Aston Villa** og **Middlesbrough** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 13.00 **Heimsbikarinn í skíðum** á Sýn. Sýnt frá mótum í heimsbikarnum á skíðum.
- 13.10 **EM í frjálsum íþróttum innanhúss** á RÚV. Samantekt frá keppni morgunsins á EM í frjálsum íþróttum innanhúss í Madríd.
- 13.30 **Motorworld** á Sýn. Allt það helsta í mótorsportheiminum sem enginn sannur áhugamaður ætti að láta fram hjá sér fara.
- 14.00 **Meistaradeildin í handbolta** á Sýn. Bein útsending frá leik **Lemgo** og **Celje** í meistaradeildinni í handbolta.
- 14.10 **Íslandsmótið í handbolta** á RÚV. Bein útsending frá leik **ÍR** og **KA** í DHL-deild karla í handbolta.
- 14.40 **Á vellinum með Snorra Má** á Skjá einum.
- 15.00 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá leik **Newcastle** og **Liverpool** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 15.50 **EM í frjálsum íþróttum innanhúss** á RÚV. Bein útsending frá EM í frjálsum íþróttum innanhúss í Madríd.
- 15.55 **World Supercross** á Sýn. Ofurhugar geysast um á mótorhjólum og leika listir sínar.
- 16.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Osasuna** og **Barcelona** í spænsku 1. deildinni í fótbolta.
- 17.10 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá leik **Norwich** og **Chelsea** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 18.00 **EM í frjálsum íþróttum innanhúss** á RÚV. Bein útsending frá EM í frjálsum íþróttum innanhúss í Madríd.
- 18.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Valencia** og **Real Madrid** í spænsku 1. deildinni í fótbolta.
- 20.50 **Ítalski boltinn** á Sýn. Útsending frá leik **Roma** og **Juventus** í ítölsku A-deildinni í fótbolta.
- 22.30 **Hnefaleikar** á Sýn. Útsending frá bardaga **Joel Casamayor** og **Diego Corrales**.
- 02.00 **Formúla 1** á RÚV. Upphitunarþáttur fyrir keppnistímabilið í Formúlu 1 kappakstrinum.
- 02.30 **Formúla 1** á RÚV. Bein útsending frá kappakstrinum í Melbourne í Ástralíu sem er sá fyrsti á þessu keppnistímabili.

Allar ásakanir um ölvunarakstur dregnar til baka:

# Eiður Smári var undir leyfilegum mörkum



**LÉTTIR** Eiði Smára var ábyggilega létt í gær þegar nafn hans var hreinsað.

**FÓTBOLTI** Allar ásakanir um meintan ölvunarakstur Eiðs Smára Guðjohnsen, leikmanns Chelsea og íslenska landsliðsins, voru dregnar til baka í gær eftir að blóðprufa leiddi í ljós að landsliðsfyrirliðinn var ekki yfir leyfilegum áfengismörkum.

Eins og flestum ætti að vera orðið kunnugt var Eiður Smári stöðvaður af lögreglu í síðasta mánuði um miðja nótt og færður í fangageymslur grunaður um ölvun við akstur. Það var ekki fyrr en í gær sem niðurstöður blóðprufu, sem tekin var þessa sömu nótt, bárust. Blóðprufan hreinsar nafn Eiðs Smára og hefur lögregla staðfest að hann muni ekki vera ákærður fyrir ölvunarakstur.

„Blóðprufan sem tekin var sýnir að ég var ekki yfir leyfilegum mörkum og þar af leiðandi er ljóst að ég framdi engin lögbrot umrædda nótt,“ sagði Eiður í gær en hann hélt ávallt fram sakleysi sínu í málinu.

„Nú þegar orðið er ljóst að ég gerði ekkert rangt vil ég þakka starfsfólki Chelsea og öllum öðrum þeim sem hafa sýnt mér ómetanlegan stuðning á síðustu vikum. Nú get ég leyft mér að hlakka til þess sem eftir er af leiktíðinni vitandi það að nafn mitt hefur verið hreinsað,“ sagði Eiður Smári jafnframt.








## STUÐ MILLI STRÍÐA ⋮ Fyllt upp í tómarúmið

**FREYR BJARNASON** SKRIFAR UM HRINGRÁS LÍFSINS OG ENDALOK IDOL


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Þegar eitthvað hverfur sjónum manns sem hefur átt hug manns allan kemur alltaf eitthvað annað í staðinn. Stundum er það eitthvað betra en stundum ekki. Er góður vinur hverfur af landi brott hleypur oftast annar í hans skarð sem er ekki síður skemmtilegur. Þegar toppleikmaður yfirgefur uppáhaldsfótboltaliðið kemur bara einhver annar og tekur upp þráðinn þó hann sýni kannski ekki alveg sömu taktana.

Lærdómurinn af þessu er sá að enginn er ómissandi því alltaf er eitthvað eða einhver til að taka við kyndlinum. Eldurinn heldur áfram að loga, bara á annan hátt. Söknuður af því sem fer getur því oft á tíðum breyst í gleði skömmu síðar, sem mann hafði ekki órað fyrir að gæti gerst.

Idolið hættir til að mynda bráðum og verður sjónarsviptir að þeirri keppni enda mikil stemmning sem fylgir henni. Í staðinn kemur þá eins og þruma úr heiðskíru lofti enginn annar en Hemmi Gunn með glænýjan sjónvarpsþátt þar sem tónlist er í fyrirrúmi. Spennandi, ekki satt? Þegar Hemmi hætti í sjónvarpinu á sínum tíma myndaðist smá tómarúm sem Gísli Marteinn fyllti nokkru síðar. Þó svo að hann sé ekki eins skemmtilegur og Hemmi hélt hann áfram að fá fræga fólkið í heimsókn, rétt eins og Hemmi hafði gert. Svipað gerðist í Bandaríkjunum þegar hinn gríðarvinsæli Johnny Carson hætti með spjallþátt sinn. Þá kom Jay Leno bara í staðinn og hann er hreint ekki svo slæmur. Það hefði verið gaman að sjá þá Gísla og Hemma keppa um áhorfið en ekkert verður víst af því, að minnsta kosti í bili.

Hemmi, Gísli, Carson og Leno eru eins og við öll hluti af risastóru tannhjóli sem snýst hring eftir hring, ár eftir ár eftir ár. Þegar ein tönnin dettur úr kemur önnur í staðinn, þannig er það bara. Endurnýjunin er alltaf fyrir hendi og því algjör óþarfi að örvænta þegar atburðir eins og endalok Idol skekja land og þjóð. ■

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott





WWW.IRONMAIDEN.COM
WWW.RR.IS
RR ehf í samstarfi við Sanctuary og K2 Agency kynna
IRON MAIDEN
EGILSHÖLLIN
7. JÚNÍ 2005
FYRSTU 5000 MIÐUNUM FYLGIR IRON MAIDEN PLAKAT
Eddie Rips Up
ICELAND
MIÐASALA A-MIÐAR
FORSALA HEFST SUNNUDAGINN 6. MARS KL. 12:30 HJÁ
ÍSLANDSBANKA KRINGLUNNI OG SMÁRALIND
WWW.FARFUGLINN.IS
PENNANUM AKRANESI OG VESTMANNAEYJUM
DAGSLJÓSI, AKUREYRI OG HLJÓÐHÚSINU SELFOSSI
ATHUGIÐ AÐ EINUNGIS MIÐAR Á A-SVÆÐI ERU SELDIR Í FORSÖLU
MIÐASALA Á B-SVÆÐI HEFST MÁNUDAGINN 7. MARS
MIÐAVERÐ Á A-SVÆÐI KR. 7.500,- B-SVÆÐI KR. 6.500,-
SKÍFAN
tilboð í Skífunni

# Skórnir fullkomna heildarmyndina

**Það eru engin nýmæli að kvenfólk hrífist af skófatnaði og sumar eiga það til að ljúga til um fjölda skópara ef þær eru spurðar. Ofurskutlurnar Inga Rósa, Helga Ólafs og Hanna Stína eiga allar dágóðan slatta af skóm og skammast sín ekki fyrir það. Þær eru líka með það alveg á hreinu hvað þær ætla að kaupa sér fyrir sumarið og hvernig tískustraumarnir liggja.**



Helga Ólafsdóttir sér um vöruþróum hjá Nikíta

## Var hrifnust af vaðstígvélum sem barn

Fatahönnuðurinn Helga Ólafsdóttir veit hvað klukkan slær þegar kemur að tískunni enda er tískan stór hluti af vinnunni hennar. Hún er, eins og margar aðrar skvísur, sérlega hrifin af skóm. Sem barn var hún þó lítið að spá í skótískuna og var hæstánægð með vaðstígvélin sín. Skódellan fór ekki að láta á sér kræla fyrr en á menntaskólaárunum en þá áttu silfurlitaðir hælaskór vinninginn og voru þeir notaðir bæði á skólaböllunum og á útskriftinni.

„Það eru bara einhverjir ótrúlegir töfrar yfir skóm. Þetta eru töfrar sem ég get ekki staðist," segir Helga. Háhælaðir skór eru líka í miklu uppáhaldi hjá henni. Hún segir að það fari aldrei framhjá henni þegar hún sér skó sem hana langar í.

Ég sé um leið hvort ég heillist af skónum eða ekki, ég er aldrei í vafa. Ég á tvenna uppáhaldsskó sem ég get ekki gert upp á milli. Aðra keypti ég síðasta sumar, hjartaskór frá Marc Jacobs. Það er eitthvað svo sexí við þá. Hitt parið keypti ég fyrir rúmlega 4 árum í London en þeir eru frá Miu Miu. Sama dag og ég keypti skóna kynntist ég kærastanum mínum og við höfum verið saman frá þeim degi, ég, kærastinn og skórnir," segir Helga og brosir út í annað. Það er mjög misjafnt hvað Helga kaupir sér mörg skópör í mánuði.

„Suma mánuði kaupi ég mörg pör og aðra mánuði enga (ég reyni að minnsta kosti að telja mér trú um það)."



Helga ferðast töluvert vegna starfsins og hefur hún komið þrisvar sinnum til Shanghai.

„Á markaðnum þar er hægt að finna æðislega skó. Annars finnst mér skemmtilegast að kaupa skó í Kaupmannahöfn, þar eru endalaust flottar skóbúðir."

Helga er alveg búin að skipuleggja vorinnkaupin þegar kemur að skóm.

„Næst á dagskrá er að kaupa skó í Verksmiðjunni frá Maríu Kristínu skóhönnuði. Ég er búin að ætla að gera það síðan í desember. Annars er bara að bíða eftir betra veðri svo ég geti farið að kaupa mér sandala og sæta sumarskó."

Inga Rósa Harðardóttir, verslunar- og innkaupastjóri í GS skóm

## Skóáhuginn byrjaði með L.A. Gear strigaskóm

Inga Rósa hefur verið forfallin skóáhugakona síðan hún eignaðist sína fyrstu L.A Gear skó þegar hún var 13 ára. Fólk af sömu kynslóð og Inga Rósa man að sjálfsögðu eftir þessum skóm en þeir voru mikil tískuvara á þeim tíma. Síðan þá hefur áhuginn farið sívaxandi. Núna er Inga Rósa í draumastarfinu þar sem hún bæði kaupir inn skó fyrir GS skó og stýrir skóbúðinni. Aðspurð hvað hún eigi mörg skópör segist hún hafa hætt að telja þegar pörin voru komin yfir 60.



Í augnablikinu eru gróf konníaksbrún stígvél í mestu uppáhaldi hjá henni. Þau eru með kubbslegum hæl og með bandi um ökklann.

„Þessi stígvél eru alveg geðveik. Ætli þau séu ekki í mestu uppáhaldi því þau passa við allt. Þau eru falleg við gallabuxur, pils og kjóla."

Að sögn Ingu Rósu skiptir miklu máli að fara vel með skóna sína.

„Ef ég ætla að dekra við skóna mína tala ég við þá. Það virkar alltaf," segir hún og hlær. Inga Rósa segir að það sé svolítið árstíðabundið hvað hún kaupi mikið af skóm.

„Mér finnst ég kaupa meira af skóm yfir vetrartímann, en það er kannski bara af því að það fer meira fyrir stígvélum en sandölunum sem ég kaupi mér yfir sumartímann. Ætli skókaupin séu ekki nokkuð jöfn yfir árið. Ég kaupi þó alltaf mest þegar það eru að koma inn nýjar vörur."



Inga Rósa kaupir mest af skóm á Íslandi og þá í GS skóm. Henni finnst þó alltaf jafn gaman að kíkja í Nota Bene í Kaupmannahöfn.

„Mér finnst Nota Bene æðisleg skóbúð og svo er alltaf gaman að hoppa inn í Shellys í London." Inga Rósa er farin að leggja drög að því hvað hún ætlar að kaupa sér fyrir vorið.

„Ég ætla að kaupa mér trésandala með fylltum hæl ásamt svokölluðum Jesúsandölum sem eru alveg flatir og reimaðir upp á ökklann. Ef ég þekki mig rétt kaupi ég örugglega nokkur pör af stígvélum. Ég er mjög spennt fyrir einum sem eru svolítið hippaleg með bollutá og breiðum hæl."




Jóhanna Kristín Ólafsdóttir innanhússarkitekt

## Innbyggða eðlið kallar á skó



Í Vesturbæ Reykjavíkur hefur fylgihlutadrottningin Jóhanna Kristín hreiðrað um sig eftir sínum eigin smekk. Hún hefur ástríðu fyrir öllu sem gleður augað og leggur mikið upp úr því að ekkert trufli fegurðarskynið. Þetta á við um allt, ekki bara heimilið. Hún á veglegt fatasafn og elskar skó og töskur.

„Mitt náttúrulega innbyggða eðli kallar á fagran skóbúnað og töskur. Ég veit ekki af hverju. Fyrir mér er þetta jafn sjálfsagt og að draga andann," segir Jóhanna Kristín. Hún segir jafnframt að hið kvenlega element sé svo sjarmerandi við skó og töskur.

„Þetta er eitthvað sem strákarnir geta ekki stolið frá okkur. Það er ekki til neitt kvenlegra en háhælaðir skór á fögrum ökkla eða falleg taska á öxl."



Skó- og töskuáhugi Jóhönnu Kristínar byrjaði fyrir alvöru þegar hún fór að hafa fjárráð til að geta leyft sér að kaupa skó sér til ánægju en ekki af illri nauðsyn. Í dag á hún stórt skósafn. Aðspurð um uppáhaldsskóna segist hún ekki gert upp á milli bestu vina sinna.

„Oftast eru nýjustu skórnir í mestu uppáhaldi en þetta er líka árstíðabundið. Ég verð þó að viðurkenna að ég hef alveg vaðið metraháa skafla í támjóum pinnahælum og skammast mín ekkert fyrir það," segir hún og hlær. Hún er þó ekki alltaf vaðandi í sköflum í pinnahælum og nú í vetur hefur hún mest verið í háum leðurstígvélum. Jóhanna Kristín kaupir sér oftast tvö skópör í mánuði og stundum kemur fyrir að hún kaupi fleiri. Henni finnst best að kaupa skó í Selfridges í London því þar er allt á einum stað.

„Ég fylgist vel með hvað er í gangi hverju sinni þó ég líti ekki alltaf út fyrir það. Ef ég hefði ótakmörkuð fjárráð væri ég í nýju dressi á hverjum degi," segir hún og hlær og vísar í stjörnu tvíburans sem hún er fædd í. Jóhanna Kristín er farin að spekúlera í sumartískunni og hún nokkurn veginn búin að gera sér hugmynd um hvað hún ætlar að kaupa sér fyrir vorið.

„Mig dreymir um Miu Miu krókódílatösku, pinnahæla frá Stellu McCartney og flottar gallabuxur. Svo fæ ég mér örugglega einhver flott belti og fullt af eyrnalokkum á stærð við ljósakrónur. Það kæmi mér heldur ekki á óvart að ég myndi kaupa mér stutta jakka í massavís."




# Ný verslun í Kringlunni

Í dag opnar verslunin Share á 2. hæð Kringlunnar. Þar fást vörur undir merkjum Share, Esprit, Jensen, Wearhouse, Merrytime, Calvin Klein, Triumph og Maidenform.

...með **150** verslanir, veitingastaði og þjónustuaðila.

Kringlan kappkostar að bjóða sem fjölbreyttast úrval af vöru og þjónustu í hæsta gæðaflokki.

**Við óskum Share til hamingju með nýju verslunina!**

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

| | **Mán.** til **mið.** | **Fimmtudagur** | **Föstudagur** | **Laugardagur** | **Sunnudagur** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Verslanir** | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| **Ævintýraland** | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |

**Veitingastaðir** og **Kringlubíó** eru með opið lengur á kvöldin.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS KRI 27627 03/2005




# ENN EITT DÆMIÐ UM YFIRBU

## STAÐALBÚNAÐUR:

- Vökvastýri
- Velti- og aðdráttarstýri
- Litað gler
- Útvarp/geislaspilari
- Hæðarstilling á bílstjórasæti
- Tvöfaldir styrktarbitar í hurðum
- 3 höfuðpúðar í aftursæti
- 4 öryggisloftpúðar
- Forstrekkjarar á bílbeltum að framan
- Þriggja punkta bílbelti fyrir alla farþega
- Skynjari fyrir líknarbelg í farþegasæti
- ABS ESP hemlavörn
- CDC skynvirkt fjöðrunarkerfi (Continuous Damping Control)
- Útihitamæli
- Frjókornasía í miðstöð
- Hæðarstilling á aðalljósum

(Aukahlutur á mynd: álfelgur)

Glitnir

Opel Astra fékk hæstu einkunn fyrir öryggi hjá EuroNcap

**AÐEINS 19.943 KR. Á MÁNUÐI**

Miðað við bílasamning Glitnis með 615.000 kr. útb. og eftirstöðvar í 84 mánuði.

Fiton/SÍA F012122




# RÐI ÞÝSKRA HEIMILISTÆKJA

## FRUMSÝNUM NÝJAN ASTRA CARAVAN UM HELGINA

Opel Astra Caravan hefur verið endurhannaður frá grunni. Hann er frábærlega búinn og ótrúlega þægilegur í umgengni, enda ætlaður í alla snúninga nútímaheimilisins. Hann er sterkur, rúmgóður og með pláss fyrir alla fjölskylduna – ekki bara þá sem sitja frammí. Innréttingin er falleg og vönduð og minnir á mun dýrari bíla. Hann er lipur og skemmtilegur í akstri. Hann er með allra öruggustu bílum í sínum stærðarflokki. Og hann bíður eftir þér hjá Ingvari Helgasyni. Komdu um helgina, gæddu þér á léttum veitingum og prófaðu nýjan Astra. Opið laugardag og sunnudag frá kl. 12-16.

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

# menning

menning@frettabladid.is

**!** **Kl. 17.00**

*Rússneski píanóleikarinn **Alexander Vaulin** heldur tónleika í sal Norræna hússins. Hann flytur þar verkin Frá tíma Holbergs eftir Edvard Grieg, Fantasíu op. 35 eftir Louis Glass, Kyllikki, Þrjú lýrísk verk op. 41 eftir Jean Sibelius og Sónata í g moll eftir Wilhelm Stenhammar.*

## Kaktusmjólk Kvenfélagsins Garps



Kvenfélagið Garpur er hópur nokkurra ungra leikkvenna sem í dag frumsýna spunaverkið Kaktusmjólk í Klink og Bank. Þetta er spunaverk sem unnið er upp úr textum eftir Beckett, Pinter, Söruh Kane og Matei Visniec. Tvær leikkonur koma fram í sýningunni, þær Maríanna Clara Lúthersdóttir og Sólveig Guðmundsdóttir, en leikstjóri er Graeme Maley frá Skotlandi. „Við flytjum þetta á ensku, einfaldlega vegna þess að við erum að vinna með texta sem erfitt er að þýða. Svo fannst okkur hrynjandinn svo góður í textunum á frummálinu, auk þess sem enskan passar mjög vel við efni verksins, þar sem fjallað er um eftirstöðvar stríðs," segir Sólveig Guðmundsdóttir. Ráðgerðar eru sjö sýningar á Kaktusmjólk í Klink og Bank. Kvenfélagið Garpur var stofnað vorið 2003 og fékk nýverið úthlutað styrk frá menntamálaráðuneytinu sem notaður verður til að setja upp nýtt verk áður en langt um líður.

### EKKI MISSA AF…

… sýningu **Vignis Jóhannssonar** í Hallgrímskirkju, sem opnuð verður í dag. Þar sýnir hann innsetninguna Sólstafi.

.. dagskrá á morgun í Þjóðmenningarhúsinu helgaðri **Davíð Stefánssyni**, sem er skáld mánaðarins. Þar mun **Gunnar Stefánsson**, dagskrárgerðarmaður hjá RÚV, fjalla um Davíð á yngri árum og Ítalíuför hans sérstaklega. Einnig syngur **Ólafur Kjartan Sigurðarson** við undirleik **Jónasar Ingimundarsonar**.

… **Nemendaóperu Söngskólans í Reykjavík**, þar sem 22 ungir söngvarar flytja rómantískar óperuperlur í Salnum í Kópavogi.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**CAMERARCTICA** Flytur tónlist eftir Paul Hindemith í Borgarleikhúsinu í dag.

# Haldið upp á Hindemith

„Við héldum Hindemith-hátíð fyrir tíu árum þegar hundrað ára afmælið hans var. Nú er komið að hundrað og tíu ára fæðingarafmælinu og við erum að endurnýja kynni okkar af honum," segir Ármann Helgason klarinettuleikari.

Hann ætlar ásamt félögum sínum í kammerhópnum Camerarctica að flytja þrjú verk eftir Hindemith á tónleikum í Borgarleikhúsinu í dag. Tónleikarnir hefjast klukkan 15.15, enda eru þeir liður í rómaðri tónleikaröð sem ber yfirskriftina 15.15.

„Hindemith var útskúfaður á sínum tíma, en ég held að menn eigi eftir að uppgötva hann aftur. Hann var mikill tónlistarmaður og á meistarastykki sem standa upp úr af því sem samið var á síðustu öld."

Á tónleikunum verða flutt þrjú verk eftir Hindemith. Eitt þeirra er kvintett fyrir klarinettu og strengi þar sem Ármann verður í aðalhlutverki með klarinettunni sinni.

„Það hefur staðið lengi til að flytja þennan kvintett, en hann er svo þrælsnúinn að það þarf miikla vinnu til að flytja hann."

Einnig verða fluttir tveir dúettar fyrir fiðlu og klarinettu, sem Hindemith samdi fyrir ungt fólk og hugsaði sér að þessi verk yrðu aðgengileg bæði fyrir spilara og áheyrendur.

Aðrir félagar í Camerarctica eru Hallfríður Ólafsdóttir á flautu, Hildigunnur Halldórsdóttir og Sigurlaug Eðvaldsdóttir á fiðlu, Guðrún Þórarinsdóttir á víólu og Sigurður Halldórsson á selló.

Tónleikarnir verða á Nýja sviðinu í Borgarleikhúsinu. ■

# Býr sig undir ógleymanlega tónleika

Tenórinn vinsæli, José Carreras, var ánægður með að vera kominn til Íslands á ný, en hann stoppar stutt á landinu að þessu sinni. Hann kom síðdegis á fimmtudag með einkaflugvél sinni og heldur af landi brott strax á morgun.

Hann segist þó ætla að leggja allt sitt í það að fólk geti átt ógleymanlega kvöldstund í Háskólabíói í kvöld.

Með í för eru nokkrir hljóðfæraleikarar frá Ítalíu, sem ætla að spila með honum á tónleikunum í kvöld. Þar er á ferðinni kvartett sem nefnir sig Nuovo Quartetto Italiano og píanóleikarinn Lorenzo Bavaj.

Á efnisskrá tónleikanna verða verk frá ýmsum löndum og ýmsum tímabilum, en að öllum líkindum ætlar hann ekki að syngja eina einustu óperuaríu. Söngvarinn er þeirrar skoðunar að óperutónlist þurfi helst að flytja eins og hún var skrifuð, með fullskipaðri Sinfóníuhljómsveit.

Með söngvaranum hingað til lands komu dóttir hans, Julia, og tengdasonur. Carreras hafði mikinn hug á að sýna þeim Ísland, þetta land sem hann heillaðist svo mjög af síðast þegar hann kom hingað. Julia og maður hennar hafa líka óspart notað tímann til að skoða landið, og sjálfur ætlar Carreras að reyna að bregða sér í stutta skoðunarferð í dag, væntanlega að Gullfossi og Geysi. ■



**JOSÉ Í REYKJAVÍK** Stórsöngvarinn fékk afdrep í Söngskólanum í Reykjavík til þess að æfa sig fyrir tónleikana í Háskólabíói í kvöld. Fréttablaðið/Teitur






# Sjö háskólar kynna sig

Sjö íslenskir háskólar verða með kynningu á námsframboði sínu á Stóra háskóladeginum í Borgarleikhúsinu í dag.

„Vertu viss um að þú verðir á réttri hillu" er yfirskrift kynningarinnar, þar sem fulltrúar verða frá Háskólanum á Akureyri, Hólaskóla, Kennaraháskóla Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands, Listaháskóla Íslands, Viðskiptaháskólanum á Bifröst og Háskólanum í Reykjavík, sem er nýr háskóli sem verður til við sameiningu Háskólans í Reykjavík og Tækniháskólans.

„Þetta er kjörið tækifæri fyrir alla til að koma og kynna sér nám í öllum þessum skólum á einum degi," segir Álfrún G. Guðrúnardóttir, sem er kynningarstjóri Listaháskóla Íslands. „Við hvetjum alla til að koma hvort sem þeir eru búnir að ákveða sig eða ekki."

Frá hverjum háskóla sjá bæði nemendur og kennarar, námsráðgjafar og kynningarstjórar um kynninguna í anddyri Borgarleikhússins, þar sem búast má við líflegu umhverfi. Einnig verður dagskrá á Litla sviðinu frá klukkan 11.30 þar sem hver háskóli fær hálftíma til þess að kynna einhverja spennandi þætti í námsframboðinu.



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

**ÁLFRÚN OG ÁSDÍS ÝR** Þær eru fulltrúar tveggja af þeim sjö háskólum sem kynna starfsemi sína í Borgarleikhúsinu í dag.

Sem dæmi má nefna að fulltrúi Kennaraháskólans ætlar að skýra frá því af hverju það er skemmtilegt að vera íþróttakennari og fulltrúi Viðskiptaháskólans segir frá því hvers vegna það er skemmtilegt að vera stjórnandi eða leiðtogi. Frá Landbúnaðarháskólanum koma skýringar á því hvers vegna landslagsarkitektúr er kenndur við landbúnaðarháskóla og svo verður Listaháskólinn með kynningu á B.A. námi í leiklist, sem er nýjung á Íslandi.

„Við höfum hingað til bara verið með fjögurra ára leikaranám, og það heldur áfram, en þetta nýja nám verður sambland af fræðum og framkvæmd," segir Álfrún.

Kynning verður á Háskólanum í Reykjavík, sem strax frá næsta hausti býður upp á nám í fjórum deildum: viðskiptadeild, lagadeild, kennslufræði- og lýðheilsudeild og loks tækni- og verkfræðideild.

„Innan verkfræðinnar munum við til dæmis bjóða nýjar greinar sem ekki hafa sést áður á Íslandi, svo sem heilbrigðisverkfræði og fjármálaverkfræði," segir Ásdís Ýr Pétursdóttir, sem er verkefnastjóri á markaðs og kynningarsviði Háskólans í Reykjavík. ■




Á sunnudaginn opnar ný stóla- og kláfalyfta í Bláfjöllum. Lyftan er sú fullkomnasta sem sett hefur verið upp hér á landi og hafa fjölmargir aðilar, innlendir sem erlendir, komið að byggingu hennar. Lyftan getur flutt 2.200 manns á klukkustund og hver ferð tekur einungis tvær og hálfa mínútu.

Forseti Íslands mun ræsa lyftuna á morgun, 6. mars, kl. 11:00. Í kjölfarið verður fjölbreytt dagskrá í Bláfjöllum fyrir alla fjölskylduna. Sjáumst í brekkunum.

**Ókeypis skíðakennsla og frítt í allar lyftur í tilefni dagsins.**
**Leiktæki fyrir börnin og margt fleira.**

**Skemmtileg dagskrá!**

Orkuveita Reykjavíkur

ORION RÁÐGJÖF EHF. SNJÓ- OG VINDVERKFRÆÐI

Esso

ÍTR

SKÍÐASVÆÐIN
www.skidasvaedi.is

# Grágletttin stjórnmál

**LEIKLIST**

VALGEIR SKAGFJÖRÐ

Borgarleikhúsið í samvinnu við Hið lifandi leikhús

**American diplomacy**

**Höfundur og leikstjóri**: Þorleifur Örn Arnarsson **Leikmynd og búningar**: Drífa Ármannsdóttir **Lýsing**: Geir Magnússon **Leikarar**: Hjálmar Hjálmarsson, Björk Jakobsdóttir, Eline McKay, Ólafur S.K.Þorvaldz, Ævar Þór Benediktsson ásamt nokkrum meðlimum úr Stúdentaleikhúsinu.

**Niðurstaða**: Hjálmar Hjálmarsson bar sýninguna uppi með hárfínum línudansi og tókst að vera bæði tragísk og kómísk persóna mitt í öllu havaríinu.



**AMERICAN DIPLOMACY** Leikrit Þorleifs Arnar Arnarssonar er sýnt í Borgarleikhúsinu.

Það er alltaf ánægjulegt þegar ungir menn vilja segja eitthvað í leikhúsi og ef þeim liggur nógu mikið á hjarta þá er vísast að eitthvað kemur út úr því á endanum.

Þorleifur Örn er tiltölulega nýútskrifaður leikari en hefur sett upp nokkrar leiksýningar með ágætum árangri. Hér sleppir hann leikskáldinu í sér lausu í því augnamiði að stinga á kýlum í samfélagsins. Til þess notar hann satíruna í anda Dario Fo og bresku sitcom hefðarinnar sem ól m.a. af sér hina sívinsælu þætti „Já ráðherra“ í sjónvarpinu hér á árum áður.

Hann brýtur þó leikritið upp annað slagið með samtalssenum þar sem ráðherrann er á einhvers konar eintali við sinn „innri mann“ eða tákngerving hins jarðbundna íslenska alþýðumanns í brúnni lopapeysu og endar svo á því að strípa allt saman, svipta hulunni af blekkingunni og sýna áhorfendum hina köldu staðreynd um stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu.

Íslensk pólitík er hér dregin sundur og saman í háði en samt er alvarlegur undirtónn og því miður örlar of oft á því að höfundurinn er að trana sér fram fyrir verkið með meiningar og skoðanir sem hann vill troða ofan í kokið á áhorfendum. Hann segir stundum alltof mikið.

Engu að síður er ég viss um að Þorleifur á eftir að dafna sem leikhúshöfundur og sannarlega fær hann plús í kladdann fyrir að hrista upp í okkur sem stöndum oftast eins og fé í réttum sem bíður slátrunar í stað þess að temja okkur gagnrýna hugsun og láta okkur varða það sem fram fer í okkar þjóðfélagi.

Hið napra háð er sterkt vopn í höndum þess sem kann með það að fara og fyrir minn smekk hefði ég viljað sjá farsann keyrðan alla leið því farsinn lýtur sínum eigin lögmálum og er alltaf hárbeittur. Þorleifur hefði mátt þétta textann hér og hvar og hleypa verkinu oftar á skeið en hann gerði í þessari sýningu.

Leikararnir standa sig allir með prýði og að öðrum ólöstuðum verður að segjast eins og er að Hjálmar Hjálmarsson bar sýninguna uppi með hárfínum línudansi og tókst að vera bæði tragísk og kómísk persóna mitt í öllu havaríinu. Hann var eins og sambland af öllum þeim pólitíkusum sem birtast með reglulegu millibili á skjánum að segja okkur sömu þreyttu klisjurnar með reglulegu millibili til að við getum þakkað þeim fyrir lífskjör okkar með reglulegu millibili og kosið þá yfir okkur með reglulegu millibili til að þeir geti tekið okkur í r.... með reglulegu millibili.

Báðar leikkonurnar, Björk og Eline, gera vel og þakklátt að þær skuli hafa annað hlutverk en að matreiða brandarana ofan í strákana eins og svo oft vill verða. Ólaf Þorvaldz hef ég ekki áður séð á sviði en hann stóð sig prýðilega. Einkum var hann góður í bandaríska sendifulltrúanum. Hefði ekki verið smart ef höfundurinn hefði sjálfur stigið á svið og leikið stíllistann? Þetta litla hlutverk var þokkalega af hendi leyst hjá Ævari en það er ekki gott að blanda svona saman áhugaleikurum og atvinnuleikurum.

Búningarnir voru við hæfi og meira að segja leikmyndin í sínum natúralisma, svona yfirnáttúrulega ungmennafélagslega hallærisleg fór í heilan hring og varð töff og smart þegar upp var staðið. Ég vil ekki eyðileggja fyrir væntanlegum áhorfendum með því að ljóstra of miklu upp en á margan hátt á þessi sýning brýnt erindi við okkur.

- 17.00 **Ingólfur Arnarsson** sýnir teikningar í Safni, Laugavegi 37. Einnig verða sýnd verk eftir sjö listamenn Frá hinu forvitnilega gallerii, Pierogi, í New York.
- 18.00 **Snorri Ásmundsson** opnar sýningu sína, **Bloody Beauty**, í Bananas, Laugavegi 80. Sýningin er bönnuð börnum innan 18 ára.
- Sýningin **Farfugarnir**, sem er samsýning á verkum sex norrænna myndlistarmanna frá Danmörku, Finnlandi og Íslandi, verður opnuð í sýningarsölum Norræna hússins.

## SKEMMTANIR

- 20.30 **Breiðfirðingakórinn** verður með skemmtun í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Söngur, gamanmál, happdrætti og dans.
- Á Broadway verður sngkabarettinn **Með næstum allt á hreinu**. Einnig dansleikur með **Milljónamæringunum**.
- Sveiflukóngurinn **Geirmundur Valtýsson** leikur fyrir dansi í Vélsmiðjunni á Akureyri.
- **Spilafíklarnir** skemmta á Dubliner.

## FYRIRLESTRAR

- 12.00 Á sjöunda laugardagsfundi Reykjavíkurakademíunnar um Virkjun lands og þjóðar verður fjallað um eignarhald og hugsanlega einkavæðingu Landsvirkjunar. **Steingrímur Ari Arason, Sigurður Jóhannesson, Valgerður Sverrisdóttir** og **Helgi Hjörvar** halda stutt framsöguerindi.
- 13.00 **Berglind Jóhannsdóttir** tannlæknir ver doktorsritgerð sína „Tíðni bitskekkju, form og stærðir andlitsbeina og erfðastuðull barna við foreldra sína á íslandi“ í Hátíðarsal Háskóla Íslands.

## FUNDIR

- 09.00 **Hvar er barnamenningin?** nefnist málþing í Gerðubergi á vegum Barnamenningarsjóðs þar sem **Ármann Jakobsson, Ragnheiður Gestsdóttir, Ragnheiður Þórarinsdóttir, Þorvaldur Þorsteinsson** og **Þórunn Sigurðardóttir** flytja erindi.

## SAMKOMUR

- 11.00 Dagur Tónlistarskólans á Akureyri hefst klukkan 11 með tónleikaröð í Ketilhúsinu sem stendur til 16.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.






















## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Geena Davis** mun leika fyrsta kvenforseta Bandaríkjanna í nýrri sjónvarpsþáttaröð sem kallast Commander-in-Chief. Ef fyrsti þátturinn, sem sýndur verður á ABC-sjónvarpsstöðinni, nær nægum vinsældum þá verður honum ætlað að keppa við West Wing, þátt NBC. „Ef Geena er sýnd sem klár og harður leiðtogi þá hugsa ég að það gæti hjálpað við að breyta skoðunum almennings á kvenleiðtogum. Hins vegar verði hún sýnd sem móðir sem hugsar aðeins um börnin þá gæti það frekar haft neikvæð áhrif,“ sagði June Speakman, prófessor við Roger Williams-háskólann í Rhode Island.



**Brooklyn Beckham** fékk eyrnalokka að andvirði 25.000 punda í afmælisgjöf. Brooklyn, sem varð sex ára í gær, fékk demantseyrnalokka eins og pabbi hans á. Strákurinn átti afmæli í gær og leigði Victoria trúð, sjónhverfingamann og eldgleypi til þess að skemmta í afmælinu. „Brooklyn dýrkar föður sinn og vill vera eins og hann. David og Victoria ákváðu því að gefa honum eitthvað virkilega sérstakt í afmælisgjöf því árið hefur verið erfitt fyrir fjölskylduna,“ sagði heimildarmaður.



■ TÓNLIST



**HENRIK BJÖRNSSON** Henrik og félagar í Singapore Sling verða á Grandrokk í kvöld.

# Fyrstu tónleikar ársins

Rokksveitin Singapore Sling heldur tónleika á Grandrokk í kvöld og hefjast þeir á miðnætti. Þetta eru fyrstu tónleikar sveitarinnar síðan á Airwaves-hátíðinni á síðasta ári ef frá eru taldir leynitónleikar á 11-unni um síðustu helgi þar sem eingöngu var notast við trommuheila. DJ Musician, sem heitir réttu nafni Pétur Eyvindsson, mun hita upp fyrir Singapore Sling og hefur hann teknóleik sinn um klukkan 23.30.

Tveir nýir meðlimir hafa gengið til liðs við Singapore Sling. Bíbí, sem áður var í Kolrössu krókríðandi, leikur á bassa og Hákon Aðalsteinsson á gítar. Gústi verður síðan á hristunum auk þess sem Þórir verður á trommunum að öllum líkindum í síðasta sinn. Aðgangseyrir í kvöld er 500 krónur. ■

























**UPPISTAND**

# Þorsteinn og Pétur hita upp

Tveir af vinsælustu grínistum landsins, Þorsteinn Guðmundsson og Pétur Jóhann Sigfússon, munu hita upp á báðum sýningum Eddie Izzard hérlendis í næstu viku. Izzard er einn fremsti uppistandari heims og því hlýtur það að teljast nokkur heiður fyrir þá félaga að fá að hita upp fyrir kappann.

Eftir að seldist upp á seinni sýningu Izzard hefur umframeftirspurn eftir miðum verið gríðarleg. Með smá tilfærslum á Broadway hefur tekist að koma fyrir 50 manns í viðbót á hvora sýningu og verða þeir miðar eingöngu seldir í Skífunni. Hefst miðasalan í dag klukkan 10. Það verður margt góðra gesta á sýningum Izzard. Pilobolus-danssflokkurinn, sem kemur til landsins á fimmtudag, hefur ákveðið að skella sér á sýninguna um kvöldið. Enn fremur verða eigendur fyrirtækisins sem skipuleggur Norðurlandatúrinn með Eddie Izzard á svæðinu. Um er að ræða Breta sem eru nokkuð umsvifamiklir í þessum bransa. Þeir hafa áhuga á að skoða íslensku uppistandarana sem og að ræða frekara samstarf við Event ehf., bæði um innflutning fleiri öflugra grínista hingað til lands sem og samstarf á Norðurlöndunum. ■



**ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON** Þorsteinn Guðmundsson mun hita upp fyrir Eddie Izzard ásamt Pétri Jóhann Sigfússyni.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Jennifer Lopez** neitar sögusögnum um að hún sé ólétt. Hún mætti í þröngum fötum í spjallþátt í New York um daginn og leit mjög vel út. Stjórnandinn spurði hana um óléttuna. „Ég held ég hafi verið ólétt um það bil sautján sinnum samkvæmt slúðurblöðunum," sagði Lopez. Um hjónaband sitt og söngvarans Marc Anthony sagði hún að allt væri yndislegt.




www.toyota.is

Takmarkað magn - ótakmörkuð gæði



**Corolla Sedan**

*Verð frá:* **1.240.000** kr.

*Einkaleiga Glitnis:* Frá **28.999** kr. á mán.*

*Bílasamningur Glitnis:* Frá **19.772** kr. á mán.**

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 27417 02/2005

## Eigð´ann eða leigð´ann

Nú gefst þér kostur á að eignast Corolla Sedan 1,4l hjá Toyota betri notuðum bílum. Takmarkað magn í boði. Nýttu þér áhyggjulaus og örugg bílaviðskipti. Allir notaðir bílar hjá okkur fara í gegnum strangt skoðunarferli.

* m.v. 24 mán.
** m.v. 50% erlenda mynt og 50% krónur og 20% útborgun.

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR **TOYOTA**

Áhyggjulaus og örugg bílaviðskipti - strangt skoðunarferli, 14 daga skiptiréttur, ókeypis skoðun eftir 1000 km, allt að 1 árs ábyrgð.
Skoðaðu úrvalið á Nýbýlavegi 4, á www.toyota.is eða hringdu í 570 5070.

## STÖÐ 2 BÍÓ



**The Naked Gun.** Frank Drebin þarf að klófesta ópokka sem ætla að ryða Elísabetu drottningu úr vegi.

**6.00** Emil í Kattholti **8.00** Hvítir mávar **10.00** The Naked Gun **12.00** Stealing Harvard **14.00** Emil í Kattholti **16.00** Hvítir mávar **18.00** The Naked Gun **20.00** Stealing Harvard **22.00** Bodywork (Stranglega bönnuð börnum) **0.00** Megido: The Omega Code 2 (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Thunderbolt (Bönnuð börnum) **4.00** Bodywork (Stranglega bönnuð börnum)

## AKSJÓN

**7.15** Korter **21.00** Bravó **22.15** Korter

## OMEGA

**7.00** Blandað efni **9.00** Jimmy Swaggart **10.00** Billy Graham **11.00** Robert Schuller **12.00** Maríusystur **12.30** Blandað efni **13.00** Fíladelfía **14.00** Kvöldljós **15.00** Ísrael í dag **16.00** Acts Full Gospel **16.30** Blandað efni **17.00** Samverustund (e) **18.00** Robert Schuller **19.00** Jimmy Swaggart **20.00** Billy Graham **21.00** Believers Christian Fellowship **22.00** Kvöldljós **23.00** Robert Schuller **0.00** Nætursjónvarp

## POPP TÍVÍ

**14.00** Sjáðu (e) **16.00** Game TV (e) **17.00** Íslenski popp listinn (e)

# Í TÆKINU

**EVA LEIKUR Í 2 FAST 2 FURIOUS Á STÖÐ 2 KL. 21.15 Í KVÖLD.**

# *Hóf ferilinn í Aerosmith-myndbandi*

Eva Mendes fæddist 5. mars árið 1974 í Houston í Texas. Foreldrar hennar eru báðir frá Kúbu og var uppeldi Evu mjög sérstakt þar sem þau fluttu á milli, til dæmis til Miami og Los Angeles, þegar Eva var enn ung en Eva er yngst fjögurra systkina. Eva útskrifaðist úr Herbert Hoover miðskólanum í Glendale í Kaliforníu.

Eva fékk tækifæri þegar vinur hennar sem er ljósmyndari sendi mynd af henni til umboðsskrifstofu og innan fárra daga fékk hún áheyrnarprufu. Eva var þá í námi í markaðsfræði í háskóla í Kaliforníu en hætti í skóla til að reyna fyrir sér í leiklistinni. Hún byrjaði ferilinn í auglýsingum og eins og margar af okkar ástsælustu leikkonum, eins og Liv Tyler og Alicia Silverstone, í Aerosmith-myndbandi.

Eva fékk fyrsta stóra tækifærið í kvikmyndinni Children of the Corn V: Fields of Terror og eftir það fékk hún smáhlutverk í A Night at the Roxbury, Urban Legends: Final Cut og Exit Wounds.

Stjarna Evu í Hollywood reis allsvakalega þegar hún fékk hlutverk á móti Denzel Washington í Training Day árið 2001. Síðan þá hefur hún fengið hlutverk í myndum eins og 2 Fast 2 Furious, Once Upon a Time in Mexico og Out of Time. Íslendingar geta séð hana þessa dagana í bíóhúsum í myndinni Hitch þar sem hún leikur á móti Will Smith.

Eva elskar innanhússhönnun og myndi reyna fyrir sér í þeim bransa ef hún hætti að leika. Önnur áhugamál hennar eru tónlist og íþróttir af ýmsu tagi eins og hjólreiðar, skíði og fjallgöngur.



**Þrjár bestu myndir Evu:** **Training Day** – 2001. **Out of Time** – 2003. **Hitch** – 2005.





NETTILBOÐ Á STÖÐ 2

Þú horfir á Stöð 2 og Stöð 2-Bíó til 5. maí og borgar aðeins **1.090 kr.** á viku.



Farðu inn á stod2.is og tryggðu þér frábæra dagskrá!




**22.50, 2.30** *Kappakstur*

**Formúla 1. Seinni tímatakan í Melbourne er á dagskrá klukkan 22.50 en sjálfur kappaksturinn er á dagskrá klukkan 2.30.**



**21.15** *Bíó*

**2 Fast 2 Furious. Hasarmynd um ökuþórinn Brian O'Connor sem þeysist um götu Miami og lendir í vandræðum.**



**17.10** *Enski boltinn*

**Norwich – Chelsea. Ætli Eiður Smári slái í gegn á vellinum í dag? Chelsea verður að vinna til að tryggja sér forystu.**

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Brandur lögga **8.12** Bubbi byggir **8.22** Brummi **8.35** Fræknir ferðalangar **9.02** Ævintýri H.C Andersens **9.28** Gæludýr úr geimnum **9.58** Siggi og Gunnar **10.03** Stundin okkar **10.32** Krakkar á ferð og flugi **11.00** Kastljósið **11.25** Óp **11.50** Formúla 1

**13.10** EM í frjálsum íþróttum innanhúss **14.10** Íslandsmótið í handbolta. Bein útsending frá leik ÍR og KA í karlaflokki. **15.50** EM í frjálsum íþróttum innanhúss **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** EM í frjálsum íþróttum innanhúss

**18.54** **Lottó**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40** **Laugardagskvöld með Gísla Marteini** Gísli Marteinn Baldursson tekur á móti gestum í myndveri Sjónvarpsins. Stjórn upptöku: Egill Eðvarðsson.
**20.30** **Spaugstofan** Karl Ágúst, Pálmi, Sigurður, Randver og Örn bregða á leik. Stjórn upptöku: Björn Emilsson. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**21.00** **Móðir** (Mother) Bandarísk gamanmynd frá 1996 um taugaveiklaðan og tvífráskilinn vísindaskáldsagnahöfund sem flytur inn til mömmu sinnar til að leita lausnar á vandamálum sínum. Leikstjóri er Albert Brooks og meðal leikenda eru Debbie Reynolds, Rob Morrow, Laura Weekes og Albert Brooks.
**22.50** **Formúla 1** Bein útsending frá seinni tímatöku fyrir kappaksturinn í Melbourne. Umsjónarmaður er Gunnlaugur Rögnvaldsson.

**0.00** Fjölskyldugáta (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára. e) **2.00** Formúla 1. Upphitunarþáttur. **2.30** Formúla 1. Bein útsending frá kappakstrinum í Melbourne. **5.00** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Svampur, Í Erlilborg, Sullukollar, Barney 4 – 5, Með Afa, Véla Villi, Beyblade, When Good Ghouls Go Bad)

**12.00** Bold and the Beautiful **13.45** Idol – Stjörnuleit (e) **15.10** Idol – Stjörnuleit (e) **15.35** Joey (3:24) **16.05** Sjálfstætt fólk (e) **16.55** Oprah Winfrey **17.40** 60 Minutes (e)

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.54** **Lottó**
**19.00** **Íþróttir og veður**
**19.15** **Whose Line Is it Anyway? 3**
**19.40** **The Junction Boys** (Ruðningur dauðans) Dramatísk sjónvarpsmynd sem gerist rétt eftir miðja síðustu öld. Paul Bryant er ruðningsþjálfari sem er harður í horn að taka. Hann er ráðinn til að snúa við ömurlegu gengi háskólaliðs í Texas. Bryant kallar um hundrað stráka til æfinga og lætur þá púla sem aldrei fyrr. Þjálfarinn stendur undir nafni sem sannkallaður harðjaxl og strákarnir gefast upp einn af öðrum. Aðalhlutverk: Ron Berenger, Fletcher Humhrys, Ryan Kwanten. Leikstjóri: Mike Robe. 2002.
**21.15** **2 Fast 2 Furious** (Ofvirk og óttalaus 2) Ökuþórinn Brian O'Connor hefur flutt sig um set og þeysir nú um götur Miami. En fjörið varir ekki lengi því Brian er gómaður og lögreglan setur honum úrslitakosti. Hann fær nýtt hlutverk sem er engu hættuminna en hrað-aksturinn á strætum borgarinnar. Til að bjarga eigin skinni þarf ökuþórinn að fletta ofan af voldugum eiturlyfjabaróni sem svífst einskis. Aðalhlutverk: Paul Walker, Tyrese, Eva Mendes, Cole Hauser. Leikstjóri: John Singleton. 2003. Bönnuð börnum.

**23.00** My Best Friend's Wedding **0.40** Turn It Up (Stranglega bönnuð börnum) **2.05** Vatel **3.45** Fréttir Stöðvar 2 **4.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**12.05** Upphitun (e) **12.40** Aston Villa – Middlesbrough **14.40** Á vellinum með Snorra Má **15.00** Newcastle – Liverpool **17.10** Norwich – Chelsea

**19.00** **Fólk – með Sirrý (e)** Sirrý tekur á móti gestum í sjónvarpssal og slær á létta jafnt sem dramatíska strengi í umfjöllunum sínum um það sem hæst ber hverju sinni.
**20.00** **Law & Order** Bandarískur þáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Rannsókn á dauða skokkara sem var drepin af grimmum hundi leiðir lögregluna á spor fanga í Attica, lögmanns hans og hóps sem efnir til hundabardaga.
**21.00** **Internal Affairs** Hinn ungi og metnaðarfulli Raymond Avila starfar í innra eftirliti lögregludeildar Los Angeles-borgar. Hann rannsakar mál þar sem grunur leikur á að lögregluþjónn standi í fjármálabraski. Með aðalhlutverk fara Andy Garcia, Richard Gere og Nancy Travis.
**22.45** **The Swan (e)** Cindy er 32 ára gömul móðir. Hún er með stórt nef. Hún þurfti því alltaf að leika nornina í skólaleikritum og hafði það slæm áhrif á sjálfsmynd hennar. Tawnya er fertug móðir frá Colorado. Síðustu þrjú ár hefur hún upplifað ýmsar hörmungar. Bróðir hennar dó, eiginmaður hennar bað um skilnað og hún var rekin úr vinnu.

**23.30** Jack & Bobby (e) **0.15** The Specialist **2.00** Tvöfaldur Jay Leno (e) **3.30** Óstöðvandi tónlist

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**13.00** Biathlon: World Championship Hochfilzen Austria **14.30** Nordic Combined Skiing: World Cup Lahti Finland **14.45** Ski Jumping: World Cup Lahti **15.15** Ski Jumping: World Cup Lahti Finland **17.00** Athletics: European Indoor Championships Madrid Spain **19.30** Snooker: Irish Masters **22.00** Xtreme Sports: Yoz Mag **22.30** Tennis: WTA Tournament Dubai **23.30** News: Eurosportnews Report **23.45** Xtreme Sports: Winter X-games United States **0.45** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**
**12.30** Doctors **13.00** Doctors **13.30** Doctors **14.00** Teletubbies **14.25** Tweenies **14.45** Bits & Bobs **15.00** Step Inside **15.10** Andy Pandy **15.15** The Story Makers **15.35** The Story Makers **15.55** The Really Wild Show **16.20** Blue Peter Flies the World **16.45** S Club 7: Viva S Club **17.10** Top of the Pops **17.40** I'd Do Anything **18.40** Casualty **19.30** Tamzin Outhwaite Goes Wild with Dolphins **20.30** John Wayne **21.30** Happiness **22.00** Shooting Stars **22.30** Linda Green **23.00** Linda Green **23.30** Top of the Pops **0.00** My Family and Autism **1.00** Studies in Music: 1750 – 2000 **1.30** Wide Sargasso Sea

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Dambusters **13.00** The Thousand Plane Raid **15.00** Howard Hughes – The Real Aviator **16.00** Air Crash Investigation **17.00** Alien Big Cats **18.00** Battlefront **18.30** Battlefront **19.00** Castro **20.00** Castro **21.00** Cuba **23.00** Bombing of England **23.30** In Which We Serve

**ANIMAL PLANET**
**13.00** The African King **14.00** Savage Paradise **15.00** The Crocodile Hunter Diaries **16.00** Crocodile Hunter **17.00** Pet Star **18.00** King of the Jungle **19.00** Born Among Bushmen and Lions **20.00** Talking with Animals – Open Worlds **21.00** Killer Jobs **22.00** The Jeff Corwin Experience **23.00** Giant Monsters **1.00** The African King

**DISCOVERY**
**12.00** Dangerman **13.00** The Greatest Grand Central Terminal **14.00** Extreme Engineering **15.00** Dream Machines **15.30** Ultimate Cars **16.00** Building the Ultimate **16.30** Massive Machines **17.00** Dead Men's Tales **18.00** Hitler's Women **19.00** Ultimate Ten **20.00** American Chopper **21.00** Rides **22.00** Super Racers **23.00** Trauma – Life in the ER **0.00** Psychopaths **1.00** Rides

**MTV**
**12.00** Britney Spears Weekend Music Mix **12.30** All Eyes on Britney Spears **13.00** Making the Video **13.30** Britney Spears Weekend Music Mix **14.00** Becoming **14.30** Fanography **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Globally Dismissed **17.00** Dance Floor Chart **18.00** European Top 20 **19.00** The Fabulous Life of **19.30** Britney Gets MTV'd **20.00** Viva La Bam **20.30** The Assistant **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Dirty Sanchez **22.30** MTV Mash **23.00** Just See MTV **2.00** Chill Out Zone **4.00** Just See MTV

**VH1**
**12.00** Flab to Fab **13.00** 10 Best Bods All Access **14.00** How the Stars Get Hot **15.00** Flab to Fab **16.00** 20 -1 Hottest Hotties **17.00** Dating Do it Like a SuperStar **17.30** Plastic Surgery Land **18.00** Celebrity Diets **19.00** Flab to Fab **20.00** Remaking Vince Neil **21.00** How the Stars Get Hot **22.00** Viva la Disco

**CLUB**
**12.15** The Stylists **12.45** Anything I Can Do **13.10** Hollywood One on One **13.35** Spectacular Spas **14.05** The Race **14.55** Weddings **15.20** Fantasy Open House **15.45** Matchmaker **16.15** Cheaters **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** The Stylists **18.20** Anything I Can Do **18.45** The Race **19.40** The Roseanne Show **20.25** Matchmaker **20.50** Hollywood One on One **21.15** What Men Want **21.40** Cheaters **22.25** City Hospital

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** Awards Fashion Police **13.00** 101 Most Starlicious Makeovers **14.00** 101 Most Starlicious Makeovers **15.00** The 2005 Academy Awards Wrap-Up **15.30** MJ Project **16.00** The E! True Hollywood Story **18.00** Live from the Red Carpet **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** Life is Great with Brooke Burke **21.30** MJ Project **22.00** Awards Fashion Police **23.00** Scream Play **0.00** MJ Project **0.30** MJ Project **1.00** The E! True Hollywood Story

**BBC FOOD**
**12.00** Chef at Large **12.30** Nancy Lam **13.00** Nancy Lam **13.30** Ready Steady Cook **14.00** A Cook's Tour **14.30** The Great Canadian Food Show **15.00** Can't Cook Won't Cook **15.30** Dinner in a Box **16.00** Dinner in a Box **16.30** Ready Steady Cook **17.00** James Martin Delicious **17.30** Worrall Thompson **18.00** Food Source **18.30** Tamasin's Weekends **19.00** Jancis Robinson's Wine Course **19.30** The Thirsty Traveller **20.00** The Italian Kitchen **20.30** Rocco's Dolce Vita **21.00** Jamie Oliver's Pukka Tukka **21.30** Floyd's India **22.00** Who'll Do the Pudding? **22.30** Ready Steady Cook

**CARTOON NETWORK**
**12.05** Top Cat **12.30** Looney Tunes **12.55** Tom and Jerry **13.20** The Flintstones **13.45** Scooby-Doo **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** The Powerpuff Girls **15.00** Codename: Kids Next Door **15.25** Dexter's Laboratory **15.50** Samurai Jack **16.15** Courage the Cowardly Dog **16.30** The Man Called Flintstone **17.55** Tom and Jerry **18.20** The Flintstones **18.45** Wacky Races

**JETIX**
**12.05** Braceface **12.30** Lizzie Mcguire **12.55** Totally Spies **13.20** Digimon I **13.45** Inspector Gadget **14.10** Iznogoud **14.35** Life With Louie **15.00** Three Friends and Jerry II **15.15** Jacob Two Two **15.40** Ubos **16.05** Goosebumps **16.30** Goosebumps

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**LAUGARDAGSKVÖLD** *Sjónvarpið* **kl. 19.40**

### *Stuð á Stuðmönnum*

***Nýjasta mynd Stuðmanna heitir Í takt við tímann.***

Liðsmenn hinnar sívinsælu hljómsveitar Stuðmanna verða gestir Gísla Marteins Baldurssonar í þætti hans í kvöld. Ferill hljómsveitarinnar verður rakinn í grófum dráttum frá fyrstu plötunni til þeirrar nýjustu, spjallað við tónlistarmennina og þeir taka lagið og auk þess verða sýnd brot úr bíómyndunum sem þeir hafa gert. Stuðmenn hafa verið í fararbroddi í íslenskri skemmtitónlist allar götur síðan fyrsta plata þeirra, Sumar á Sýrlandi, kom út fyrir margt löngu og eru alltaf jafnsprækir. Nú eru þeir líka í útrásarhug og ætla að halda tónleika í Royal Albert Hall seinna í mánuðinum.



Stuðmenn.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I'm the Milky Way Man, and I know everything!"**

**Svar:** Sam úr kvikmyndinni Addicted to Love frá árinu 1997.



**14.00**

*Íþróttir*

**Meistaradeildin í handbolta. Átta liða úrslit en Íslendingar eiga tvo fulltrúa í keppninni, Ólaf Stefánsson og Loga Geirsson.**

## SÝN

**11.20** UEFA Champions League (Meistaradeildin – (E))

**13.00** Heimsbikarinn á skíðum **13.30** Motorworld **14.00** Meistaradeildin í handbolta. Bein útsending frá fyrri leik Lemgo og Celje Lasko í 8 liða úrslitum. **15.55** World Supercross **16.50** Spænski boltinn. Bein útsending frá leik Osasuna og Barcelona.

**18.50 Spænski boltinn** (Valencia – Real Madrid) Bein útsending frá leik Valencia og Real Madrid. Eftir frábært gengi í ársbyrjun hefur heldur hallað undan fæti hjá Zidane og félögum. Tveir tapleikir í röð hafa veikt stöðu liðsins í toppbaráttunni og Real Madrid er nú áttastigum á eftir Barcelona. Valencia, meistarar síðasta árs, þurfa líka sannarlega á stigunum að halda en félagið berst nú um sæti í Meistaradeildinni.

**20.50 Ítalski boltinn** (Roma – Juventus) Útsending frá leik Roma og Juventus. Gestirnir deila toppsætinum með AC Milan og fram undan er spennandi einvígi þessara tveggja stórliða um meistaratitilinn. Roma gæti hæglega sett strik í reikninginn hjá Juventus en á góðum degi geta Rómverjar unnið hvaða lið sem er. Viðureign Roma og Juvents var í beinni á Sýn 2 klukkan 19.25 í kvöld.

**22.30 Hnefaleikar** (Joel Casamayor – Diego Corrales) Útsending frá hnefaleikakeppni í Connecticut. Á meðal þeirra sem mættust voru fjarðurvigtarkappararnir Joel Casamayor og Diego Corrales. Áður á dagskrá 13. mars 2004.

**MGM**

**13.20** White Lightning **15.00** Submarine X-1 **16.30** Cool Change **18.00** Dr. Blood's Coffin **19.30** The Winter People **21.10** Hard Choices **22.40** 633 Squadron **0.15** Easy Money **1.50** The Program **3.45** Tale of Ruby Rose

**TCM**

**20.00** Jailhouse Rock **21.35** The Fountainhead **23.25** The Law and Jake Wade **0.50** The Subterraneans **2.20** Red Dust **3.40** Murder at the Gallop

**HALLMARK**

**12.15** Is There Life Out There? **13.45** Snow White **15.15** The Old Curiosity Shop **17.00** Escape from Wildcat Canyon **18.45** Just Cause **19.30** 10.5 **21.00** 3 A.M. **22.30** The Passion of Ayn Rand

**DR1**

**12.05** Stjerne for en aften – vinderen **12.30** Jeg så det land **13.30** Danish Music Awards 2005 **14.00** Danish Music Awards 2005 **14.30** Ungefair **15.00** Boogie Listen **16.10** Hil Odin! Hil Thor! **16.40** F¢r s¢ndagen **16.50** Held og Lotto **17.00** Pip og Papeg¢je **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.05** Mr. Bean **18.30** Når Tigeren får bistandshjælp **19.00** Danish Music Awards 2005 **20.25** Danish Music Awards 2005 **21.25** Columbo **22.40** Den fjerde tenor **0.15** Boogie Listen

**SV1**

**12.00** Antikrundan **13.00** Saltön **14.00** Så ska det låta **15.00** Inför Vasaloppet **16.00** Friidrott: Inomhus-EM Madrid **17.15** BoliBompa **17.16** Apan Osvald **17.30** Allt och lite till **18.00** Livet enligt Rosa **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Melodifestivalen 2005 – deltävling 4 **20.30** Kalla spår **21.15** Daniel Deronda **22.10** Rapport **22.15** Sixties **22.45** Älska mig bort! **0.45** Sändningar från SVT24

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Bílaþáttur, umsjón Leó M. Jónsson. **10.03** Laugardagsmorgunn, umsjón Eiríkur Jónsson.

**12.10** Hádegisútvarpið – Fréttatengt efni í umsjón Kristjáns Hjálmarssonar og Þórarins Þórarinssonar. **13.00** Sögur af fólki, umsjón Róbert Marshall **15.03** Fókus e.

**16.00** Viðtalsþáttur Sigurðar G. Tómassonar e. **17.03** Frjálsar hendur Illuga Jökulssonar e. **18.00** Úr fylgsnum fyrri aldar eftir sr. Friðrik Eggertz e. **19.00** Endurtekin dagskrá dagsins.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Samfélagið í nærmynd **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.15** Af heimaslóðum **11.00** Í vikulokin

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Til allra átta **14.30** Hólaskóli – stóriðja Skagafjarðar **15.45** Íslenskt mál **16.10** Orð skulu standa **17.00** Rökkurrokk

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Rölt á milli grafa **19.00** Íslensk tónskáld **19.40** Stefnumót **20.15** Flugufótur **21.05** Fimm fjórðu **22.25** Ég er innundir hjá meyjunum

**23.10** Danslög

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.08** Með grátt í vöngum

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ-senan **22.10** Næturgalinn

**2.03** Næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Reykjavík Síðdegis - Það Besta Úr Vikunni **9.00** Sunnudagsmorgunn á Bylgjunni

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** N á tali hjá Hemma Gunn

**18.30** Kvöldfréttir **19.00** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**12.40** MEINHORNIÐ

**13.00** FRELSIÐ **14.00** Torfi Geirmundsson hársnyrtir – þáttur um hár og hárhirðu **15.00** Áfengisforvarnarþáttur

**16.00** Endurflutningur frá liðinni viku.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying






## HRÓSIÐ

*...fær Hemmi Gunn sem ætlar að byrja aftur með eigin þátt í sjónvarpi eftir langt hlé.*

## INNI



**Augnskuggastíll níunda áratugarins.** Á þessum tíma var ekki í tísku að spara augnskuggann. Eftir augnskuggaæðið fóru konurnar að minnka augnskugganotkunina og skyggingarnar tóku við. Núna hins vegar sést augnskugganotkun í anda níunda áratugarins meira og meira og í stað þess að skyggja með augnskugganum er allt augnlokið þakið með skugga. Ekki er þó fallegt að hafa litinn mjög dökkan.



**Leður í lit.** Leðurjakkar í dökkbláu, rauðu, gulbrúnu, grænu eða fjólubláu eru svakalega töff og poppa fötin mun meira upp en sá svarti klassíski. Einnig er gasalega gordjöss að spranga um í litríkum leðurstígvélum, sérstaklega núna þegar fer að líða að vori.



**Litríkir og munstraðir klútar** eru frábær leið til þess að krydda upp fatnað. Flott er að binda þá lauslega um hálsinn og leyfa þeim að flaksa í vorgolunni. Stórt blómamunstur er samt eitthvað sem ber að forðast því klútarnir mega ekki verða of kellingalegir.

## ÚTI



**Allt í stíl.** Vinsælt er þegar til dæmis keyptir eru skór að kaupa tösku eða annað í sama lit. Til þess að vera í stíl. Gul taska og gul húfa í stíl. Grænn bolur og grænir sokkar í stíl. Í tísku dagsins í dag er þetta frekar lummó og fátt hallærislegra en að vera svona kirfilega steyptur í stíl. Frjálslegar og furðulegar litasamsetningar eru miklu meira töff.



**Óhófleg notkun á förðunarvörum**. Klessulegur maskari, skær varalitur, dökk lína í kringum augun, meikklessur og dökkur augnskuggi. Nei, þetta er alls ekki flott og þó að oft sé gaman að mála sig pínu meira þegar planið er að fara eitthvað fínt þá er það „less is more“ reglan sem gildir. Flestum strákum þykir líka stelpur sem mála sig of mikið ekkert smart!



**Blómateygjur.** Á sumrin virðast blómateygjurnar spretta upp eins og mýflugur úti um allt. Gerviblóm í hárinu og jafnvel á bak við eyrað. Það getur ekki verið að þetta verði aftur kúl. Þetta er algjörlega búið og senjorítupælingarnar verða ekkert töff í sumar.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | 5 |
| 6 | | | ■ | 7 | |
| 8 | ■ | 9 | | | |
| | ■ | 10 | | | ■ |
| ■ | 11 | ■ | 12 | | 13 |
| 14 | | | ■ | 15 | |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | | | ■ | |

**Lárétt:** **1** semja, **6** kostur, **7** á nótu, **8** drykkur, **9** skelfing, **10** rándýr, **12** sjór, **14** sár, **15** kyrrð, **16** belti, **17** bandvefur, **18** nudda.

**Lóðrétt:** **1** köld, **2** frostskemmd, **3** fisk, **4** á ferli á daginn, **5** elska, **9** óheft, **11** lítil flaska, **13** drykkjumaður, **14** ósk, **17** átt.

**Lausn**

**Lárétt:** **1** skálda, **6** val, **7** an, **8** öl, **9** ógn, **10** úlf, **12** mar, **14** ben, **15** ró, **16** ól, **17** sin, **18** niða. **Lóðrétt:** **1** svöl, **2** kal, **3** ál, **4** dagfari, **5** ann, **9** ólm, **11** peli, **13** róni, **14** bón, **17** sa.




Quick Slim

Einföld og áhrifarík leið til grenningar

Tilboð í:

Lyf&heilsa

Apótek Vestmannaeyja
Árbæjarapótek
Garðsapótek
Siglufjarðar Apótek
Hagkaup Smáralind




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HVÍL Í FRIÐI Valur Gunnarsson við gröf Bubbaplatnanna tuttugu sem hann jarðaði fyrir skömmu.

VALUR GUNNARSSON: JARÐAÐI TUTTUGU BUBBAPLÖTUR

# Jakkalakkar eignast gúanóið

Ekki eru allir á eitt sáttir við þá óvæntu ákvörðun Bubba Morthens um að selja tryggingafyrirtækinu Sjóvá-Almennum höfundarréttinn af öllum verkum sínum fyrir tugi milljónir króna.

Valur Gunnarsson, ritstjóri Reykjavík Grapevine, er einn af þeim sem hefur blöskrað ákvörðun Bubba og ákvað að efna til nokkuð sérstakra mótmæla á dögunum. Valur tók með sér tuttugu Bubbaplötur sem hann átti og jarðaði þær á planinu þar sem frystihúsið Ísbjörninn var eitt sinn til húsa. Orti Bubbi einmitt um það á fyrstu plötu sinni, Ísbjarnarblús. Ásamt því að jarða plöturnar lagði Valur hvíta rós ofan á þær „til minnis um listamanninn Bubba Morthens sem illa fór fyrir,“ eins og hann orðar það.

„Mér finnst heimurinn kominn til andskotans ef maður þarf að útskýra að maður sem hefur verið maður fólksins og verkalýðsins sé allt í einu búinn að selja allt sem hann hefur búið til í hendur tryggingafyrirtækis,“ segir Valur, sem telur að Bubbi sé búinn að selja sálu sína.

„Hann gerði það reyndar fyrir löngu en núna hefur hann dæmt allt marklaust sem hann hefur sagt í gegnum tíðina. Öll hans vinna fer beint í vasa tryggingafyrirtækis sem þýðir endanlegan sigur jakkalakka yfir gúanórokkaranum. Ég hef verið aðdáandi Bubba lengi og maður hefur fyrirgefið honum ýmislegt en nú er tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens endanlega búinn,“ segir hann.

Valur undrast lítil viðbrögð almennings við þessu uppátæki Bubba. „Það versta við þetta er hvað engum finnst neitt að þessu. Fyrir löngu síðan táknaði rokkið eitthvað. Við eigum rétt á því að gera þannig kröfur til listamanna okkar að verk þeirra tákni eitthvað; ef ekki hafa þeir engan tilgang.“

**freyr@frettabladid.is**


LOFTLEIÐAÆVINTÝRIÐ

Kvikmyndir & ljósmyndir

Heimildarmyndir ehf. vinna að gerð kvikmyndar um Alfreð Elíasson stofnanda og forstjóra Loftleiða. Alfreð var einstakur frumkvöðull og viðskiptajöfur sem af fádæma dugnaði og útsjónarsemi byggði upp, ásamt samstarfsfólki sínu, fyrirtæki sem var um tíma þrefalt stærra en togarafloti Íslands samanlagður.



Alfreð Elíasson

Þeir sem eiga eða vita um kvikmyndir eða ljósmyndir af Alfreð og Loftleiðum (flugvélum, samstarfsfólki, stemmningunni o.fl.) eru vinsamlega beðnir að hafa samband við Sigurgeir Orra í síma 897 1984 eða Kristjönu Millu í síma 564 1530. Að gefnu tilefni er rétt að taka fram að aðrir aðilar vinna líka að mynd um Loftleiðir.

Heimildarmyndir

sigurgeirorri@mac.com :: kmth@isl.is


# Samfés sættist við Mínus

Kristján Frosti Logason, gítarleikari rokksveitarinnar Mínus, heimsótti fyrir skömmu svokallaða Rokksmiðju sem Samfés, Samtök félagsmiðstöðva á Íslandi, stóð fyrir. Það þykir tíðindum sæta að meðlimur Mínuss hafi verið fenginn í heimsókn hjá Samfés því hljómsveitin hefur ekki verið í náðinni hjá samtökunum eftir að viðtöl við meðlimi sveitarinnar birtust í rokktímaritunum Rock Sound og Bang.

Í viðtölunum töluðu meðlimir Mínuss heldur frjálslega um eiturlyf og fór það fyrir brjóstið á stjórn Samfés. Mínus átti að leika á Samfésballi í byrjun síðasta árs og fóru forsvarsmenn samtakanna þess á leit að meðlimir sveitarinnar skrifuðu undir samning þar sem þeir lýstu því yfir að hafa aldrei neitt eiturlyfja. Mínus neitaði að skrifa undir samninginn og lagði annan samning fram. Forsvarsmenn Samfés sættust ekki á þann samning og fór svo að hljómsveitin lék ekki á ballinu.



**FROSTI Í ROKKSMIÐJU** Gítarleikarinn hitti unga og efnilega rokkara í Rokksmiðju Samfés.

„Við höfum aldrei haft neitt á móti persónunum í Mínus,“ sagði Hafsteinn Snæland, framkvæmdastjóri Samfés, spurður út í heimsókn Frosta í Rokksmiðjuna.

Vel virðist hafa farið á með Frosta og unglingunum því eins og gítarleikarinn segir sjálfur í dagbókarfærslu á heimasíðu sveitarinnar: „Þar var ótrúlega mikið af hæfileikaríkum rokkurum sem við eigum eftir að sjá mikið af í framtíðinni, er ég viss um.“ ■


LAGERSALA
Fyrstur kemur fyrstur fær
tölvukassar
kr. 790,-
tölvuskjáir
! AFSLÁTTUR 20.000,-
sjónvörp
! AFSLÁTTUR 60.000,-
DVD upptökutæki
! AFSLÁTTUR 20.000,-
plasmasjónvarp
! AFSLÁTTUR 200.000,-
heimabíó
! AFSLÁTTUR 60.000,-
ferðatæki
AFSLÁTTUR 50%
tölvur
! AFSLÁTTUR 60.000,-
mýs
! AFSLÁTTUR 90%
geislaspilarar
! 50%
lyklaborð
! AFSLÁTTUR 40%
símar
kr. 2.900,-
MP3 spilarar
! AFSLÁTTUR 50%
ALLT Á AÐ SELJAST!
Nýjar vörur á lagersölunni
Takmarkað magn!
kaffivélar
kr. 6.900,-
þvottavélar
! AFSLÁTTUR 30.000,-
þurrkarar
! AFSLÁTTUR 20.000,-
uppþvottavélar
! AFSLÁTTUR 10.000,-
eldavélar
! AFSLÁTTUR 15.000,-
ryksugur
kr. 5.900,-
blek, tóner, pappír
! AFSLÁTTUR 50 - 90%
skrifanlegir CD og DVD
! AFSLÁTTUR 60%
töskur
! AFSLÁTTUR 50%
leikir og tónlist
! AFSLÁTTUR 99%
5.1 stafrænar myndavélar
kr. 5.900,-
expert
Skútuvogi 2, sími 522 9000, www.expert.is
Opið virka daga kl. 11.00 - 18.30 / laugardaga kl. 10.00 - 18.00 / sunnudaga kl. 13.00 - 17.00
Birt með fyrirvara um villur. Myndirnar í auglýsingunni eru ekki endilega af vörum á rýmingarsölunni

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR — SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000







BAKÞANKAR


GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR


## Jú jú

Jú jú. Ég væri hugsanlega, kannski, ef til vill, mögulega, jafnvel til í að íhuga það hvort ekki væri skynsamlegt að uppfylltum ákveðnum forsendum og með hliðsjón af því að viss þróun mála verði á hagstæðan veg á komandi árum og með tilliti til þess hvort ákveðnum fyrirframskilgreindum markmiðum verður náð og að tryggt verði að þjóðarbúið muni að fullu njóta góðs af þeim ákvörðunum sem teknar verða og að hér fari ekki allt í kalda kol heldur upphefjist mikið blómaskeið, að Íslendingar gangi, í kjölfar viðræðna þar sem áhersla verður lögð á að allt gangi þessari þjóð að óskum og að skilyrðum hennar verði að fullu mætt, í Evrópusambandið.

**HINS** vegar er alveg kristaltært í mínum huga að ef aðild að Evrópusambandinu þýðir – og ég endurtek þetta: Ef aðild að Evrópusambandinu þýðir að hér fari allt norður og niður í efnahagslegu tilliti og að þýskir pylsuframleiðendur leggi undir sig fiskimiðin í krafti reglugerðarriddaranna í Brussel sem ekki geta einu sinni borðað agúrku eða snýtt sér í vasaklút án þess að skrifa fyrst um það reglugerð í þrjátíu liðum með 100 blaðsíðna viðauka og ef aðild þýðir að þjóðin geti ekki lengur um frjálst höfuð strokið heldur þurfi að hlýta duttlungum portúgalskra og spænskra kaþólikka í siðferðismálum þannig að hér megi til að mynda ekki lengur stunda kynlíf fyrir hjónaband út af samræmdri evrópustefnu og að pólsk yfirvaraskegg verði hluti af lögbundnu útliti allra evrópskra karlmanna, að þá er ég alfarið á móti aðild Íslands að sambandinu. Alfarið.

**ÞETTA** er alveg kristaltært. Ef aðild er góð er ég til. Ef hún er vond er ég ekki til. Þessi afstaða mín í málinu er algerlega ófrjávíkjanleg og ég mun aldrei, ég endurtek, aldrei hvika frá henni. Reyndar hef ég lengi verið þeirrar skoðunar að svona sé þetta með mjög margt í mannlífinu yfir höfuð: Ef eitthvað er gott er ástæða til að taka afstöðu með því. Ef það er vont er full ástæða til að taka afstöðu gegn því. Þetta er bjargföst trú mín og á þessu hef ég byggt lífsskilning minn um langt árabil. Langt árabil.

**SPURT ER:** Eigum við Íslendingar að sækja um í Evrópusambandið? Þetta er stór og mikilvæg spurning, hér er í mörg horn að líta, og ég vil leyfa mér að svara henni með eftirfarandi hætti: Jú jú. Ég væri hugsanlega, kannski, ef til vill, mögulega, jafnvel til í að íhuga það hvort ekki væri skynsamlegt að uppfylltum ákveðnum forsendum og með hliðsjón af því að viss þróun mála verði á hagstæðan veg á komandi árum og með tilliti til þess hvort ákveðnum fyrirframskilgreindum markmiðum verður náð og að tryggt verði að þjóðarbúið muni að fullu njóta góðs af þeim ákvörðunum sem teknar verða.... o.sv.frv. (Endurtakið hringinn aftur og aftur. Endalaust).


